


Ársskýrsla 2001



Persónuvernd

Ársskýrsla 2001

Ársskýrsla 2001



Persónuvernd

FORMÁLI FORSTJÓRA



Persónuvernd starfar á grundvelli laga sem voru samþykkt frá Alþingi þann 10. maí 2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Markmið laga þessara er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins. Skýrsla þessi, sem er birt samkvæmt 7. tl. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, er fyrsta skýrsla Persónuverndar frá því að hún tók til starfa þann 1. janúar 2001.


Forveri Persónuverndar var tölvunefnd sem starfaði á grundvelli laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, en hún hafði um 20 ára skeið verið vistuð í dómsmálaráðuneytinu. Nafngiftin tölvunefnd reyndist vera misvísandi. Val á nafni fyrir hina nýju stofnun var erfitt. Ef til vill hefði nafnið „Stofnun um öryggi og vandaða vinnsluhætti við meðferð persónuupplýsinga í því skyni að tryggja einkalífsvernd“ lýst hlutverkinu best, en nafnið Persónuvernd þótti liprara og varð því fyrir valinu.

Helsta verkefni Persónuverndar á fyrsta starfsári hennar var að kynna efni hinna nýju laga og þær breytingar sem í þeim fólust. Þetta var gert með birtingu aughlýsinga og fjölþættu námskeiða- og fundahaldi. Í öðru lagi reyndist umfangsmikið það verkefni að byggja upp hina nýju stofnun vegna þess að samhliða varð að semja frá grunni regluverk um daglega starfsemi hennar. Er hér einkum átt við setningu almennra stjórnvaldsreglna, s.s. um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu, um aðferðir við öflun upplýsts samþykkis fyrir vinnslu persónuupplýsinga í vísindarannsóknnum, um öryggi við vinnslu persónuupplýsinga o.fl. Þá kom stofnunin að undirbúningi breytingar sem gerð var á lögnum á árinu. Loks fólst veruleg vinna fyrsta starfsársins í afgreiðslu á óskum rekrstarleyfishafa gagnagrunns á heilbrigðisviði um breytingar á gildandi öryggiskilmálum fyrir gagnagrunninn, auk þess sem stofnunin hleypti af stökkunum formlegri úttekt á öryggi hans.

Í umfjöllun um árið 2001 verður ekki undan því vikist að fjalla um atburði 11. september þegar eitt skelfilegasta hryðjuverk sögunnar var framið, árásin á Tvíburaturnana í New York og bandaríska varnarmálaráðuneytið í Washington. Öll þráum við að lifa í öruggu samfélagi. En við verðum að geta þess að bregðast við með yfirveguðum hætti og að ganga ekki svo langt að leiði til varanlegrar skerðingar á einkalífsrétti okkar og þar með einstaklingsfrelsi. Í kjölfar hryðjuverkanna höfðu margir á orði að heimurinn hefði breyst þann dag. En er það rétt? Hefur heimurinn breyst? Það sem ef til vill hefur breyst er að nú gerum við okkur betur grein fyrir ógninni og getum ákveðið hvernig við viljum bregðast við henni. En höfum ávallt hugann við það til hvers viðbrögð okkar geta leitt þegar fram líða stundir. Gætum þess að innleiða ekki reglur sem við í hita augnablikisins teljum vera af hinu góða, en geta snúist upp í andhverfu sína og jafnvel verið notaðar gegn okkur í framtíðinni. Auðvitað verður það regluverk sem við setjum að uppfylla þarfir samtímans en það verður þó að vera sniðið eftir þeirri sérstöku hættu sem því er ætlað að afstýra - vera í réttu hlutfalli við þá ógn sem er til staðar. Ef við förnum langtímaþrangri okkar á sviði mannréttindabaráttu er hætt við að við séum einmitt að færa illvirkjunum sigurinn á silfurfati.

Samfara því kynningarstarfi sem ég nefndi hér að framan átti sér stað mikil umræða um mikilvægi einkalífsverndar í nútíma samfélagi. Við sem stóðum að þessu verkefni, og teljum okkur vera í hópi varðmanna einkalífsréttarins, urðum oft vör við ákveðinn ótta fólks, jafnvel uppgjafartón. Margir virtust óttast að atburðir 11. september, samblíða stóraukinni tækniþróun og möguleikum til vinnslu persónuupplýsinga, hefðu þrengt svo að friðhelgi einkalífs manna að möguleikar þeirra til þess að lifa einkalífi, þ.e. án þess að einkahagir þeirra væru öllum aðgengilegir og jafnvel bornir á torg í óþökk þeirra, væru í raun að engu orðnir. Það er hins vegar von okkar, sem stöndum að þessari nýju stofnun, að hún muni geta reynst þeim vanda vaxin að standa vörð um einkalífsréttinn og samblíða orðið upplýsingasamfélaginu góður liðsmaður.



Sigrún Jóhannesdóttir,
forstjóri



EFNISYFIRLIT

1. Stofnunin Persónuvernd	
1.1. Um starfsemi og hlutverk stofnunarinnar	9
1.2. Stjórn og starfsfólk stofnunarinnar	10
1.3. Um kostnað af starfi stofnunarinnar	10
2. Erlent samstarf	
2.1. Norrænt samstarf	13
2.2. Starf sameiginlegu eftirlitsnefndar Schengen samstarfsins	13
2.3. Vinnuhópur samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/ESB	13
2.4. Þátttaka í starfi Evrópuráðsins	13
2.5. Vorfundur evrópskra persónuverndarstofnana	13
2.6. Alþjóðaráðstefna persónuverndarstofnana	14
2.7. Annað	14
3. Afgreidd erindi á árinu 2001.	
3.1. Almennit yfirlit yfir afgreidd erindi á árinu	15
3.2. Einstakar afgreiðslur	15
3.2.1. Veitt starfsleyfi	15
3.2.2. Heimildir veittar á grundvelli skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000	15
3.2.3. Einstakar heimildir til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við framkvæmd vísindarannsóknna á heilbrigðissviði	16
3.3. Gagnagrunnur á heilbrigðissviði	21
3.4. Nánar um nokkur mál, einstaka úrskurði, álit og aðrar afgreiðslur	21
3.4.1. Upplýsingar sendar frá Tollstjóranum í Reykjavík til vinnuveitanda	21
3.4.2. Útgáfa á sérstökum greiðslukortum frá Reiknistofu bankanna og Íslandsbanka–FBA	28
4. Lög og reglur	
4.1. Almennit um efni laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga	33
4.1.1. Gildissvið laganna og skilgreiningar	33
4.1.2. Viðmiðunarreglur um lögmæta vinnslu persónuupplýsinga.	34
4.1.3. Réttindi hins skráða / skyldur ábyrgðaraðila.	34
4.1.4. Tilkynningar	35
4.1.5. Leyfi til vinnslu	36
4.1.6. Öryggisreglur	37
4.1.7. Hlutverk vinnsluaðila	37

4.2. Lög nr. 77/2000, með breytingum sem voru gerðar á árinu 2001, sbr. l. 90/2001	38
4.3. Stjórnvaldsreglur sem stofnunin setti á árinu 2001	52
4.3.1. Tilkyninga- og leyfisreglur:	
Reglur nr. 90/2001 um tilkynningarskylda og leyfsskylda vinnslu persónuupplýsinga . .	52
4.3.2. Samþykkisreglur:	
Reglur nr. 170/2001 um það hvernig afla skal upplýsts samþykkis fyrir vinnslu persónuupplýsinga í vísindarannsókn á heilbrigðissviði	54
4.3.3. Öryggisreglur:	
Reglur nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga	59
4.3.4. Lífsýnareglur:	
Reglur Persónuverndar nr. 918/2001 um öryggi við meðferð og varðveislu lífsýna í lífsýnasöfnum	62
4.3.5. Leiðbeiningar um tölvupóst o.þ.h.:	
Leiðbeiningar Persónuverndar nr. 1001/2001 um eftirlit vinnuveitenda með tölvupósts- og netnotkun starfsmanna	64
4.4. Aðrar stjórnvaldsreglur er varða persónuupplýsingar settar á árinu 2001	66
4.4.1. Reglugerð nr. 246/2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust	66
4.4.2. Reglugerð nr. 134/2001 um vörslu og nýtingu lífsýna í lífsýnasöfnum	69
4.4.3. Reglugerð nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu	74
5. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995	79
um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.	



1. Stofnunin Persónuvernd

1.1. Um starfsemi og hlutverk stofnunarinnar

Persónuvernd er opinber stofnun sem annast eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000 (hér eftir nefnd pvl.) og reglna sem settar hafa verið og settar verða samkvæmt þeim.

Í lögum eru talin upp helstu verkefni Persónuverndar. Þau eru að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum og gefa fyrirmæli varðandi tækni, öryggi og skipulag vinnslu persónuupplýsinga. Enn fremur er Persónuvernd ætlað að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga, fylgjast með þróun á sviði persónuupplýsingaverndar, jafnt á erlend- um vettvangi sem innlendum, aðstoða við gerð starfs- og siðareglna og leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar um persónuvernd og þróa kerfi fyrir slíka vinnslu.

Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp koma um vinnslu persónuupplýsinga. Hún getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við reglur settar samkvæmt þeim eða einstök fyrirmæli. Persónuvernd getur tjáð sig um álitamál varðandi meðferð persónuupplýsinga og veitt umsagnir við setningu laga og reglna er þýðingu hafa fyrir einkalífsrétt manna.

Ef kostnaður hlýst af eftirliti Persónuverndar með því að ábyrgðaraðili uppfylli skilyrði pvl. og reglna sem settar eru samkvæmt þeim, eða ef kostnaður hlýst af úttekt á öryggi vinnslu persónuupplýsinga, getur Persónuvernd ákveðið að ábyrgðaraðili greiði þann kostnað.

Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt. Hún getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum. Stofnunin getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skráð eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar.

Ef fram fer vinnsla persónuupplýsinga sem brýtur í bága við ákvæði laganna eða reglna settar samkvæmt þeim getur Persónuvernd falið lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi og innsigla starfsstöð hans þegar í stað.

Persónuvernd getur ákveðið að leggja dagsektir á þann sem ekki sinnir fyrirmælum um eyðingu persónuupplýsinga, bann við notkun kennitölu, notkun persónuupplýsinga eða stöðvun vinnslu.

Brot á ákvæðum pvl. og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar. Ef brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum fésekt samkvæmt II. kafla A almennra hegningarlaga.

Persónuvernd hefur skrifstofu að Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík, sími: 510 9600, fax: 510 9606, netfang: postur@personuvernd.is.

Á heimasíðu stofnunarinnar, www.personuvernd.is, er m.a. að finna lög nr. 77/2000, upplýsingar um Persónuvernd, tilkynningareyðublað sem senda má beint af heimasíðunni reglur sem stofnunin hefur sett, auk ýmislegs er lýtur að starfsemi hennar.

1.2. Stjórn og starfsfólk stofnunarinnar

Formaður stjórnar Persónuverndar er Páll Hreinsson, prófessor. Varaformaður er Valtýr Sigurðsson, héraðsdómari. Auk þeirra sátu í stjórn, árið 2001 þau Guðbjörg Sigurðardóttir, deildarstjóri í forsætisráðuneytinu, tilnefnd af Skýrslutæknifélagi Íslands, Haraldur Briem, sóttvarnalæknir, tilnefndur af Hæstarétti Íslands og Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor. Varamenn: eru Erla S. Árnadóttir, lögfræðingur, Gunnar Thoroddsen, lögfræðingur, Vilhelmína Haraldsdóttir, læknir, Óskar B. Hauksson, verkfræðingur. og Dagný Halldórsdóttir, verkfræðingur.

Starfsmenn stofnunarinnar á árinu 2001 voru Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri, Hörður H. Helgason, Margrét Steinarsdóttir, Elsa S. Þorkelsdóttir, Bjarni Eiríksson, lögfræðingar og Erla Björgvinsdóttir, skrifstofustjóri.

1.3. Um kostnað af starfi stofnunarinnar

Fjárveitingar í fjárlögum til Persónuverndar 2001 námu samtals kr. 42,5 millj. Framlagið var síðan hækkað um 1 millj. kr. vegna launahækkana. Framlag úr ríkissjóði nam þannig í heild kr. 43,5 millj. Í lok ársins 2000 hafði Persónuvernd ráðstafað kr. 17,3 millj. minna til útgjalda en heimildir gerðu ráð fyrir.

Kostnaður af starfi stjórnar var kr. 4.838.439. Kostnaður af starfi stofnunarinnar var kr. 44.198.579; þar af eignakaup kr. 1.330.025. Launakostnaður stofnunarinnar var kr. 21.519.318. Ferða- og dvalarkostnaður erlendis var 2.377.960. Kostnaður vegna úttektar á gagnagrunni á heilbrigðissviði kr. 18.697.787. Stofnunin er í húsnæði í eigu Fasteigna ríkissjóðs og greiddi stofnunin kr. 1.599.868 fyrir húsaleigu árið 2001. Fasteinagjöld og tryggingar eru innifalin.

Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum á árinu 2001 námu samtals 44,2 millj. kr. og urðu tæplega 700 þús. kr. hærri en ríkisframlag ársins eða 1,6%.

Eftirfarandi er samanburður á fjárheimildum og rekstri:

Fjárhæðir í þús. kr.	Fjárheimild	Reikningur
Almennur rekstur	43.500	44.199

Rekstrarreikningur sundurliðaður eftir tegundum

Rekstrarreikningur sundurliðaður	Reikningur
Launagjöld	26.357.757
Önnur rekstrargjöld og fjármagnsliðir	41.330.954
Tekjur	-24.820.157
Rekstrargjöld samtals	42.868.554
Eignakaup	1.330.025
Samtals	44.198.579

Sértekjur



Tekjur Persónuverndar eru innheimtar á grundvelli laga og reglna en samkvæmt 37. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga getur Persónuvernd ákveðið að sá sem ber ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga skuli greiða þann kostnað sem hlýst af eftirliti með því að

hann fullnægi skilyrðum framangreindra laga og reglna sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirætlum. Persónuvernd getur einnig ákveðið að ábyrgðaraðili greiði kostnað við úttekt á starfsemi við undirbúning útgáfu vinnsluleysis og annarrar afgreiðslu. Ábyrgðaraðili er sá aðili sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna.

Tekjur vegna ársins 2001 eru aðallega tilkomnar vegna eftirlitsgjalds með gagnagrunni á heilbrigðissviði. Samkvæmt 39. gr. reglugerðar nr. 32/2000 um gagnagrunn á heilbrigðissviði ber rekstrarleyfishafa gagnagrunns á heilbrigðissviði að standa undir öllum kostnaði sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, starfrækslunefnd, tölvunefnd (./Persónuvernd), þverfagleg síðanefnd og landlæknir hafa af hlutverki því, sem þessum aðilum er falið að sinna samkvæmt ákvæðum laga nr. 139/1998 um gagnagrunn á heilbrigðissviði, umræddrar reglugerðar eða rekstrarleyfi um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði. Nánar tiltekið segir í ákvæðinu að eftir lok hvers mánaðar skuli ríkissjóður gera rekstrarleyfishafa reikning vegna kostnaðar sem til hefur fallið í liðnum mánuði og skuli rekstrarleyfishafa greiða reikninginn innan 15 daga frá útgáfu hans.

Um greiðslu tilfallins kostnaðar á árinu 2000 gildi ákvæði til bráðabirgða með reglugerðinni. Samkvæmt því skyldi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, vegna kostnaðar starfrækslunefndar, þverfaglegar síðanefndar og landlæknis, og dóms- og kirkjumálaráðuneyti, vegna kostnaðar tölvunefndar, fela ríkisfóðir eftir lok hvers mánaðar að innheimta tilfallinn kostnað þessara aðila í nýliðnum mánuði vegna hlutverks sem þeim er falið að sinna samkvæmt ákvæðum laga nr. 139/1998, um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Samkvæmt 39. gr. reglugerðar nr. 32/2000 nú gefur fjársýsla ríkisins út reikninga f.h. ríkissjóðs til rekstrarleyfishafa vegna áfallins kostnaðar Persónuverndar og greiðir samsvarandi fjárhæð inn á fjárlagalið stofnunarinnar. Tilfallinn kostnaður hjá Persónuvernd á árinu 2001 vegna gagnagrunns á heilbrigðissviði nam alls kr. 18.058.979 og vegna framangreinds fyrirkomulags kemur sú fjárhæð fram sem sértekjur hjá stofnuninni.

Tekjur sundurliðaðar	Reikningur
Eftirlitsgjald með gagnagrunni	18.058.979
Sérfræðiþjónusta	6.383.386
Endurgreiddur ferðakostnaður frá erl. aðilum	377.792
Sértekjur samtals	24.820.157



2. Erlent samstarf

2.1. Norrænt samstarf.

2.1.2. Haustfundur forstjóra norrænna persónuverndarstofnana.

Fundurinn var haldinn hér á landi, á Húsavík dagana 27.-30. ágúst. Fundinum stýrði Sigrún Jóhannsdóttir, forstjóri. Af hálfu Persónuverndar sóttu fundinn enn fremur Hörður H. Helgason og Margrét Steinarsdóttir, lögfræðingar og Haraldur Briem og Valtýr Sigurðsson, frá stjórn Persónuverndar.

2.1.3. Samráðsfundir starfsmanna norrænna persónuverndarstofnana.

- a) Fundur löglærða starfsmanna var haldinn í Helsingfors í Finnlandi dagana 5.-6. júní. Hann var ekki sóttur.
- b) Fundur tæknimenntaðra starfsmanna var haldinn í Stokkhólmi dagana 4.-5. september. Fundurinn var ekki sóttur.

2.2. Sameiginlega eftirlitsnefnd Schengen samstarfsins (JSA).

Eftirlitsnefndin hélt 4 fundi á árinu. Margrét Steinarsdóttir, lögfræðingur, sótti fundi sem haldnir voru 19. apríl, 11. október og 13.-14. desember. Fundur sem haldinn var 2. febrúar var ekki sóttur.

2.3. Vinnuhópur samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/ESB.

Vinnuhópurinn hélt 5 fundi á árinu. Hörður H. Helgason, yfirlögfræðingur sótti fundi sem haldnir voru 25.-26. janúar, 22. mars og 6.-7. júní. Fundur sem haldinn var 6. júlí var ekki sóttur. Fundur sem haldinn var 13. desember sat Margrét Steinarsdóttir, lögfræðingur.

2.4. Þátttaka í starfi Evrópuráðsins.

- a) CJ-PD fundur var haldinn í Stassborg dagana 10.-12. október. Fundinn sótti forstjóri.
- b) Sérstök ráðstefna um aðild nýrra ríkja og þátttöku þeirra í starfi á sviði persónuverndar var haldin í Varsjá í Póllandi dagana 18.-21. nóvember. Þessa ráðstefnu sótti forstjóri.

2.5. Vorfundur evrópskra persónuverndarstofnana.



Hann var haldinn í Aþenu á Grikklandi dagana 9.-12. maí. Fundurinn var sóttur af forstjóra.

2.6. Alþjóðaráðstefna persónuverndarstofnana.

23. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana var haldin í París í Frakklandi dagana 24.-26. september 2001. Ráðstefnuna sóttu formaður stjórnar og yfirlögfræðingur.

2.7. Annað.

- Forstjóri sótti málþing um verndun starfsmannaupplýsinga, einkum varðandi tölvupóst og internetnotkun, sem haldið var í Cambridge á Englandi 2. – 3. júlí.
- Hörður Helgason sótti námskeið í vottun á staðlinum BS7799 sem haldið var í Nottingham á Englandi dagana 15.-22. júlí.



3. Afgreidd erindi á árinu 2001

3.1. Almennt yfirlit yfir afgreidd erindi á árinu.

Á árinu 2001 bárust stofnuninni alls 920 erindi. Auk þess tók hún við 541 tilkynningu. Óafgreidd erindi sem stofnunin tók við frá Tölvunefnd voru 23 en afgreidd voru 890 erindi. Stjórnin hélt 15 fundi á árinu.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda erinda og afgreiðslna:

Fjöldi mála 2001		Tegundir mála	Fjöldi
Ný mál	920	Frumkvæðismál	35
Mál frá fyrra ári	23	Fyrirspurnir/umsagnir/álit	246
Afgreidd mál	890	Kvartanir/kærur/úrskurðir	118
Óafgreidd mál í lok árs	30	Kynningar/námskeið/fyrirlestrar	22
Tilkynningar	541	Mál vegna leyfisumsókna	156
		Mál vegna tilkynninga	198
		Smíði stjórnvaldsreglna	25
		Úttektarverkefni	10
		Erlent samstarf	68
		Annað	52

3.2. Einstakar afgreiðslur

3.2.1. Veitt starfsleyfi 2001/469 - Lánstraust hf. fékk leyfi til að annast söfnun og skráningu upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust lögaðila, í því skyni að miðla þeim til annarra sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001.

3.2.2. Heimildir veittar á grundvelli skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

2001/39 - Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins fékk leyfi til að „skrá“ upplýsingar um þá sem grunaðir eru um þjófnað í verslunum ÁTVR þ.e.a.s. söfnun og vinnsla myndefnis úr eftirlitsmyndavélum.

2001/442 - Ölgerð Egils Skallagrímssonar ehf., fékk leyfi til vinnslu myndefnis sem til varð við notkun eftirlitsmyndavéla.

3.2.3. Einstök leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við framkvæmd vísindarannsókna á heilbrigðissviði

2001/05 - Halldór Kolbeinsson, Högni Óskarsson, Íslensk erfðagreining ehf. og Jón G. Stefánsson fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum kvíðasjúkdóma.

2001/06 - Hannes Hjartarson, Íslensk erfðagreining ehf., Jón Gunnlaugur Jónasson og Jón Hrafnkelsson fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum skjaldkirtilskrabbameins.

2001/07 - Evald Sæmundsen, Íslensk erfðagreining ehf., Ólafur Ó. Guðmundsson, Páll Magnússon og Stefán Hreiðarsson fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum einhverfu.

2001/08 - Einar Stefánsson, Friðbert Jónasson og Íslensk erfðagreining ehf. fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum skýmyndunar á augnsteinum.

2001/09 - Íslensk erfðagreining ehf. og Reynir Tómas Geirsson fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum legslímuflakks.

2001/10 - Arnór Víkingsson, Árni Jón Geirsson, Íslensk erfðagreining ehf., Jón Þorsteinsson, Júlíus Valsson, Kristján Steinsson og Magnús Guðmundsson fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum iktsýki.

2001/11 - Grétar Guðmundsson, Íslensk erfðagreining ehf. og Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum Parkinsonsveiki.

2001/12 - Guðmundur Þorgeirsson, Gunnar Gunnlaugsson, Halldór Jóhannsson, Haraldur Hauks-son, Íslensk erfðagreining ehf., Sigurgeir Kjartansson, Stefán E. Matthíasson og Vilmundur Guðna-son fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum útæðasjúkdóma.

2001/13 - Gunnar Sigurðsson, Íslensk erfðagreining ehf. og Vilmundur Guðnason fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum fullorðinssykursýki.

2001/14 - Einar Stefánsson, Friðleif Helgadóttir, Guðmundur Viggósson, Haraldur Sigurðsson og Íslensk erfðagreining ehf. fengu leyfi vegna rannsóknar á aldursbundinni hrörnun í augnbotnum.

2001/15 - Andrés Sigvaldason, Íslensk erfðagreining ehf., Vilmundur Guðnason og Þórarinn Gísla-son fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum lungnateppusjúkdóma.

2001/16 - Helgi Kristbjarnarson og Íslensk erfðagreining ehf. fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum drómasyki.

2001/17 - Árni Kristinsson, Íslensk erfðagreining ehf. og Þórður Harðarson fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum háþrýstings.

2001/18 - Einar Stefánsson, Ingimundur Gíslason, Íslensk erfðagreining ehf. og Þórir Eysteinnsson fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum hrörnunarsjúkdóms í augnbotnum.

2001/19 - Einar Valdimarsson, Finnbogí Jakobsson, Gísli Einarsson, Grétar Guðmundsson, Guð-mundur Þorgeirssyni, Íslensk erfðagreining ehf., Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir og Vilmundur Guðna-son fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum heilablóðfalls.

2001/20 - Bárður Sigurgeirsson, Helgi Valdimarsson og Íslensk erfðagreining ehf. fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum psoriasis.

2001/21 - Finnbogí Jakobsson, Íslensk erfðagreining ehf. og John Benedikz fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum arfgengs skjálfta.

2001/22 - Helgi Jónsson, Íslensk erfðagreining ehf. og Þorvaldur Ingvarsson fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum slitgigtar.

2001/23 - Guðmundur Vikar Einarsson, Íslensk erfðagreining ehf., Kjartan Magnússon, Sverrir Harðarson, Tómas Guðbjartsson og Þorsteinn Gíslason fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum nýrnakrabbameins.

2001/24 - Bjarni A. Agnarsson, Guðmundur Vikar Einarsson, Íslensk erfðagreining ehf., Kristrún Benediksdóttir og Rósa Björk Barkardóttir fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum krabbameins í blöðruhálskirtli.

2001/25 - Arnar Þ. Guðmundsson, Ágústa Ólafsdóttir, Bjarni Torfason, Friðbjörn Sigurðsson, Helgi J. Ísaksson, Íslensk erfðagreining ehf., Jónas Hallgrímsson, Sigurður Árnason, Sigurður Björnsson, Steinn Jónsson og Tryggvi Ásmundsson fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum lungnakrabbameins.

2001/26 - Íslensk erfðagreining ehf., Jónas G. Halldórsson og Sigprúður Arnardóttir fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum lesblindu/dyslexíu.

2001/27 - Grétar Guðmundsson, Íslensk erfðagreining ehf., John Benedikz og María Hrafnadóttir fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum mígrenis.

2001/28 - Elín Thorlacius, Högni Óskarsson, Íslensk erfðagreining ehf., Pétur Lúdvígsson og Stefán Hreiðarsson fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum heilkennis Tourette, skyldra raskana og fylgiraskana.

2001/29 - Einar Stefánsson, Friðbert Jónasson, Íslensk erfðagreining ehf., María Soffía Gottfreds-dóttir og Þórður Sverrisson fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum gláku.

2001/30 - Dagbjörg Sigurðardóttir, Gísli Baldursson, Íslensk erfðagreining ehf., Ólafur Ó. Guð-mundsson, Páll Magnússon, Stefán Hreiðarsson og Steingerður Sigurbjörnsdóttir fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum athyglisbrests með ofvikni.

2001/31 - Atli Dagbjartsson, Hörður Bergsteinsson, Ísleifur Ólafsson, Íslensk erfðagreining ehf., Páll Torfi Öundurson, Runólfur Pálsson, Víðar Eðvarðsson, Vilmundur Guðnason og Þróstur Lax-dal fengu leyfi vegna rannsóknar á tengslaójafnvægi í erfðamengi Íslendinga.

2001/32 - Bjarni V. Agnarsson, Guðmundur Vikar Einarsson, Íslensk erfðagreining ehf., Kjartan Magnússon, Rósa B. Barkardóttir og Tómas Guðbjartsson fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum eistnakrabbameins.

2001/33 - Einar Stefánsson, Guðmundur Viggósson, Íslensk erfðagreining ehf. og Kristján Þórðar-son fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum nærsýni.

2001/34 - Brynjólfur Mogensen, Gunnar Sigurðsson, Ísleifur Ólafsson, Íslensk erfðagreining ehf. og Þorvaldur Ingvarsson fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum beinþynningar.

2001/35 - Árni V. Þórsson og Íslensk erfðagreining ehf. fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum insúlínháðrar sykursýki.

2001/36 - Arnór Víkingsson, Árni Jón Geirsson, Íslensk erfðagreining ehf. og Kristján Steinsson fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum hryggigtar.

2001/37 - Íslensk erfðagreining ehf., Ragnheiður I. Bjarnadóttir, Reynir Tómas Geirsson og Sigrún Hjartadóttir fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum meðgönguháþrýstings, meðgöngueitrunar, fæðingarkrampa og skyldra sjúkdóma.

2001/38 - Davíð Gíslason, Íslensk erfðagreining ehf., Unnur Steina Björnsdóttir og Þórarinn Gíslason fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum ofnæmis og astma.

2001/60 - Íslensk erfðagreining ehf., Jón Gunnlaugur Jónsson, Sigurður Ingvarsson og Sjöfn Kristjánsdóttir fengu leyfi vegna rannsóknar á tjáningu gena í forstigsbreytingum ristilkrabbameina.

2001/61 - Íslensk erfðagreining ehf., Kristleifur Kristjánsson, Ólafur Gísli Jónsson, Viðar Eðvarðsson, Þórir Kolbeinsson og Þröstur Laxdal fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum næturámigu.

2001/70 - Albert Imsland, Ásgeir Böðvarsson, Ásgeir Theódórsson, Bjarni Torfason, Bjarni Þjóðleifsson, Eiríkur Steingrímsson, Guðjón Birgisson, Hjörtur Gíslason, Jónas Magnússon, Jón Gunnlaugur Jónsson, Kjartan Örvar, Nick Cariglia, Nick Short, Sigurbjörn Birgisson, Sigurður Blöndal, Sturla Arinbjarnarson, Urð-Verðandi-Skuld ehf., Þórunn Rafnar og Þorvaldur Jónsson fengu leyfi vegna Íslenska krabbameinsverkefnisins, áfanga II: Rannsókn á tjáningu gena í vélindakrabbameini.

2001/71 - Albert Imsland, Ásgeir Böðvarsson, Ásgeir Theódórsson, Bjarni Torfason, Bjarni Þjóðleifsson, Eiríkur Steingrímsson, Guðjón Birgisson, Hjörtur Gíslason, Jónas Magnússon, Jón Gunnlaugur Jónsson, Kjartan Örvar, Nick Cariglia, Sigurbjörn Birgisson, Sigurður Blöndal, Sturla Arinbjarnarson, Urð-Verðandi-Skuld ehf., Þórunn Rafnar og Þorvaldur Jónsson fengu leyfi vegna Íslenska krabbameinsverkefnisins; áfanga I: „Vélindakrabbamein-sameindaerfðafraðileg athugun“.

2001/72 - Albert Imsland, Ásgeir Böðvarsson, Ásgeir Theódórsson, Bjarni Torfason, Bjarni Þjóðleifsson, Eiríkur Steingrímsson, Guðjón Birgisson, Hjörtur Gíslason, Jónas Magnússon, Jón Gunnlaugur Jónsson, Kjartan Örvar, Nick Cariglia, Sigurbjörn Birgisson, Sigurður Blöndal, Sturla Arinbjarnarson, Urð-Verðandi-Skuld ehf., Þórunn Rafnar og Þorvaldur Jónsson fengu leyfi vegna rannsóknar á tjáningu gena í Barrett's breytingum (specialized intestinal metaplasia) í vélinda.

2001/79 - Íslensk erfðagreining ehf., Jón Snædal, Pálmi V. Jónsson og Sigurbjörn Björnsson fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum Alzheimers sjúkdóms.

2001/105 - Íslensk erfðagreining ehf. og Vilmundur Guðnason fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum kransæðastíflu.

2001/107 - Guðmundur Geirsson, Helgi Ísaksson og Íslensk erfðagreining ehf. fengu leyfi vegna rannsóknar á þætti erfða í göðkynja stækkun blóðruhálskirtils.

2001/108 - Íslensk erfðagreining ehf., Jón Hjaltalín Ólafsson, Kristín Þórisdóttir, Kristrún Benediktsdóttir, Ólafur Einarsson og Rafn A. Ragnarsson fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum sortuæxla í húð.

2001/109 - Árni Jón Geirsson, Ásgeir Böðvarsson, Ásgeir Theódórsson, Bjarni Þjóðleifsson, Einar Oddsson, Hallgrímur Guðjónsson, Ingvar Bjarnason, Íslensk erfðagreining ehf., Kjartan B. Örvar, Matthías Kjeld, Nick Cariglia, Ólafur Gunnlaugsson, Sigurbjörn Birgisson, Sigurður Björnsson, Sigurður Ólafsson og Sjöfn Kristjánsdóttir fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum þarmabólgujúkdóma.

2001/150 - Þórður Eydal, Íslensk erfðagreining ehf. og Kristleifur Kristjánsson fengu leyfi vegna forkönnunar á skyldleika einstaklinga með tannvegssjúkdóma og einstaklinga sem höfðu tekið þátt í fyrri rannsóknum Þórðar Eydal.

2001/157 - Hlíf Steingrímadóttir, Kristín Bergsteinsdóttir, Urður-Verðandi-Skuld ehf. og Þorvaldur Jónsson fengu leyfi vegna rannsóknar á tjáningu gena í merfrumuæxli og MGUS (Áfangi I) og skoðun á litningabreytingum í mergfrumuæxli og MGUS (Áfangi V).

2001/164 - Ásgeir Haraldsson, Íslensk erfðagreining ehf. og Kristleifur Kristjánsson fengu leyfi til að samkeyra ættfræðigrunn ÍE og lista yfir sjúklunga með bakflæði úr þvagblöðru upp í þvagleiðara.

2001/175 - Gunnar Sigurðsson, Íslensk erfðagreining ehf., Leifur Franzson og Ólafur Skúli Indriðason fengu leyfi vegna rannsóknar á aldursbundnum breytingum á kalk- og beinabúskap karla og kvenna, þ.e.a.s. þeim þætti rannsóknarinnar er lýtur að einangrun, vinnslu og meðferð DNA.

2001/267 - Helgi Sigurðsson, Jakob Jóhannsson og Þórarinn Sveinsson fengu leyfi vegna rannsóknar til mats á áhrifum lyfsins letrozole sem hormónameðferð hjá konum eftir tíðahvörf með skurðtækt brjóstakrabbamein. Borin var saman hormónameðferð með tamoxifeni í 5 ár við hormónameðferð með letrozole í 5 ár.

2001/282 - Albert Imsland, Friðrik Yngvason, Haraldur Hauksson, Helgi Sigurðsson, Hrafn Tulinius, Jón Gunnlaugur Jónsson, Laufey Tryggvadóttir, Páll H. Möller, Reynir Arngrímsson, Shree Datye, Sigfús Nikulásson, Sigurður Björnsson, Snorri S. Þorgeirsson, Steinunn Thorlacius, Urður-Verðandi-Skuld ehf. og Þórunn Rafnar fengu leyfi vegna rannsóknar á arfbreytileika í brjóstakrabbameini og fylgni við lækisfræðilegar breytingar.

2001/301 - Friðbjörn R. Sigurðsson, Páll Helgi Möller, Sigfús Þ. Nikulásson, Snorri Ingimarsson, Snorri S. Þorgeirsson, Sturla Arinbjarnarson, Tómas Jónsson, Tryggvi Stefánsson og Urður-Verðandi-Skuld ehf., fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum krabbameins í ristli og endaþarmi.

2001/318 - Pálmi V. Jónsson fékk leyfi vegna rannsóknar á meðvirkum vandamálum í sjúkralegu aldraðra á bráðasjúkrahúsi.

2001/320 - Atli Árnason, Ásgeir Haraldsson, Emil L. Sigurðsson, Íslensk erfðagreining ehf., Jens Magnússon, Rafn Benediktsson, Skúli Gunnarsson, Valur Emilsson, Vilmundur Guðnason fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum offitu og fituefnaskipta.

2001/358 - Ásgeir Böðvarsson, Ásgeir Theódórsson, Bjarni Þjóðleifsson, Einar Oddsson, Hallgrímur Guðjónsson, Íslensk erfðagreining ehf., Jón Gunnlaugur Jónsson, Kjartan Örvari, Nick Cariglia,

Ólafur Gunnlaugsson, Sigurbjörn Birgisson, Sigurður Björnsson, Sigurður Ingvarsson, Sigurður Ólafsson, Sjöfn Kristjánsdóttir, Trausti Valdimarson og Unnur Þorsteinsdóttir fengu leyfi vegna rannsóknar á erfðum ristilkrabbameina.

2001/366 - Davíð O. Arnar og Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir fengu leyfi vegna rannsóknar á algengi gáttatífs meðal heilablóðfallssjúklinga, blóðþynningu- og áhættuþáttum.

2001/498 - Brynjar Viðarsson, Kristín Bergsteinsdóttir, Urður-Verðandi-Skuld ehf. og Þorvaldur Jónsson fengu leyfi vegna Íslenska krabbameinsverkefnisins, áfanga I og II: Hæggegn eitilfrumu hvítblæði - sameindaerfðafræðileg athugun, rannsókn á genatjáningu í æxlisfrumum.

2001/509 - Bjarni Valtýsson, Eiríkur Líndal, Girish B Hirlekar, Guðmundur Björnsson, Íslensk erfðagreiningu ehf., Jón Hrafnkelsson, Laufey Ámundadóttir, Ragnar Finnsson, Sigurður Árnason og Simon Stacey fengu leyfi vegna rannsóknar á tíðni, lyfjaerfðafræði, erfðafræði og flokkun langvarandi verkja hjá sjúklingum með sögu um brjóstakrabbamein.

2001/533 - Jens Guðmundsson og Guðmundur Arason fengu leyfi til að samkeyra skrá vegna forkönnunar á skyldleika þeirra kvenna sem að voru til meðferðar og greinst höfðu með fjölblöðru-eggjastokkasjúkdóm.

2001/638 - Magnús Gottfreðsson fékk leyfi vegna rannsóknar „Endurteknar ífarandi pneumokokkasýkingar meðal Íslendinga 1975-2000.“

2001/647 - Guðrún Agnarsdóttir, Íslensk erfðagreining ehf., Krabbameinsfélag Íslands, Kristleifur Kristjánsson og Laufey Tryggvadóttir fengu leyfi vegna forkönnunar á skyldleika einstaklinga sem greinst hafa með krabbamein samkvæmt Krabbameinsskrá.

2001/719 - Baldur Tumi Baldursson, Guðmundur M. Stefánsson, Jens Kjartansson, Ólafur Einarsson, Urður-Verðandi-Skuld ehf., Rafn Ragnarsson, Sigurður Björnsson, Sigurður Böðvarsson, Sigurður E. Þorvaldsson, Steingrímur Davíðsson og Þorvaldur Jónsson fengu leyfi vegna Íslenska krabbameinsverkefnis, áfanga I: Sortuæxli-sameindafræðileg athugun.

2001/734 - Ísleifur Ólafsson, Íslensk erfðagreining ehf., Páll Torfi Önundarson og Vilhelmína Haraldsdóttir fengu leyfi vegna rannsóknar á þætti erfða í segamyndun í djúpum bláæðum og blóðsega-reki til lungna.

2001/737 - Bjarni A. Agnarsson, Brynjar Viðarsson, Friðbjörn Sigurðsson, Guðmundur I. Eyjólfsson, Guðmundur M. Jóhannesson, Guðmundur Rúnarsson, Hlíf Steingrímsdóttir, Jóhanna Björnsdóttir, Páll Torfi Önundarson, Sigrún Reykdal, Urður-Verðandi-Skuld ehf. og Vilhelmína Haraldsdóttir fengu leyfi vegna Íslenska krabbameinsverkefnisins. Áfanga I: Erfðafræðileg rannsókn á Hodgins sjúkdómi / eitilfrumukrabbameini og áfanga II: Rannsókn á genatjáningu í Hodgins sjúkdómi / eitilfrumukrabbameini.

2001/856 - Gunnar Sigurðsson, Guðmundur Þorgeirsson, Íslensk erfðagreining ehf. og Þór Sigþórs-son fengu leyfi vegna lyfjaerfðarannsóknar á hækkaðri blóðfitu. Leyfið tók aðeins til erfðarannsóknar þáttar þessa verkefnis.

3.3. Gagnagrunnur á heilbrigðisviði á grundvelli laga nr. 139/1998

Áður en Persónuvernd hóf starfsemi sína hafði Tölvunefnd haft það lögboðna hlutverk að setja tækni-, öryggis- og skipulagsskilmála fyrir gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðisviði (GGH). Gerði Tölvunefnd samninga við tvö fyrirtæki um sérfræðilega ráðgjöf við gerð fyrrnefndra skilmála, annars vegar við Verk- og kerfisfræðistofuna hf. og hins vegar við Admiral Management Services Limited, Camberley, Englandi. Öryggisskilmálar tölvunefndar, útgáfa 1.0, voru gefnir út í janúar 2000 og urðu hluti af rekstrarleyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðneytisins (htr.) til Íslenskrar erfðagreiningar ehf. (Íe).

Öryggisskilmálanum var að beiðni Íe breytt í þrígang á árinu 2000. Í ágúst á því ári var, af hálfu Íe, einnig lagt til að smíðaður yrði „tilraunagagnagrunnur“, svonefnt Aleph-kerfi, en að fengnum nánari upplýsingum og umsögn Admiral Ltd. þótt einsýnt að sú leið væri ekki fýsileg.

Hinn 1. janúar 2001 tók Persónuvernd til starfa og tók við verkefnum frá tölvunefnd, þ.á.m. varðandi GGH. Í febrúar og mars á því ári var meðal annars höfð samvinna við Ríkiskaup við að undirbúa opinbert útboð á sérfræðiaðstoð fyrir Persónuvernd vegna fyrirhugaðrar úttekta á GGH. Lýsti Íe sig sammála útboðslýsingu sem byggð var á öryggisskilmálum Persónuverndar (áður tölvunefndar), útgáfu 1.4. og var þ.a.l. ákveðið að leggja þá skilmála til grundvallar úttekt á GGH.

Hinn 19. apríl 2001 birti Ríkiskaup auglýsingu um útboð á úttekta vinnu fyrir hönd Persónuverndar. Þá hófst formlegur útboðsferill. Voru frestir veittir, tilboð metin og gengið til samninga við CMG UK Ltd. (áður „Admiral Ltd.“). Íe lýsti sig sammála vali á úttekta ráðila.

Hinn 11. júní 2001 var enn haldinn upphafsfundur úttekta, en nú á grundvelli nýrra öryggisskilmála að ósk Íe. Var hann haldinn á skrifstofu Persónuverndar undir fundarstjórn fulltrúa CMG. Var ákveðið að úttektin ætti að taka mið af staðlinum ISO 15408 og fara þannig fram að Íe myndi afhenda gögn til úttekta Persónuverndar og CMG eftir tímaáætlun sem Íe lagði fram. Var þar gert ráð fyrir því að Íe myndi ljúka afhendingu allra gagna til úttekta fyrir árslok 2001.

Á tímabilinu júní–nóvember 2001 afhenti Íe gögn til úttekta hjá Persónuvernd og CMG í samræmi við fyrrnefnda tímaáætlun. Litlar sem engar athugasemdir voru gerðar af hálfu Persónuverndar og CMG við þau gögn sem þá bárust. Í ágúst og september skoðuðu fulltrúar Persónuverndar og CMG aðstæður þar sem smíði GGH átti að fara fram. Þá prófaði CMG öryggi hönnunarumhverfisins og stóðst það prófanir.

Persónuvernd barst síðan, með bréfi Íe, dags. 10. desember 2001, enn ósk um breytingar á öryggisskilmálanum. Var nú farið fram á 5 breytingar. Erindið fékk ekki formlega afgreiðslu fyrr en á árinu 2002. Var þá orðið ljóst að tímaáætlun Íe myndi ekki standast, enda enn ekki búið að afhenda töluverðan hluta af af þeim gögnum til úttekta sem fyrirhugað hafði verið að afhenda fyrir árslok 2001.

3.4. Nánari umfjöllun um nokkur mál, einstaka úrskurði, álit og aðrar afgreiðslur:

3.4.1. Upplýsingar sendar frá Tollstjóranum í Reykjavík til vinnuveitanda.

Hinn 26. júlí 2001 kvað stjórn Persónuverndar upp svohljóðandi úrskurð í máli nr. 2001/40:

I.

Hinn 25. september 2000 barst tölvunefnd erindi frá B varðandi mál umbjóðanda hans, A. Þar var því m.a. borið við að skattyfirvöldum hefði verið óheimilt að senda persónuupplýsingar um álögd gjöld A til vinnuveitanda hans með ósk um að halda eftir af kaupum hans til lúkningar gjaldanna. Í fyrsta lagi þar sem Tollstjórnin í Reykjavík hefði engar heimildir til að innheimta danskar skattkröfur á grundvelli 113. gr. laga nr. 75/1981 og í öðru lagi og þar sem A hefði gert samning við Tollstjórnann í Reykjavík um að greiða mánaðarlega kr. 50.000 á skrifstofu embættisins inn á skuldina. Hefði framangreind meðferð á persónuupplýsingum um A því farið í bága við samkomulagið.

II.

Í bréfi lögmanns A, dags. 25. september 2000, sagði m.a. svo:

„Kvörtun þessi er tilkomin vegna máls umbjóðanda míns A. En Tollstjórinn í Reykjavík sendi út til vinnuveitanda hans upplýsingar um álögd gjöld hans áður en þau voru send honum og án þess að vanskil hefðu orðið. Það er mat umbjóðanda míns að útsending slíkra upplýsinga, sem eðli sínu samkvæmt eru viðkvæmar, sé óeðlileg og til þess fallin að setja starfsöryggi viðkomandi einstaklinga í hættu. En margir hafa aukatekjur sem þeir vilja ekki að vinnuveitandi þeirra viti af. Það er réttur hvers og eins einstaklings, að upplýsingar um tekjur hans næstliðið ár séu ekki sendar vinnuveitanda hans sem hluti af innheimtu staðgreiðslu, fyrr en vanskil hafa átt sér stað ...

Samband einstaklinga og skattfirvalda hlýtur eðli sínu samkvæmt að vera trúnaðarsamband og má sjá það m.a. í reglum laga um tekjuskatt og eignaskatt nr. 75/1981 um trúnaðarskyldur starfsmanna skattfirvalda. Sjá t.d. 115. gr. laganna. Það skýtur því skökku við, að svo viðkvæmar upplýsingar séu sendar út til vinnuveitanda, sérstaklega þegar það er haft í huga að slíkt getur stofnað starfsöryggi viðkomandi launamanns í hættu.

Athugun á þeim réttarheimildum sem um skattlagningu og opinbera innheimtu gilda hefur leitt í ljós að ekki eru til reglur sem taka á þessu. Í 113. gr. laga um tekjuskatt og eignaskatt nr. 75/1981 er einungis almenn heimild til að vinnuveitandi haldi eftir af launum starfsmanns. Þar er ekki heimild til að opinberir innheimtuaðilar fari svo frjállega með þessar viðkvæmu upplýsingar.

Það er mat umbjóðanda míns að framangreint atferli Tollstjórans í Reykjavík brjóti gegn lögum um persónuvernd nr. 121/1989. Vill hann sérstaklega benda á 3. gr., sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna.

Það er ósk umbjóðanda míns að Tölvunefnd hlutist til um að ráðin verði bót á þessum ólögmætum og óeðlilegu starfsaðferðum.“

III.

Tölvunefnd ritaði Tollstjóranum í Reykjavík bréf, dags. 24. október 2000, og óskaði eftir því með vísan til 32. gr. laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, að hann gerði grein fyrir viðhorfi sínu til málsins.

Svör Tollstjórans í Reykjavík bárust með bréfi, dags. 30. október 2000, og segir þar m.a. svo:

„Samkvæmt 113. gr. laga um tekju og eignaskatt nr. 75/1981, ber launagreiðendum, að kröfu innheimtumanns, að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launagreiðandinn ber sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber skv. ákvæðum 110. gr. laganna.

Í samræmi við framangreind ákvæði laga og eins og skylt er, var [...], vinnuveitanda A, send krafa vegna opinberra gjalda að fjárhæð kr. 944.389. Krafa tollstjórans var m.a. vegna kröfu frá Danmörku álagðra 1998. Af nefndri kröfu voru kr. 294.676 gjaldfallnar, þ.e. vegna árána 1998 og 1999. Það er því rangt sem segir í erindinu að „krafa hafi verið send án þess að vanskil hefðu orðið“. Mismunurinn kr. 649.713 voru álögd opinber gjöld ársins 2000. Reglan er sú að innheimtumenn senda kröfur vegna eftirágreiddra skatta seinnipartinn í júlí ár hvert á launagreiðendum. Er þessi háttur hafður á svo að launagreiðendum hafi tíma til að vinna úr kröfunum áður en að gjalddaga kemur. Gjalddendur sjálfir fá svo álagningarseðilinn ekki fyrr en um mánaðarmótin, en skattstjórar póstleggja hann 31. júlí ár hvert.

Í ljósi þessu telur embætti tollstjórans í Reykjavík kvörtun lögmannsins með öllu tilefnislausa og að eðlilega hafi verið staðið að innheimtunni gagnvart umbjóðanda hans í máli þessu.

Tilkynningar til launagreiðenda um afdrátt af launum eru í formi útrentana, en ríkisbókhald sendir þær og á embætti tollstjóra ekki afrit af þeim.“

Með bréfi, dags. 23. nóvember 2000, gaf tölvunefnd lögmanni A færri á að gera athugasemdir við framangreind svör Tollstjórans í Reykjavík.

Athugasemdir B bárust tölvunefnd með bréfi, dags. 19. desember 2000, og sagði þar m.a. svo:

„Í tilvitunum lagaákvæðum í umsögn Tollstjórans í Reykjavík er ekki að finna heimild fyr-

ir vinnuveitanda til að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar gjöldum, sem álögd eru erlendis. Umbj. m. telur því Tollstjóra enga heimild hafa haft til að senda vinnuveitanda sínum upplýsingar um kröfur frá Danmörku. Þá var umbj. m. búinn að semja við Tollstjóra um greiðslur þessarar skuldar. Hafði hann staðið að fullu við það samkomulag. Gjöldin voru því ekki í vanskilum.“

Hinn 12. janúar 2001 ritaði Persónuvernd Tollstjóranum í Reykjavík bréf og óskaði eftir því að veittar yrðu upplýsingar um hvort rétt væri farið með að A hefði verið búinn að semja um greiðslufyrirkomulag þeirra gjalda, sem óskað hafði verið eftir að vinnuveitandi hans héldi eftir af kaupum hans til lúkningar.

Svör Tollstjórans í Reykjavík bárust með bréfi, dags. 18. janúar 2001, og segir þar m.a. svo:

„Það er rétt að umbjóðandi [B] er með samning við tollstjóraembættið um greiðslu skattskuldar frá Danmörku sem var í vanskilum. Umbjóðandi [B] kom og samdi um greiðslur þann 16. ágúst sl., en krafa til launagreiðanda um afdrátt fór út í október s.á. Samningur þessi er enn í gildi.

Það skal þó tekið fram að slíkir samningar koma ekki í veg fyrir að krafa sé send til launagreiðenda, m.a. er það vegna réttaráhrifa kröfu varðandi meðábyrgð vinnuveitanda verði hann ekki við kröfu innheimtumanns um að halda eftir af kaupum launþega, gildir einu þó launþegi semji um greiðslur, má gjaldandinn allt að einu eiga von á að krafa verði send á vinnuveitanda síðar óháð því hvort samningurinn sé í efndum eða ei. Er hugsanlegt að umbjóðandi [B] hafi misskilið efni samningsins hvað þetta varðar, en fráleitt er að telja að um trúnaðarupplýsingar sé að ræða í þessu sambandi.

Samkvæmt 113. gr. laga um tekju og eignaskatt nr. 75/1981, ber launagreiðendum, að kröfu innheimtumanns, að halda eftir af kaupum launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launagreiðandinn ber sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber skv. ákvæðum 110. gr. laganna. Afstaða tollstjóraembættisins frá 30. október sl. til erindis lögmannsins stendur því óbreytt.“

Hinn 12. janúar 2001 ritaði Persónuvernd lögmanni A bréf og óskaði eftir því að veittar yrðu nánari upplýsingar um samning þann sem A hefði gert við Tollstjóranum í Reykjavík og hvort vanefndir hefðu orðið á honum.

Svör B bárust með bréfi, dags. 15. mars 2001, og segir þar svo:

„Umbj.m. A kveðst hafa gert munnlegt samkomulag við Tollstjóranum í Reykjavík til lúkningar umræddum skattskuldum. Samið var um að hann greiddi mánaðarlega frá og með 1. október 1999 kr. 50.000,- þar til skuldin væri að fullu greidd. Umbj.m. kveðst hafa staðið við samkomulagið með þeirri breytingu þó að hann greiddi kr. 100.000 á tveggja mánaða fresti. Síðasta greiðslan var í janúar sl.

Umbj.m. hefur ekki getað fengið staðfest hjá tollstjóra, að samkomulagið hafi verið gert, né hefur hann getað fengið útskrift sem sýni greiðslur hans á skuldinni. Skýringin, sem umbj.m. var gefin var sú, að búinn væri að taka í notkun nýtt tölvakerfi. Þá væri sá starfsmaður tollstjóra sem hann samdi við hættur störfum.“

Á fundi stjórnar Persónuverndar hinn 4. maí sl. var mál þetta rætt og ákveðið að óska nánari upplýsinga um efni samkomulags þess sem fram hefur komið að Tollstjórinn í Reykjavík og A hafi gert sín á milli, þ.á m. um hvort það hafi einungis tekið til greiðslu umræddrar skattaskuldar eða jafnframt annarra atriða.

Svör Tollstjórans í Reykjavík bárust með bréfi, dags. 10. maí 2001, og sagði þar m.a. svo:

„Fram kom í svari tollstjóra dags. 18. janúar sl. að A hafi samið um greiðslu skattkröfu frá Danmörku sem var í vanskilum og hafði krafan borist tollstjóra til innheimtu frá dönskum yfirvöldum. Af framangreindu bréfi frá tollstjóra má ráða að A hafi þann 16. ágúst samið um

greiðslur vegna kröfu frá Danmörku, en hið rétta er að þá samdi hann um greiðslur á kröfu tollstjóraembættisins, en hafði áður, þ.e. þann 22.11.1999, verið búinn að semja um greiðslur á hinni dönsku skattakröfu. Vísast nánar til bréfs tollstjóra frá 30. október 2000 um efni þeirra krafna. Í báðum tilvikum var um að ræða munnlegt samkomulag á milli A og C, þáverandi forstöðumanns innheimtusviðs tollstjóra. Samkomulagið var skráð inn í tekjubókhald ríkisins og skv. því samdi A um að greiða kr. 50.000 á mánuði vegna opinberra gjalda árána 1998, 1999 og 2000. Fyrsta greiðsla átti að fara fram 1. september 2000. Fylgir útprentun á efni samkomulagsins með bréfi þessu.

Í samtali sem undirritaður átti við C kom fram að A hafi óskað eftir því að hann fengi að greiða skuldir sínar við embættið sjálfur, en að ekki yrði dregið af launum hans. C kveðst hafa samþykkt þá málaleitan og fært samkomulag þeirra inn í tekjubókhaldskerfi ríkisins. Því hafi þó farið fjarri að A hafi verið lofað að krafa yrði ekki send á launagreiðanda, enda ekki á valdi forstöðumannsins að stöðva slíka kröfu sem Ríkisbókhald sendir vélrænt á launagreiðendur og er skylt að senda skv. skýru lagabóði 113. gr. laga nr. 75/1981, um tekju- og eignaskatt. Vísast nánar til bréfs tollstjóra til Persónuverndar 18. janúar um þetta atriði.

Það skal áréttað að innheimtumönnum ríkissjóðs er skylt að senda kröfur um afdrátt af launum til launagreiðenda og skal afdrátturinn nema allt að 75% af heildarlaunargreiðslu launþegans. Það er þó algengt að gjaldendur semji um minni afdrátt og getur það átt sér stað bæði áður en krafa er send til launagreiðanda og eftir að hún er send. Hafi gjaldandinn verið búinn að semja um lægri afdrátt, eða engan, eins og í þessu tilviki, breytir það engu um að krafan er allt að einu send launagreiðandanum. Það er þá gjaldandans að vitna til samkomulagsins og hefur þá innheimtumaður heimild til að tilkynna launagreiðanda um lækkan afdráttar eða niðurfellingu á meðan samningur er í gildi. Það skal einnig tekið fram að í mörgum tilvikum óska launagreiðendur beinlínis eftir að þeir annist afdrátt vegna skattkrafna. Er það m.a. vegna meðábyrgðarinnar sem krafa á launagreiðandann hefur í för með sér.

Samkvæmt framansögðu er það afstaða embættisins að ekki hafi verið gerður áskilnaður um trúnað í máli þessu af hálfu A, en jafnvel þótt svo hafi verið þá hefði innheimtumaður ekki geta orðið við slíkum áskilnaði eins og lýst hefur verið.“

Með bréfi, dags. 25. maí 2001, upplýsti B, að A gerði ekki athugasemdir við frásögn Tollstjórans í Reykjavík um tilurð og efni samkomulags þess, sem tollstjóri og A gerðu sín á milli um greiðslu skattskuldar til embættisins og fram kæmi í bréfi tollstjóra, dags. 10. maí 2001.

IV. Forsendur

1.

Samkvæmt 31. gr. laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, er í gildi voru fram til 1. janúar 2001, hefði það fallið í hlut tölvunefndar að fjalla um það hvort umrædd miðlun persónuupplýsinga hefði verið í samræmi við fyrrnefnd lög. Hinn 1. janúar 2001, tók Persónuvernd við hlutverki tölvunefndar þegar lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga tóku gildi. Persónuvernd fjallar því um mál þetta, sbr. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000. Þar sem atvik máls þessa gerðust hins vegar í gildistíð laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, fer um efnisúrlausn málsins eftir þeim lögum og öðrum þeim sérlögum sem málið varða.

2.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga var kerfisbundin skráning persónuupplýsinga því aðeins heimil að skráningin væri eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og tæki einungis til þeirra er tengdust starfi hans eða verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna.

Upplýsingar um fjárhag s.s. álagða skatta teljast persónuupplýsingar í skilningi laga nr. 121/1989, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Þar sem upplýsingar um fjárhag og álagða skatta féllu ekki undir ákvæði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 121/1989 fór um heimild til að miðla þeim skv. 3. mgr. 5. gr. laganna. Samkvæmt því ákvæði var því aðeins heimilt að skýra frá slíkum persónuupplýsingum án samþykkis hins skráða að upplýsingamiðlun væri eðlilegur þáttur í venjubundinni starfsemi skráningaraðilans.

Framangreind ákvæði voru byggð á því grundvallarviðhorfi um einkalífsvernd að nota bæri persónuupplýsingar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti, afla þeirra í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og ekki nota þær í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi, sbr. samning Evrópuráðsins nr. 108/1981, um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga, sem Ísland er aðili að, sbr. auglýsingu utanríkisráðuneytisins nr. 5 27. mars 1991, er birtist í Stjórnartíðindum C-deild 1991, en lög nr. 121/1989 voru m.a. byggð á þeim samningi, sbr. Alþt. 1988-1989, A-deild, bls. 17_ _.

3.

Í bréfi lögmanns A, dags. 23. nóvember 2000, var því borið við að skattýfirvöld hefðu ekki haft heimild til að senda atvinnurekanda hans upplýsingar um skattkröfur frá Danmörku. Stjórn Persónuverndar skilur þessa málsástæðu svo að Tollstjórinn í Reykjavík sé ekki talinn hafa verið bær að lögum til að standa að innheimtu á danskri skattskuld og beita ákvæði 113. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt við slíka innheimtu.

Samkvæmt 117. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er ríkisstjórninni heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti erlendra og íslenskra skattaðila sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum bæði á Íslandi og erlendis. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilað að gera samninga um gagnkvæm upplýsingaskipti og um innheimtu opinberra gjalda við önnur ríki. Á grundvelli framangreinds lagaákvæðis hefur verið gerður samningur milli Norðurlandanna um aðstoð í skattamálum, sbr. Stjórnartíðindi C-deild nr. 16/1990. Í 20. gr. þess samnings er að finna sérstök ákvæði um framkvæmd samningsins, m.a. það ákvæði að bær stjórnvöld geti gert samkomulag um nánari framkvæmdaratriði. Hefur slíkt samkomulag um innheimtu og yfirfærslu skatta verið gert, sbr. Auglýsingu nr. 480/1991, en markmið þess er að framfylgja framangreindum Norðurlandasamningi. Í þessum samningi kemur m.a. fram að því ríki, þar sem aðili er heimilisfastur, sé, að vissum skilyrðum uppfylltum, heimilt að krefjast staðgreiðsluskatta, þótt þeir séu vegna launa fyrir starf sem innt er af hendi í öðru aðildarríki. Þetta gildir þó ekki ef skattýfirvald í heimilisfesturíki telur að launagreiðslur eigi að réttu að gjaldfærast hjá fastri atvinnustöð eða fastri stofnun í atvinnuríki. Samkvæmt framansögðu verður ekki séð að um valdþurrð eða skort á viðhlítandi valdheimildum hafi verið að ræða hjá Tollstjóranum í Reykjavík til að standa að innheimtu á hinni dönsku skattkröfu. Þá verður ekki annað séð en að ákvæði 117. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt heimili að beitt sé innheimtuúræðum 113. gr. laganna við slíka innheimtu að uppfylltum ákvæðnum skilyrðum. Verður því ekki fallist á að þegar af þessari ástæðu hafi það ekki talist eðlilegur þáttur í starfsemi Tollstjórans í Reykjavík að miðla upplýsingum um þessa skattkröfu þótt dönsk væri, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

4.

Í máli þessu er um það deilt hvort Tollstjóranum í Reykjavík hafi verið heimilt að miðla upplýsingum um skuldastöðu A til vinnuveitanda hans og óska eftir því að haldið yrði eftir af launum hans til lúkningar opinberum gjöldum í samræmi við 1. mgr. 113. gr., sbr. 18. gr. laga nr. 49/1997. Er því borið við að búíð hafi verið að semja um greiðslur skuldanna og hafi þessi ráðstöfun farið í bága við það samkomulag.

1. mgr. 113. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 18. gr. laga nr. 49/1987, hljóðar svo:

„Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr., eru skyldir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupum launþega til lúknings gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 110. gr. Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum þessum og gjöldum samkvæmt IV. kafla laga nr. 73/1980. Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.“

Ákvæði 1. mgr. 113. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, voru tekin upp í lög, í þeirri mynd sem hún er nú í, með 49. gr. laga nr. 7/1980. Í athugasemdum við 49. gr. frumvarps þess, er varð að lögum nr. 7/1980, segir m.a. svo:

„Hér er kveðið á um skyldur launagreiðanda til að halda eftir af launum starfsmanna sinna til greiðslu skatta. Eru reglur þessar að ýmsu leyti skýrari en reglur núgildandi laga en ekki er um verulega efnisbreytingu að ræða.“ (Alþt. 1979-1980, A-deild, bls. 462).

Ákvæðinu var síðan breytt með 18. gr. nr. 49/1987 varðandi það, til hvaða gjalda þetta innheimtuúrræði tæki.

Eins og áður segir var því aðeins heimilt að skýra frá almennum persónuupplýsingum án samþykkis hins skráða skv. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga að slík upplýsingamiðlun væri eðlilegur þáttur í venjubundinni starfsemi skráningaraðilans. Lögboðin innheimtuúrræði innheimtumanna ríkissjóðs, s.s. þau sem mælt er fyrir um í 113. gr. laga nr. 75/1981, teljast eðlilegur þáttur í venjubundinni starfsemi þeirra í skilningi 3. mgr. 5. gr. laga nr. 121/1989. Af þeim sökum verður að telja að innheimtumönnum ríkissjóðs hafi verið heimilt að veita launagreiðendum nauðsynlegar upplýsingar til að halda eftir af kaupum launþega til lúknings gjöldum þeirra og standa innheimtumanni skil á því, enda væru uppfyllt lagaskilyrði til beitingar innheimtuúrræðisins.

Í máli þessu er því haldið fram að eins og sérstaklega hafi staðið á hafi ekki verið fyrir hendi skilyrði til að beita því innheimtuúrræði, sem 113. gr. laga nr. 75/1981 hefur að geyma, þar sem búið hafi verið að gera samkomulag um innheimtufyrirkomulag skuldarinnar, sem hafi verið byggt á því að vinnuveitandi A yrði ekki beðinn um að halda eftir af kaupum hans, heldur yrðu hinar umsömdu greiðslur inntar af hendi af A hjá Tollstjóranum í Reykjavík.

Í máli þessu er ekki tilefni til að fjalla almennt um heimild skattfyrvalda til að semja um innheimtufyrirkomulag gjaldfallinna skulda. Í bréfi Tollstjórans í Reykjavík til Persónuverndar, dags. 10. maí 2001, er gerð almenn grein fyrir efni algengustu samninga af þessum toga. Slíkir samningar haggja að sjálfsgöðu ekki við skattskyldu og lögboðnum gjalddögum, heldur lúta aðallega að því að ákveðnum innheimtuúrræðum er ekki beitt á meðan skuldari stendur við samkomulag um að greiða upp gjaldfallnar skuldir sínar á hinn umsamda hátt. Með gerð slíkra samninga eru innheimtumenn ríkissjóðs því að freista þess að ná markmiðum starfa sinna með úrræði sem er hvað vægast í garð skuldara af þeim úrræðum, sem þeir hafa að lögum við framkvæmd starfa sinna. Tekið skal fram að nú hefur verið sett reglugerð nr. 124/2001 um launaafdrátt. Í 4. gr. reglugerðarinnar koma fram reglur er varða efni slíkra samninga. Ákvæði reglugerðarinnar koma ekki til álita í þessu máli þar sem reglugerðin tók gildi eftir að atburðir máls þessa gerðust.

Af hálfu Tollstjórans í Reykjavík hafa verið færðar fram tvær málsástæður fyrir því að þrátt fyrir þá samninga, sem gerðir hafi verið, hafi verið heimilt að miðla persónuupplýsingum um gjaldfallnar skuldir til vinnuveitanda A um leið og óskað var eftir launaafdrætti. (1) Í fyrsta lagi þar sem Tollstjóranum í Reykjavík sé skylt að óska eftir launaafdrætti við slíkar aðstæður og (2) í öðru lagi þar sem samningur við A hafi ekki falið í sér sérstaka yfirlýsingu um að upplýsingarnar yrðu ekki sendar vinnuveitanda hans.

Það var meginregla laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga að heimild til

að vinna með og miðla upplýsingum byggðist á samþykki hins skráða. Undantekningar voru þó m.a. gerðar í lögum með almennar persónuupplýsingar en skráning þeirra og miðlun var heimil ef hún gat talist eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila, sbr. 3. gr. og 3. mgr. 5. gr. laganna. Löglegur samningur skrárhaldara (ábyrgðarmanns vinnslu) við hinn skráða, sem byggði á því að ákveðnum persónuupplýsingum yrði ekki miðlað, var bindandi, enda væri miðlun persónuupplýsinganna ekki lögboðin heldur aðeins lögheimilud.

Orðalag 1. mgr. 113. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt felur ekki í sér fortakslausa lagaskyldu fyrir innheimtumenn ríkissjóðs að senda ávallt launagreiðendum kröfu um launaafdrátt, þótt lagaskilyrði greinarinnar séu uppfyllt. Lagaákvæðið felur í sér skýlausa heimild fyrir innheimtumenn ríkissjóðs að gera slíka kröfu þegar lagaskilyrði greinarinnar eru uppfyllt og skyldu launagreiðanda til að halda eftir af launum starfsmanna sinna. Hér er lagaástaðan því ekki eins og var t.d. í dómi Héraðsdóms Vestfjarða frá 24. október 1997 í máli nr. S-59/1996. Í ljósi orðalags ákvæðisins verður ekki annað séð en að borgararnir hafi réttmæta ástæðu til að binda traust sitt við það að innheimtumenn ríkissjóðs hafi heimild til þess að gera samkomulag um innheimtufyrirkomulag skuldar, þ.m.t. að úrræði skv. 113. gr. laganna verði ekki beitt um tiltekinn tíma enda standi skuldari við samninginn og greiði skilvíslega umsamdar greiðslur. Skal hér áréttað að í greininni er sérstaklega vísað til þess að það séu innheimtumenn ríkissjóðs sem séu að lögum bærir til að beita þessu innheimtuúrræði. Í Reykjavík er Tollstjórnin í Reykjavík innheimtumaður ríkissjóðs, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 92/1989 um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, sbr. 36. gr. laga nr. 15/1998.

Í máli þessu hefur ekki þýðingu að taka afstöðu til þess hvernig skattfyrvöld hafa með innri ákvörðunum sínum ákveðið í framkvæmd að beita innheimtuúrræði 1. mgr. 113. gr. laga nr. 75/1981 þar sem ekki verður séð að birtar reglur hafi verið um það settar.

Samkvæmt framansögðu verður ekki fallist á, að Tollstjóranum í Reykjavík hafi verið lögskilylt að krefjast launafrádráttar samkvæmt fyrirmælum 113. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt þannig að A hafi ekki getað vænst þess með réttmætum hætti að umræddar upplýsingar yrðu ekki sendar vinnuveitanda hans, hvað sem leið samningum hans við Tollstjórnann í Reykjavík.

Að því er varðar þá málsástæðu Tollstjórans í Reykjavík að samningur hans við A hafi ekki falið í sér loforð um að upplýsingarnar yrðu ekki sendar vinnuveitanda hans, ber þess fyrst að geta að báðir aðilar eru sammála um, að frásögn sú, sem fram kemur í bréfi Tollstjórans í Reykjavík, dags. 10. maí 2001, sé rétt að því er varðar tilurð og efni samningsins, sbr. bréf lögmanns A, dags. 25. maí 2001. Í bréfinu segir m.a.:

„...að A hafi óskað eftir því að hann fengi að greiða skuldir sínar við embættið sjálfur, en að ekki yrði dregið af launum hans. C kveðst hafa samþykkt þá málaleitan og fært samkomulag þeirra inn í tekjubókhaldskerfi ríkisins. Því hafi þó farið fjarri að A hafi verið lofað að krafa yrði ekki send á launagreiðanda ...“

Þótt starfsmaður Tollstjórans í Reykjavík hafi ekki gefið sérstaka yfirlýsingu um að ekki yrði krafist launafrádráttar skv. 113. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, verður engu að síður að telja að A hafi mátt binda réttmætt traust við það, að það yrði ekki gert fyrst sú málaleitan hans var samþykkt að „hann fengi að greiða skuldir sínar við embættið sjálfur, en að ekki yrði dregið af launum hans,“ eins og segir orðrétt í bréfi Tollstjórans í Reykjavík. Efni samkomulagsins, eins og það var fært inn í tekjubókhaldskerfið, virðist einnig styðja þessa niðurstöðu, en þar segir m.a. svo:

„22.11.99 A KOM Í DAG. SA. GR. 50.000 Á MÁN. FRÁ NÓV. 99. ER FRAMKV.STJ. FYRIRT. AFA, JCD Á ÍSL. (AUGL. Á STRÆTISV.SKÝLUM.) 16.08.2000 SAMNINGUR V. AB 1998-1999-2000 GR. 50.000 Á MÁN FYRSTA GR. 05.09.00 UPPGR. 05.08.01. SKV. SSB.“

Ekki verður annað séð en að þær afborganir, sem inna átti af hendi mánaðarlega, ættu að leiða til uppgreiðslu skuldarinnar hinn 5. ágúst 2001. Í samkomulaginu er ekki gert ráð fyrir öðrum innborgunum inn á skuldina þ.m.t. vegna launafrádráttar skv. 113. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

Í bréfum Tollstjórans í Reykjavík, dags. 18. janúar 2001 og 10. maí 2001 er það staðfest að samkomulag það, sem gert var um greiðslu hinnar dönsku skattskuldar hinn 22. nóvember 1999, sé í fullu gildi.

Af framansögðu athuguðu verður að telja að Tollstjóranum í Reykjavík hafi verið óheimilt að senda vinnuveitanda A persónuupplýsingar um opinber gjöld, sem á hann höfðu verið lögð og samkomulag hans og Tollstjórans í Reykjavík frá 22. nóvember 1999 tók til á meðan það samkomulag var í gildi.

Úrskurðarorð:

Tollstjóranum í Reykjavík var óheimilt að senda vinnuveitanda A persónuupplýsingar um opinber gjöld, sem á hann höfðu verið lögð og samkomulag A og Tollstjórans í Reykjavík frá 22. nóvember 1999 tók til.

3.4.2. Útgáfa á sérstökum greiðslukortum frá Reiknistofu bankanna og Íslandsbanka-FBA hf.

Hinn 30. janúar 2001 kvað Persónuvernd upp svohljóðandi úrskurð í máli nr. 2001/45.

I.

Í september 2000 bárust tölvunefnd ábendingar frá þremur mönnum um að í ágústmánuði hefðu félagsmönnum í golfklúbbum hérlendis verið send sérstök kreditkort, svokölluð golfkort, sem gefin voru út af Íslandsbanka-FBA hf. í samvinnu við Golfsamband Íslands og Samvinnuferðir Landsýn hf. Umræddar ábendingar lutu einkum að því að við gerð kortanna hefðu án heimildar verið notaðar persónuupplýsingar og skrár sem stofnað hefði verið til í öðrum tilgangi og á grundvelli heimilda sem ekki tækju til slíkrar vinnslu persónuupplýsinga.

Af ofangreindu tilefni ákvað tölvunefnd, með vísan til 31. gr. laga nr. 121/1989, að rannsaka hvort umræddar upplýsingar hefðu verið látnar af hendi í samræmi við lög. Í úrskurði þessum er fjallað um þátt Íslandsbanka-FBA hf. og Reiknistofu bankanna í málinu, með notkun félagskrár og þeirra gagna, m.a. mynda- og undirskriftaskráa, sem eru í þeirra vörslu, með þeim hætti sem gert var. Hinn 30. október sl. úrskurðaði tölvunefnd um þátt Golfsambands Íslands í málinu, tilv. nr. 2000/558.

II.

Hinn 15. september sl. ritaði tölvunefnd Íslandsbanka-FBA hf. bréf og tilkynnti að henni hefðu borist nokkrar kvartanir vegna útgáfu umræddra korta og lytu þær einkum að því að við gerð kortanna hafi án heimildar verið notaðar persónuupplýsingar og skrár sem stofnað hafi verið til í öðrum tilgangi og á grundvelli heimilda sem ekki taki til slíkrar vinnslu. Var þess óskað með vísan til 32. gr. laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, að bankinn skýrði viðhorf sín til málsins og léti í té þau gögn er málið varða. Þann 31. október 2000 ritaði tölvunefnd Reiknistofu bankanna samhljóðandi bréf.

Með bréfi dags. 12. október bárust tölvunefnd skýringar Íslandsbanka FBA. Í svarbréfi þeirra segir m.a.: „Forsaga þessa máls er sú að á árinu 1999 hóf Íslandsbanki hf., nú Íslandsbanki-FBA hf. samstarf við Golfsamband Íslands og var tilgangurinn með því samstarfi að vinna að útbreiðslu og kynningu á golfþróttinni. Hluti af þessu samstarfi fólst í því að þróa tölvukerfi fyrir golfhreyfinguna auk þess sem samið var um að bankinn gæfi út kort sem jafnframt því að vera meðlimakort að GSÍ yrði fullgilt kreditkort. Ástæðan fyrir því að kortið yrði kreditkort var m.a. sú að þá væri sá möguleiki fyrir hendi að varðveita ýmsar aðrar upplýsingar í segulrönd kortsins eins og t.d. upplýsingar um forgjöf korthafa.

Fjallað var um samstarf GSÍ við Íslandsbanka hf. og þar með útgáfu golfkortsins á Golfþingi sem haldið var þann 12.-13. nóvember 1999. Samkvæmt upplýsingum frá GSÍ var á þinginu samþykkt samhljóða ályktun varðandi framangreind málefni. Samkvæmt lögum GSÍ mun golfþingið fara með æðsta vald í málefnum sambandsins en allir golfklúbbar innan þess munu eiga fulltrúa sína á þinginu. Bankinn hefur ekki talið ástæðu til annars en að ætla að sú umfjöllun og sú samþykkt sem þar var gerð varðandi samstarf GSÍ og bankans og útgáfu golfkortsins hafi verið í samræmi við lög og reglur GSÍ.

Nú í sumar þegar vinnsla golfkortsins var komin á lokastig fékk bankinn afhentar félagskrár þeirra golfklúbba sem starfa innan GSÍ. Með því að golfþing hafi samþykkt útgáfu kortsins telur bankinn að þar hafi verið aflað heimilda til þess að afhenda bankanum skrárnar. Þær persónuupplýsingar sem fram komu í þeim skráum voru nöfn heimilisföng og kennitölur félagsmanna, en þessar upplýsingar voru nauðsynlegar til að framfylgja ákvörðun þingsins um útgáfu kortanna.

Rétt er að benda á að hverjum og einum félaga innan GSÍ er í sjálfsvald sett hvort hann notar golfkortið eða ekki, en kortið sjálft öðlast ekki gildi sem kreditkort fyrir en það hefur verið notað á greiðslustað eða korthafi samþykkt að greiðslur yrðu skuldfærðar á kortið. Greiðslukortinu fylgja engar kvaðir en handhöfn þess býður hins vegar upp á ýmis fríðindi.“

Svör Reiknistofu bankanna bárust með bréfi, dags. 6. nóvember 2000, og segir þar m.a. svo:

„Við útgáfu kreditkorta er frumkvæði kortaútgáfunnar annað hvort í höndum banka eða sparisjóðs eða viðkomandi kortafyrirtækis. Ekki er hægt að gefa út kreditkort fyrir Visa eða Europay án atbeina þeirra, enda eru kortin gefin út í þeirra nafni og með þeirra auðkennum sem njóta alþjóðlegrar viðurkenningar og verndar. Þegar greiðslukort eru framleidd er það gert í lokuðu tölvukerfi, sem eigendur Reiknistofu bankanna hafa einir aðgang að. Ávallt er kannað með sjálfvirkum hætti hvort til sé í myndasafni Reiknistofunnar mynd af viðkomandi og sé hún til, er hún notuð við gerð viðkomandi kreditkorts. Við notkun myndarinnar er stuðst við þá heimild, sem viðkomandi hefur veitt við afhendingu hennar, þ.e. að hann hafi heimilað fjármálastofnunum notkun myndar og undirskriftar til að auka traust og öryggi í viðskiptum.

Í tilfelli umræddra golfkorta, sem eru í grundvallaratriðum venjuleg kreditkort, hafði Reiknistofan ekkert að segja um útgáfu þeirra frekar en annarra sambærilegra korta. Reiknistofan áritar fleiri tugi tegunda greiðslukorta fyrir eigendur sína og er golfkortið í engu frábrugðið. Það er ekki í valdi Reiknistofunnar að fylgjast með því í einstökum tilvikum hver hefur haft frumkvæði að útgáfu greiðslukorta, en gengið hefur verið út frá því sem vísu, að hefðbundin umsókn korthafa væri til staðar.“

III.

Er ráðist var í útgáfu ofangreindra golfkorta var í gildi starfsleyfi til Reiknistofu bankanna er gefið var út 28. júní 2000. Voru gerðar töluverðar breytingar á leyfi þessu frá fyrra leyfi er gefið var út 28. september 1999 og gilda skyldi til 1. júlí 2000. Var meðal annars þeim áskilnaði bætt við C. lið 3. kafla leyfisins, er tekur til heimildar Reiknistofu bankanna til að annast áprentun á ökuskríteini fyrir dómsmálaráðuneytið, að eigi síðar en 1. ágúst 2000, skyldi hafa verið breytt þeim eyðublöðum sem notuð eru sem kennispjöld fyrir umsækjendur um tékkareikning/debetkort eða önnur viðskipti. Breyting þessi átti að tryggja að fortakslaust væri að viðkomandi umsækjandi, jafnhliða þeirri heimild er hann veitti Reiknistofu bankanna til að nota mynd hans og undirskrift vegna umsóknar um debetkort/tékkareikning, veitti samþykki sitt fyrir notkun myndar/undirskriftar við áprentun ökuskríteinis.

Í 7. t. almennra skilmála fyrra leyfis, sagði að leyfishafi skyldi hlíta öllum reglum og fyrirmælum tölvunefndar sem settar hafi verið og settar kynnu að verða um vörslu gagna, öryggisráðstafanir og eyðileggingu gagna og önnur atriði. Í leyfi dags. 28. júní 2000, var eftirfarandi málsgreinum bætt við:

„Þar á meðal skal RB tryggja fullan rekjanleika allra færslna í mynda- og undirskriftaskrá þannig að hægt verði að rekja hver skráir, breytir, skoðar eða sækir upplýsingar í umrædda skrá. Í þessu felst að einnig þarf að halda utan um tilvik þar sem hætt er við færslu eftir að búið er að kalla fram upplýsingar um „atburð“. Skrá þarf einkennisnúmer starfsmanns og tíma skráningar eða uppfléttingar. Slíkri öryggisráðstöfun skal hafa verið komið á eigi síðar en 15. ágúst 2000. Þá skal RB setja reglur um meðferð og varðveislu log-skráa og afrita og um hverjir megi hafa aðgang að þeim, hverjar verði aðgangstakmarkanir kerfisins, hvernig aðgangsorðum verður úthlutað, til hverra og almennar verklagsreglur um aðgangsorð. Skulu þessar reglur berast tölvunefnd eigi síðan en 1. september 2000.“

Í 8. t. almennra skilmála fyrra leyfis sagði að áorðnar eða fyrirhugaðar breytingar á þeim atriðum er greint væri frá framfarir í leyfinu skyldu tilkynntar tölvunefnd og þyrftu eftir atvikum samþykki hennar. Í leyfi útgefnu 28. júní 2000, er 8. t. almennra skilmála svohljóðandi:

„Fyrir 1. september 2000 skulu þær fjármálastofnanir, sem hafa aðgang að mynda- og undirskriftaskrá, gera starfsmönnum skýra grein fyrir þeim reglum er gilda um skrárnar, þ. á m. í hvaða skyni heimilt er að fá aðgang að þeim og vinna með persónuupplýsingar úr þeim. Gera skal starfsmönnum grein fyrir því að uppfléttingar í skránum séu rekjanlegar og hverju það geti varðað starfsmann brjóti hann lög og reglur er um skrárnar gilda.“

Við 11. t. almennra skilmála er í fyrra leyfi hljóðaði á þá leið, að tölvunefnd áskildi sér rétt til að afturkalla starfsleyfi þetta eða breyta skilmálum þess, ef hagsmunir einstaklinga eða lögaðila krefðust þess, var bætt við að tölvunefnd myndi skipa tilsjónarmann með því að unnið væri í samræmi við framgreindan skilmála og Reiknistofa bankanna bera þann kostnað sem af því hlytist samkvæmt nánari ákvörðun dómsmálaráðherra skv. 35. gr. laga nr. 121/1989.

Svo sem af ofangreindu má ráða voru skilmálar talsvert hertir í leyfi tölvunefndar er gefið var út 28. júní 2000. Ástæður þessa voru þær að tölvunefnd hafði á árinu 1999 borist kæra vegna birtingar myndar, sem var í mynda- og undirskriftaskrá Reiknistofu bankanna, er birt var í vikublaði án vitundar kæranda eða vilja, sjá úrskurð tölvunefndar í máli 99/457. Enn fremur bárust tölvunefnd, hinn 19. apríl 2000, ábendingar um að mannamyndir úr mynda- og undirskriftaskrá Reiknistofu bankanna hefðu verið notaðar á óheimilan hátt, sjá úrskurð tölvunefndar í máli 2000/365.

Í báðum tilvikum var um að ræða óheimila notkun starfsmanna fjármálastofnana þeirra er aðgang hafa að mynda- og undirskriftaskrá Reiknistofu bankanna og miðuðu skilmálar hins nýja starfsleyfis að því að koma í veg fyrir að slíkt endurtæki sig. Enginn grundvallarmunur er á því hvort um er að ræða óheimila notkun einstaka starfsmanns/manna á framangreindu mynda- og undirskriftasafni eða af hálfu fjármálastofnunar er aðgang hefur af því. Í öllum tilvikum ber að gæta þess að notkun mynda og/eða undirskrifta úr safninu eigi sér ekki stað án þess að leyfis viðkomandi einstaklings hafi verið aflað ef um er að ræða aðra notkun en þá er hann hefur þegar veitt heimild til.

IV. Forsendur og niðurstaða.

1.

Samkvæmt 31. gr. laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, er í gildi voru fram til 1. janúar 2001, féll það í hlut tölvunefndar að úrskurða um hvort persónuupplýsingar í mynda- og undirskriftaskrá Reiknistofu bankanna hefðu verið notaðar í samræmi við fyrrnefnd lög og starfsleyfi Reiknistofu bankanna. Hinn 1. janúar 2001, tók Persónuvernd við hlutverki tölvunefndar þegar lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga tóku gildi. Persónuvernd úrskurðar því í máli þessu, sbr. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000. Atvik máls þessa gerðust

að öllu leyti í gildistíð laga nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Fer því um efnisúrlausn málsins eftir þeim lögum.

2.

Eins og áður segir, er Reiknistofu bankanna heimilt samkvæmt starfsleyfi, dags. 28. júní 2000, að annast tölvuþjónustu samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 121/1989 og til að skrá og miðla upplýsingum um fjárhagsmálefni, samkvæmt 15. gr sömu laga, er Reiknistofu bankanna heimilt að halda mynda- og undirskriftaskrá í tengslum við tékka/debetkorta-reikningaskrá.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga er kerfisbundin skráning persónuupplýsinga því aðeins heimil að skráningin sé eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og taki einungis til þeirra er tengjast starfi hans eða verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna. Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. sömu laga er því aðeins heimilt að skýra frá almennum persónuupplýsingum án samþykkis hins skráða að slík upplýsingamiðlun sé eðlilegur þáttur í venjubundinni starfsemi skráningaraðilans.

Framangreind ákvæði eru byggð á því grundvallarviðhorfi um persónuvernd að nota beri persónuupplýsingar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti, afla þeirra í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og ekki nota þær í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi, sbr. samning Evrópuráðsins nr. 108/1981, um vernd einstaklinga varðandi vélfæra vinnslu persónuupplýsinga, sem Ísland er aðili að, sbr. auglýsingu utanríkisráðuneytisins nr. 5 27. mars 1991, er birtist í Stj.tíð. C, 1991.

Samkvæmt því sem rakið er hér að framan er Reiknistofu bankanna heimilt að halda mynda- og undirskriftaskrá í þágu banka, sparisjóða og annarra fjármálastofnana til að nota við að bera kennsl á viðskiptamenn. Einvörðungu er heimilt að miðla slíkum myndum úr skránni að slíkt sé eðlilegur þáttur í venjubundinni starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja, s.s. með útgáfu á greiðslukorti o.s.frv.

Af hálfu Reiknistofu bankanna hefur því verið haldið fram að þar sem atbeina viðkomandi banka og kortafyrirtækis þurfi til hafi Reiknistofan ekki haft neitt að segja um útgáfu umræddra korta. Enn fremur er það álit Reiknistofunnar að ef mynd af viðkomandi sé til í myndasafni, sé við notkun hennar stuðst við þá heimild, sem viðkomandi hafi veitt við afhendingu hennar.

Heimild sú sem viðkomandi einstaklingar veittu við afhendingu myndar í myndasafn RB, er bundin við þau viðskipti sem einstaklingurinn hugðist hafa við viðskiptabanka sinn. Ráðist var í útgáfu fyrrnefndra greiðslukorta og persónuupplýsingar notaðar við gerð þeirra án þess að samþykki viðkomandi einstaklinga væri leitað til þess.

Reiknistofa bankanna er, eins og fram er komið, handhafi starfsleyfis sem útgefið var 28. júní sl. Í starfsleyfinu segir m.a., auk þess er rakið var hér að framan undir lið III, að það sé bundið öllum skilmálum og skilyrðum er greini í lögum nr. 121/1989. Samkvæmt 28. gr. laganna, skal beita virkum ráðstöfunum er komi í veg fyrir að upplýsingar séu misnotaðar eða komist til óviðkomandi manna. Af því leiðir að sú skylda er lögð á Reiknistofuna sem leyfishafa, skrárhaldara, að hafa eftirlit með að réttar heimildir liggja að baki fyrirhugaðri vinnslu persónuupplýsinga, úr skránni hennar, svo sem samþykki eða umsókn viðkomandi viðskiptamanns við útgáfu greiðslukorta eða til annarrar notkunar skráa Reiknistofunnar, en þeirrar sem beinlínis er heimilud samkvæmt ákvæðum starfsleyfis Reiknistofunnar og lögum nr. 121/1989. Ekki verður því fallist á þau viðhorf Reiknistofu bankanna að hún hafi „ekkert að segja“ um útgáfu kortanna í ljósi þess að persónuupplýsingarnar voru fengnar úr skránni hennar við gerð kortanna.

3.

Af hálfu Íslandsbanka - FBA hf. hefur því verið haldið fram að þar sem ákvörðun um útgáfu Golfkorta hafi verið tekin á þingi Gólfambands Íslands og þar hafi verið fulltrúar allra þeirra golfklúbba sem starfandi eru innan þess, hafi þar með verið aflað heimilda til þess að afhenda bankanum skrá yfir félagsmenn einstakra golfklúbba og til útgáfu umræddra greiðslukorta.

Í fyrrnefndum úrskurði tölvunefndar í máli nr. 2000/558, er kveðinn var upp 30. október 2000, segir m.a.:

„Í málinu liggur fyrir að Gólf samband Íslands lét af hendi til Íslandsbanka-FBA hf. skrár yfir félagsmenn allra gólfklúbba sem eru aðilar að Gólf sambandi Íslands. Gólf samband Íslands hefur ekki fengið starfsleyfi samkvæmt ákvæði 1. mgr. 21. laga nr. 121/1989. Þá hefur Gólf sambandið heldur ekki aflað samþykkis félagsmanna gólfklúbba til að afhenda Íslandsbanka-FBA hf. upplýsingar um þá. Þar sem Gólf samband Íslands hefur ekki sýnt fram á að félagsmenn gólfklúbba samþykki með inngöngu sinni í slík félög, eða með öðrum hætti, að heimila Gólf sambandi Íslands afhendingu persónuupplýsinga til fjármálastofnana í því skyni að framleiða greiðslukort, gat sú ákvörðun gólfþings að heimila stjórn GSÍ „að vinna að GOLFKORTINU“ engu breytt í þessu sambandi, enda skýrlega mælt fyrir um í lögum nr. 121/1989 hver sé bær til að veita heimild til afhendingar slíkra upplýsinga“.

Svo sem í úrskurði þessum greinir er í lögum nr. 121/1989, skýrlega mælt fyrir um hver sé bær til að veita heimild til afhendingar upplýsinga sem þeirra er að framan greinir og sú ákvörðun gólfþings að heimila stjórn GSÍ „að vinna að Golfkortinu“ fékk því engu breytt í þessu sambandi. Er það álit Persónuverndar, að með notkun þeirra gagna, m.a. mynda- og undirskriftaskráa, sem eru í vörslu Reiknistofu bankanna og Íslandsbanka-FBA hf. með þeim hætti sem gert var, hafi umræddir aðilar, við gerð kortanna, notað persónuupplýsingar og skrár sem stofnað hafi verið til í öðrum tilgangi og á grundvelli heimilda sem ekki taka til slíkrar vinnslu er að framan greinir.

Greina má handhafa þeirra korta sem út voru gefin í tvennt með tilliti til þeirra heimilda til vinnslu persónuupplýsinga, sem á reynir í málinu. Annars vegar þá sem eru í viðskiptasambandi við Íslandsbanka-FBA hf. og hins vegar þá sem ekki eru það.

Viðskiptavinir Íslandsbanka-FBA hf. hafa látið bankanum í té mynd og sýnishorn af undirskrift sinni og fallist á svohljóðandi notkun á þeim persónuupplýsingum:


„Umsækjandi heimilar með undirskrift sinni notkun banka, sparisjóða og annarra fjármála- stofnana á mynd og undirskrift til að auka traust og öryggi í viðskiptum“.

Þessi heimild tók ekki til vinnslu persónuupplýsinga við óumbeðna útgáfu á greiðslukorti. Því má ljóst vera að við útgáfu umræddra greiðslukorta til viðskiptamanna sinna, hafi Íslandsbanki-FBA hf., farið út fyrir umboð það sem viðskiptamenn hans veittu honum, enda lágu eingöngu fyrir heimildir viðkomandi viðskiptamanna til bankans á myndum af þeim og undirskriftum þeirra og þeirri notkun sem þar af leiðir.

Þá verður að telja, hvað varðar útgáfu Íslandsbanka-FBA ehf. á greiðslukortum til einstaklinga sem ekki voru í viðskiptasambandi við bankann, að þar hafi verið um algert heimildarleysi bankans að ræða.

Úrskurðarorð:

Reiknistofu bankanna og Íslandsbanka-FBA hf. var óheimilt án samþykkis hlutaðeigandi einstaklinga að nota persónuupplýsingar um þá í þeim tilgangi að gefa út sérstök greiðslukort.



4. Lög og reglur

4.1. Almennt um efni laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Lög númer 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, tóku gildi þann 1. janúar 2001. Þau byggja á tilskipun Evrópusambandsins 95/46/ESB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga. Markmið tilskipunarinnar er að tryggja aukið öryggi og einkalífsvernd við vinnslu persónuupplýsinga. Hvatann að samningu hennar má rekja til þess að í sumum aðildarríkja ESB voru engin lög í gildi sem veittu einstaklingum vernd að því er varðar meðferð persónuupplýsinga, á sama tíma og önnur aðildarríki tryggðu verndina með þeim hætti sem best þekktist í heiminum. Auk þess vantaði nokkuð uppá að öll aðildarríkja ESB hefðu gerst aðilar að Evrópuráðssamningnum frá 1981. Var svo komið að þetta ósamræmi í lagasetningu í aðildarríkjum ESB stóð orðið í vegi fyrir frjálsu flæði persónuupplýsinga milli aðildarríki ESB, skapaði það með vandkvæði í efnahagslegu samstarfi þeirra og hindraði í raun að hinn frjálsi innri markaður fengi þrífist.

Samhliða gildistöku laga nr. 77/2000 féllu úr gildi lög nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, auk þess sem nauðsynlegar breytingar voru gerðar á ákvæðum ýmissa laga. Því gilda um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga sem fram fer samkvæmt öðrum lögum nema þau lög tilgreini annað sérstaklega. Með lögnum er ekki hallað á þann upplýsingarétt sem almenningi hafði þá þegar verið tryggður samkvæmt upplýsingalögum og stjórnsýslulögum.

4.1.1. Gildissvið laganna og skilgreiningar

Með persónuupplýsingum er, í skilningi pvl., átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem að unnt er að rekja beint eða óbeint til tiltekins einstaklings. Með vinnslu er í skilningi laganna t.d. átt við söfnun og skráningu; en undir hugtakið fellur jafnframt flokkun, varðveisla, breyting, leit, miðlun, eyðing, samtenging eða hver sú aðferð sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar eða loka fyrir aðgang að þeim. Ef farið er með persónuupplýsingar á einhvern slíkan hátt fellur sú meðferð undir gildissvið laganna. Lögina taka til rafrænnar vinnslu, en með því er átt við vinnslu sem er að öllu leyti eða að hluta til rafræn. Lögina gilda einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að vera hluti af skrá. Sem dæmi um slíkt má nefna spjaldskrár, skjalaskrár, lista og annað safn af handvirkum gögnum, sem innihalda persónuupplýsingar.

Hugtakið ábyrgðaraðili er skilgreint í lögnum sem sá aðili sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna. Meðal þess sem ábyrgðaraðila ber að gera er að viðhafa viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegri miðlun.

Með hugtakinu vinnsluaðili er í skilningi laganna átt við þann sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila. Vinnsluaðili má einungis starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila.

Því ná í grundvallaratriðum aðeins til upplýsinga varðandi einstaklinga en þau gilda þó að vissu marki um meðferð fjárhagsupplýsinga er varða fyrirtæki, stofnanir og aðrar lögpersónur, ef markmið þess aðila sem vinnur þær er að miðla þeim til annarra.

Lögin gilda ekki um meðferð einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða eru einvörðungu ætlaðar til persónulegra nota. Víkja má frá ákvæðum laganna að því marki sem það er nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs og tjáningarfrelsis. Ákvæði annarra laga um meðferð persónuupplýsinga sem tryggja hinum skráða betri rétt en lög nr. 77/2000 mæla fyrir um, ganga frammar ákvæðum þeirra.

Lögin gilda um vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi. Þau gilda einnig um vinnslu persónuupplýsinga þótt ábyrgðaraðili hafi staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi, en í slíkum tilvikum skal ábyrgðaraðili tilnefna fulltrúa sinn sem hefur staðfestu hér á landi. Gilda þá ákvæði laganna varðandi ábyrgðaraðila um þann fulltrúa eftir því sem við á. Hinn erlendi ábyrgðaraðili skal tilkynna Persónuvernd um fulltrúann. Lögin gilda m.ö.o. ekki um vinnslu persónuupplýsinga þótt ábyrgðaraðili hafi staðfestu hér á landi ef vinnslan fer ekki fram hér.

4.1.2. Viðmiðunarreglur um lögmæta vinnslu persónuupplýsinga.

Reglur um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga, svo sem skráningu, söfnun þeirra og miðlun er að finna í II. kafla laganna. Þar er m.a. að finna upptalningu á þeim atriðum sem ber að virða við meðferð persónuupplýsinga, s.s. um að vinna skuli þær í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og ekki vinna þær frekar í öðrum ósamrýmanlegum tilgangi. Enn fremur er mælt fyrir um áreiðanleika og gæði upplýsinganna og að hindra skuli ónauðsynlega söfnun og vinnslu persónuupplýsinga. Þá er einnig mælt fyrir um notkun kennitölu, rafræna vöktun o.fl.

Ein af meginreglum laganna er sú að söfnun, skráning og miðlun persónuupplýsinga sé heimil byggja hún á samþykki hins skráða. Hins vegar getur vinnsla og verið lögmæt í öðrum tilvikum eins og nánar er rakið í 8. og 9. gr. laganna.

Í V. kafla laganna eru reglur um flutning persónuupplýsinga úr landi. Er flutningur persónuupplýsinga til annars ríkis óheimill nema lög þess veiti persónuupplýsingum fullnægjandi vernd. Á það t.d. við um ríki sem framfylgja tilskipun 95/46/ESB. Enn fremur eru talin upp þau atriði sem líta ber til við mat á því hvort ríki sem ekki framfylgir tilskipuninni veiti persónuupplýsingum viðhlítandi vernd. Í 30. gr. eru tilgreindar undantekningar frá banni við því að einungis megi flytja persónuupplýsingar til slíks ríkis. Nægir að ein undantekning eigi við, en taka skal tillit til eðlis upplýsinganna, fyrirhugaðs tilgangs vinnslunnar og hve lengi hún muni vara.

4.1.3. Réttindi hins skráða / skyldur ábyrgðaraðila.

Í III. og IV. kafla laganna er fjallað um skyldur ábyrgðaraðila og réttindi hins skráða í tengslum við meðferð og vinnslu persónuupplýsinga sem varða hann sjálfan. M.a. er mælt fyrir um eftirfarandi:

• Réttur til almennrar vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga

Hver sem þess óskar á rétt á að fá almenna vitneskju frá ábyrgðaraðila um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á hans vegum og um tilgang hennar.

• Upplýsingaréttur

Hinn skráði á rétt á að fá vitneskju um hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með og í flestum tilvikum einnig um það hvernig meðferð þeirra er eða hefur verið háttað. Frá þessari meginreglu eru þó vissar undantekningar.

• Andmælaréttur

Hinum skráða er heimilt að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lögmætar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna nema kveðið sé á um annað í öðrum lögum. Eigi andmælin rétt á sér er ábyrgðaraðila óheimil frekari vinnsla umræddra upplýsinga. Þessi andmælaréttur birtist m.a. í fyrirmælum laganna um það að Hagstofa Íslands skuli halda skrá yfir þá sem ekki vilja að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarstarfsemi. Ábyrgðaraðilar sem starfa í beinni markaðssókn og þeir sem nota skrár með nöfnum, heimilisföngum, netföngum, símanúmerum o.þ.h., eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi skulu, áður en slík skrá er notuð bera hana saman við skrá Hagstofunnar til að koma í veg fyrir að markpóstur verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem eru því mótfallnir. Persónuvernd getur heimilað undanþágu frá þessari skyldu í sérstökum tilvikum. Þetta gildir, eftir því sem við á, einnig um markaðs-, neyslu- og skoðanakannanir.

• Réttur til rökstuðnings og skýringa

Hinn skráði á rétt á að fá rökstuðning fyrir ákvörðunum sem eru teknar um hans mál. T.d. á hann rétt á að fá rökstudda niðurstöðu stjórnvalds sem að öllu leyti er byggð á rafrænni vinnslu persónuupplýsinga. Hann getur einnig, ef svo ber undir, krafist þess að fá ákvörðunina handunna (reiknaða út í höndunum), enda varði hún persónulega hagi eða eiginleika hans og hafi verulega þýðingu fyrir hann.

• Leiðrétting og eyðing persónuupplýsinga

Ef skráðar hafa verið persónuupplýsingar sem eru rangar, villandi eða ófullkomnar ber ábyrgðaraðila, að eigin frumkvæði, að leiðrétta upplýsingarnar, eyða þeim, bæta við þær eða stöðva notkun þeirra. Þessi skylda hvílir á ábyrgðaraðila óháð því hvort hinn skráði hafi lagt fram kröfu þar að lútandi eða ekki. Hafi slíkum upplýsingum verið miðlað eða þær notaðar ber ábyrgðaraðila, eftir því sem honum er frekast unnt, að hindra að það skerði hagsmunum hans skráða.

• Fræðslu- og viðvörðunarskylda

Ábyrgðaraðili skal, þegar hann safnar persónuupplýsingum hjá hinum skráða, skýra hvert sé markmið söfnunarinnar, hvernig hagað verði auðkenningu upplýsinga, hverjum upplýsingarnar verði afhentar, hvort skylt sé að veita umbeðnar upplýsingar og hvaða afleiðingar það kunni að hafa í för með sér sé það ekki gert. Þá skal ábyrgðaraðili aðvara hinn skráða ef hann safnar persónuupplýsingum um hann frá öðrum en honum sjálfum.

• Skylda til tryggja öryggi og gæði persónuupplýsinga

Þeim sem vinna með persónuupplýsingar ber að viðhafa viðeigandi öryggisráðstafanir. Nánari leiðsögn um þetta er að finna í reglum Persónuverndar nr. 299/2001, um öryggi í vinnslu persónuupplýsinga.

Hafi ábyrgðaraðili eða vinnsluadili unnið persónuupplýsingar með ólögmætum hætti skal hann bæta hinum skráða það fjárhagslega tjón sem hann hefur orðið fyrir af þeim völdum. Ábyrgðaraðila verður þó ekki gert að bæta tjón sem hvorki verður rakið til mistaka né vanrækslu af hans hálfu eða vinnsluadila.

4.1.4. Tilkynningar

• Tilkynningarskylda

Ábyrgðaraðila ber að tilkynna Persónuvernd um vinnslu sína á persónuupplýsingum. Senda skal tilkynningu í upphafi vinnslu en ekki í hvert skipti sem hún fer fram. Verði breytingar á tilkynntri

vinnslu, s.s. ef unnið er með aðra tegund upplýsinga, upplýsingarnar afhentar öðrum eða gerðar til-tækar á annan hátt en tilgreint var í hinni upphaflegu tilkynningu, eða þær notaðar á annan hátt eða í öðrum tilgangi en þeim upphaflega, skal senda Persónuvernd nýja tilkynningu.

Ábyrgðaraðili skal senda nýja tilkynningu með uppfærðum upplýsingum þegar liðin eru þrjú ár frá því að hann sendi upphaflega tilkynningu til Persónuverndar - nema hann hafi áður tilkynnt um breytta vinnslu. Tilkynningu til Persónuverndar má koma á framfæri á þar til gerðu eyðublaði, sem er að finna á heimasíðu Persónuverndar, eða á prentuðu eyðublaði sem hægt er að nálgast á skrifstofu Persónuverndar. Allar tilkynningar sem Persónuvernd berast mynda eina skrá sem er almenn- ingi aðgengileg á heimasíðu Persónuverndar.

• Undanþágur frá tilkynningarskyldu

Vissar tegundir vinnslu almennra persónuupplýsinga eru undanþegnar tilkynningarskyldu. Það á t.d. við um vinnslu sem:

1. Er eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og tekur einungis til þeirra er tengjast starfi hans eða verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna.
2. Er ábyrgðaraðila nauðsynleg til efnda á lagaskyldum, enda sé vinnslan eingöngu í þágu þess aðila og upplýsingar ekki ætlaðar til opinberrar birtingar.
3. Er ábyrgðaraðila nauðsynleg til efnda á skyldum hans samkvæmt samningi við hinn skráða eða samkvæmt samningi aðila vinnumarkaðarins.
4. Aðeins felst í vinnslu upplýsinga sem gerðar hafa verið og eru almenningi aðgengilegar, enda sé hvorki um að ræða vinnslu með persónusnið, skv. 23. gr. laga nr. 77/2000, né vinnslu sem felst í því að tengja upplýsingar saman og nota almennt aðgengilegar upplýsingar með öðrum persónu- upplýsingum sem ekki hafa verið gerðar aðgengilegar.
5. Telst til rafrænnar vöktunar, nema hún sé að öllu leyti eða að hluta til stafræn eða unnin þannig að með skjótvirkum hætti megi finna í safni mynda/hljóða upplýsingar um tilgreinda menn.
6. Er að öllu leyti handunnin.

Framangreindar undanþágur gilda þó ekki um þá sem safna og miðla persónuupplýsingum um fjár- hagsstöðu og lánstraust einstaklinga. Þær eiga heldur ekki við um þá sem vinna upplýsingar um mati á árangri manna, s.s. um einkunnir nemenda eða frammistöðu starfsmanna, né um þá sem vinna með upplýsingar um félagsleg vandamál eða önnur einkalífsatriði, s.s. hjónaskilnaði, samvistarlit, fóstursamninga og ættleiðingar, enda þótt vinnslan byggji á samþykki viðkomandi eða á fyrirmælum laga. Loks er tilkynningarskyld öll vinnsla sem felur í sér flutning persónuupplýsinga úr landi.

Sendanda tilkynningar er heimilt að hefja vinnslu þegar honum berst staðfesting frá Persónu- vernd um móttöku tilkynningarinnar. Honum er þó ávallt heimilt að byrja vinnslu þegar liðin eru 10 dagar frá því að hann sendi tilkynninguna. Persónuvernd getur engu að síður, hvenær sem er, stöðvað vinnslu sem hún telur vera ólögmeta eða sett skilmála fyrir því að henni megi halda áfram.

4.1.5. Leyfi til vinnslu

Til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga getur þurft leyfi Persónuverndar. Það á þó ekki alltaf við, t.d. ef samþykki hins skráða liggur fyrir eða ef sérstök heimild stendur til vinnslunnar samkvæmt öðrum lögum. Það að vinnsla sé leyfisskyld felur í sér að ekki má hefja hana fyrr en Persónuvernd hefur gefið leyfi til þess og bundið það þeim skilmálum sem hún telur nauðsynlega. Forsendur leyfis- veitingar eru að ábyrgðaraðili sé líklegur til að geta uppfyllt skyldur sínar.

Samkvæmt 7. gr. reglna nr. 90/2001 er óheimilt að byrja:

1. Vinnslu sem lýtur að samkeyrslu skráar sem hefur að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar við aðra skrá, hvort sem sú hefur að geyma almennar eða viðkvæmar persónuupplýsingar. Slík sam- keyrsla er þó ekki leyfisskyld byggist hún á sérstakri lagaheimild, eða ef skrá er einvörðungu sam- keyrð við Þjóðskrá, s.s. til að uppfæra heimilisföng.

2. Vinnslu sem tengist framkvæmd erfðarannsóknar nema aðeins sé unnið með ópersónugreinanleg- ar upplýsingar. Þetta á þó ekki við um erfðarannsóknir sem eru nauðsynlegar vegna læknismeð- ferðar;
3. Vinnslu upplýsinga um refsiverðan verknad manns og sakaferil, upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, kynlíf og kynhegðan, nema vinnslan sé nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í starf- semi viðkomandi aðila.
4. Söfnun og miðlun persónuupplýsinga um fjárhagsstöðu og lánstraust.
5. Vinnslu upplýsinga um félagsleg vandamál manna eða önnur einkalífsatriði, s.s. hjónaskilnaði, samvistarlit, ættleiðingar og fóstursamninga, nema vinnslan byggji á samþykki hins skráða eða fyrirmælum laga.
6. Vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem ekki fellur undir ákvæði 1. mgr. 9. gr. laga um per- sónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Að öðru leyti er, án leyfis Persónuverndar, óheimilt er að hefja vinnslu almennra eða viðkvæmra per- sónuupplýsinga, geti hún falið í sér sérstaka hættu á að raskað verði réttindum og frelsi manna.

4.1.6. Öryggisreglur

Samkvæmt lögum ber ábyrgðaraðila, við alla vinnslu persónuupplýsinga, að gæta þess að tryggja öryggi vinnslunnar. Persónuvernd hefur m.a. sett reglur um þessi atriði. Þær hafa verið birtar í Stjórnartíðindum og eru nr. 299/2001. Þær má finna í riti þessu og á heimasíðu stofnunarinnar. Samkvæmt þeim skal ábyrgðaraðili taka afstöðu til öryggis upplýsinga og sýna stuðning sinn við upplýsingaöryggi með því að gefa út og viðhalda alhlíða öryggisstefnu. Samkvæmt reglunum skal ábyrgðaraðili m.a.:

- a) Framkvæma áhættumat. Við gerð áhættumats skal draga saman hvað geti farið úrskaiðis, hvaða áhrif slíkt geti haft á öryggi upplýsinganna og hvaða líkur séu á slíku.
- b) Þegar áhættumat liggur fyrir skal ábyrgðaraðili gera viðeigandi öryggisráðstafanir til að vernda per- sónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi, gegn óleyfilegum aðgangi og gegn allri annarri ólögumatri vinnslu. Sé persónuupplýsingum miðlað um Netið skal viðhafa sérstakar varúðarráðstafanir, allt þó eftir eðli þeirra upplýsinga sem unnið er með.
- c) Skjalfesta lýsingu á þeim öryggisráðstöfunum sem valdar hafa verið. Þar skal því lýst hvernig vinnslu persónuupplýsinga verði hagað til að öryggis verði gætt, gæði og áreiðanleiki upplýsing- anna tryggður og friðhelgi einkalífs virt. Í lýsingunni skal m.a. koma fram hvernig innra öryggi verði tryggt (þ.á.m. með aðgangsstjórnun) hvernig ytra öryggi verði tryggt (þ.á.m. öryggi hús- næðis og búnaðar) hvernig brugðist verði við áföllum í rekstri vinnslukerfisins o.s.frv. Sem dæmi um stjórnunarlega ráðstöfun má nefna afmörkun hlutverka og skyldna hvers starfsmanns. Sem dæmi um tæknilegar öryggisráðstafanir má nefna aðgangsstjórnun, dulkóðun eða eyðingu per- sónuauðkenna rekjanleika uppflettinga og vinnsluáðgerða, varðveislu persónuupplýsinga á frístandandi/ónettengdri tölvu, að viðhafa öryggisvörslu - s.s. með rafrænni vöktun, gera ráðstaf- anir til að starfsmenn geti ekki eytt upplýsingum, afritað þær (s.s. á fartölvur), samkeyrt o.s.frv., sívirkar vírusvarnir o.s.frv.
- d) Ákveða tilhögun innra eftirlits sem m.a. skal felast í því að skoða hvort vinnslan sé heimil skv. lögum nr. 77/2000, hvort fullnægt hafi verið tilkynningar- eða, eftir atvikum, leyfisskyldu þeirri sem kveðið er á um í lögum og hvort að í framkvæmd séu virt lagaákvæði um rétt hins skráða.

4.1.7. Hlutverk vinnsluaðila

Ábyrgðaraðila er heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast, í heild eða að hluta til, þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum laga og reglna sem Persónuvernd hefur sett. Slíkt er þó m.a. háð því skilyrði að ábyrgðaraðili hafi áður sannreynt að umræddur vinnsluaðili geti uppfyllt þær öryggisráðstafanir sem um vinnsluna gilda, þ.m.t. um innra eftirlit, og geti tryggt að þeim verði framfylgt. Samningur skal vera skriflegur og a.m.k. í tveimur eintökum.

4.2. Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 með þeim breytingum, sem gerðar voru á lögnum á árinu 2001.

I. KAFLI

Markmið, skilgreiningar og gildissvið.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Sérstök stofnun, Persónuvernd, annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna sem settar verða samkvæmt þeim, sbr. nánar ákvæði 36. gr.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða og hugtaka í lögum þessum er sem hér segir:

1. Persónuupplýsingar: Sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi.
2. Vinnsla: Sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn.
3. Skrá: Sérhvert skipulagsbundið safn persónuupplýsinga þar sem finna má upplýsingar um einstaka menn.
4. Ábyrgðaraðili: Sá aðili sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna.
5. Vinnsluáðili: Sá sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila.
6. Rafræn vöktun: Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði.
7. Samþykki: Sérstök, ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykktur vinnslu tiltekinnar upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv.
8. Viðkvæmar persónuupplýsingar:
 - a. Upplýsingar um uppruna, litarhátt, kynþátt, stjórnmálaskoðanir, svo og trúar- eða aðrar lífs- skoðanir.
 - b. Upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknad.
 - c. Upplýsingar um heilsuhagi, þar á meðal um erfðaeiginleika, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun.
 - d. Upplýsingar um kynlíf manna og kynhegðan.
 - e. Upplýsingar um stéttarfélagsaðild.
9. Sértæk ákvörðun: Ákvörðun sem afmarkar rétt og/eða skyldur eins eða fleiri tilgreindra einstaklinga.

3. gr.

Efnislegt gildissvið.

Lögin gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga. Lögin gilda einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá.

Ákvæði 16., 18.–21., 24., 26., 31. og 32. gr. laganna gilda ekki um vinnslu persónuupplýsinga sem varða almannaöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu. Lögin gilda ekki um meðferð einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða eru einvörðungu ætlaðar til persónulegra nota.

4. gr.

Sjónvarpsvöktun og myndataka.

Um rafræna vöktun sem fer fram með notkun sjónvarpsmyndavéla, myndbandsbúnaðar, vefmynda- véla eða annars samsvarandi myndatökubúnaðar (sjónvarpsvöktun), og ekki telst vera rafræn vinnsla, fer samkvæmt eftirtöldum ákvæðum: 7. gr. um meðferð upplýsinga, 24. gr. um viðvaranir um rafræna vöktun, 40. gr. um stöðvun vinnslu o.fl. og 41. gr. um dagsektir, svo og, eftir því sem við á, ákvæðum 31. gr. um tilkynningarskyldu, 32. gr. um efni tilkynninga og 38. gr. um aðgang Persónuverndar að upplýsingum o.fl.

5. gr.

Tengsl við tjáningarfrelsi.

Að því marki sem það er nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar má víkja frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta. Þegar persónuupplýsingar eru einvörðungu unnar í þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi gilda aðeins ákvæði 4. gr., 1. og 4. tölul. 7. gr., 11.–13. gr. og 24., 28., 42. og 43. gr. laganna.

6. gr.

Landfræðilegt gildissvið.

Lögin gilda um vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi, enda fari vinnsla persónuupplýsinganna fram á Evrópska efnahagssvæðinu eða í landi eða á stöðum sem Persónuvernd auglýsir í Stjórnartíðindum.

Lögin gilda einnig um vinnslu persónuupplýsinga þótt ábyrgðaraðili hafi staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.

Lögin gilda einnig um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust lögaðila, sbr. 45. gr. laganna, enda þótt ábyrgðaraðili hafi ekki staðfestu hér á landi, ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.

Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda ekki ef umræddur tækjabúnaður er einungis notaður til að flytja persónuupplýsingar um Ísland.

Þegar svo hagar til sem greinir í 2. og 3. mgr. skal ábyrgðaraðili tilnefna fulltrúa sinn sem hefur staðfestu hér á landi og gilda þá ákvæði laganna varðandi ábyrgðaraðila um þann fulltrúa eftir því sem við á.^[1]

II. KAFLI

Almennar reglur um vinnslu persónuupplýsinga.

7. gr.

[Meginreglur um gæði gagna og vinnslu.]^[2]

Við meðferð persónuupplýsinga skal allra eftirfarandi þátta gætt:

1. að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga;
2. að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi, en frekari vinnsla í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi telst ekki ósamrýmanleg að því tilskildu að viðeigandi öryggis sé gætt;
3. að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar;
4. að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, persónuupplýsingar sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal afmá eða leiðrétta;
5. að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu.

[Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga uppfylli ávallt ákvæði 1. mgr.]^[3]

(1) 1. gr. l. 90/2001

(2) b-liður 2. gr. l. 90/2001

(3) a-liður 2. gr. l. 90/2001

8. gr.

[*Almennar reglur um heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga.*]^[4]

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að einhverjir eftirfarandi þátta séu fyrir hendi:

1. [hinn skráði hafi ótvírætt samþykkt vinnsluna eða veitt samþykki skv. 7. tölul. 2. gr.]^[5]
2. vinnslan sé nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður;
3. vinnslan sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila;
4. vinnslan sé nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða;
5. vinnslan sé nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna;
6. vinnslan sé nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili, eða þriðji maður sem upplýsingum er miðlað til, fer með;
7. vinnslan sé nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra.

Rafræn vöktun staðar þar sem takmarkaður hópur fólks fer að jafnaði um er heimil sé hennar sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

[Persónuvernd getur heimilað vinnslu persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í 1. og 2. mgr. ef sýnt þykir að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hins skráða, krefjist þess. Skal þá ótvírætt að þörfin fyrir vinnsluna vegi þyngra en tillitid til þess að hún fari ekki fram. Getur Persónuvernd bundið slík leyfi þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hins skráða.]^[6]

9. gr.

[*Sérstök skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.*]^[7]

[Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er óheimil nema uppfyllt sé eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og enn fremur eitthvert af eftirfarandi skilyrðum.]^[8]

1. hinn skráði samþykki vinnsluna;
2. sérstök heimild standi til vinnslunnar samkvæmt öðrum lögum;
3. ábyrgðaraðila beri skylda til vinnslunnar samkvæmt samningi aðila vinnnumarkaðarins;
4. vinnslan sé nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða eða annars aðila sem ekki er sjálfur fær um að gefa samþykki sitt skv. 1. tölul.;
5. vinnslan sé framkvæmd af samtökum sem hafa stéttarfélagsleg markmið eða af öðrum samtökum sem ekki starfa í hagnaðarskyni, svo sem menningar-, líknar-, félagsmála- eða hugsjónasamtökum, enda sé vinnslan liður í lögmætri starfsemi samtakanna og taki aðeins til félagsmanna þeirra eða einstaklinga sem samkvæmt markmiðum samtakanna eru, eða hafa verið, í reglubundnum tengslum við þau; slíkum persónuupplýsingum má þó ekki miðla áfram án samþykkis hins skráða;
6. vinnslan taki einungis til upplýsinga sem hinn skráði hefur sjálfur gert opinberar;
7. vinnslan sé nauðsynleg til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja;
8. vinnslan sé nauðsynleg vegna læknismedferðar eða vegna venjubundinnar stjórnsýslu á sviði heilbrigðisþjónustu, enda sé hún framkvæmd af starfsmanni heilbrigðisþjónustunnar sem bundinn er þagnarskyldu;
9. vinnslan sé nauðsynleg vegna tölfræði- eða vísindarannsóknna, enda sé persónuvernd tryggð með tilteknum ráðstöfunum eftir því sem við á.

Persónuvernd getur heimilað vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í 1. mgr. telji hún brýna almannahagsmuni mæla með því. Persónuvernd bindur slíka heimild þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hinna skráðu.

Persónuvernd setur, að fenginni umsögn vísindasiðanefndar, reglur um hvernig velja má og nálgast fólk til þátttöku í vísindarannsóknnum og hvaða fræðslu skuli veita því áður en samþykkis þess er óskað.

Persónuvernd leysir úr ágreiningi um hvort persónuupplýsingar skuli teljast viðkvæmar eða ekki.

10. gr.

[*Notkun kennitölu.*]

Notkun kennitölu er heimil eigi hún sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Persónuvernd getur bannað eða fyrirskipað notkun kennitölu.

11. gr.

[*Áhættumat, öryggi og gæði persónuupplýsinga.*]

Ábyrgðaraðili skal gera viðeigandi tæknilegar og skipvlg.agslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi.

Beita skal ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat og öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga séu í samræmi við lög, reglur og fyrirmæli Persónuverndar um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður að skuli fylgt.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat sé endurskoðað reglulega og öryggisráðstafanir endurbættar að því marki sem þörf krefur til að uppfylla ákvæði þessarar greinar.

Ábyrgðaraðili skal skrá með hvaða hætti hann mótar öryggisstefnu, gerir áhættumat og ákveður öryggisráðstafanir. Skal Persónuvernd hafa aðgang að upplýsingum um framangreind atriði hvenær sem hún óskar.]^[9]

12. gr.

[*Innra eftirlit.*]

Ábyrgðaraðili skal viðhafa innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglur og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið.

Innra eftirlit skal viðhaft með reglubundnum hætti. Tíðni eftirlitsins og umfang þess skal ákveðið með hliðsjón af áhættunni sem er samfara vinnslunni, eðli þeirra gagna sem unnið er með, þeirri tækni sem notuð er til að tryggja öryggi upplýsinganna og kostnaði af framkvæmd eftirlitsins. Það skal þó eigi fara fram sjaldnar en árlega.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að gerð sé skýrsla um hverja aðgerð sem er liður í innra eftirliti. Í slíkri skýrslu skal lýsa niðurstöðu hvers þáttar eftirlitsins. Skýrslur um innra eftirlit skal varðveita tryggilega. Persónuvernd hefur rétt til að aðgangs að þeim hvenær sem er.

Persónuvernd getur sett frekari fyrirmæli um framkvæmd innra eftirlits og veitt undanþágu frá því að slíkt innra eftirlit skuli viðhaft eða takmarkað til hvaða þátta í vinnslunni það skuli taka.]^[10]

13. gr.

[*Trúnaðarskylda vinnsluaðila við meðferð persónuupplýsinga.*]

Ábyrgðaraðila er heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast, í heild eða að hluta, þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum laga þessara. Slíkt er þó háð því skilyrði að ábyrgðaraðili hafi áður sannreynt að umræddur vinnsluaðili geti framkvæmt viðeigandi öryggisráðstafanir og viðhaft innra eftirlit skv. 12. gr. laga þessara.

Samningur skv. 1. mgr. skal vera skriflegur og a.m.k. í tveimur eintökum. Þar skal m.a. koma fram að vinnsluaðila sé einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila og að ákvæði laga þessara um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast. Ábyrgðaraðili og vinnsluaðili skulu hvor varðveita sitt eintak af samningnum.

Hverjum þeim er starfar í umboði ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila, að vinnsluaðila sjálfum meðtöldum, og hefur aðgang að persónuupplýsingum, er aðeins heimilt að vinna með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila nema lög mæli fyrir á annan veg.

Hafi vinnsluaðili staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr., skal jafnframt mælt svo fyrir í samningi að lög og reglur þess ríkis þar sem vinnsluaðili hefur

staðfestu gildi um öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga. Getur Persónuvernd t.d. í auglýsingu í Stjórnartíðindum áskilið að slíkur samningur innihaldi stöðluð ákvæði sem séu í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Sama á við þegar ábyrgðaraðili hefur staðfestu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en vinnsluaðili ekki fari vinnslan fram í landi eða á stöðum sem upp eru taldir í auglýsingu sem Persónuvernd gefur út.^[11]

14. gr.

Frestur til að fullnægja skyldum.

Ábyrgðaraðili skal afgreiða erindi samkvæmt ákvæðum 16., 18., 22., 25., 26., 27. og 28. gr. svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku þess.

Ef sérstakar ástæður valda því að ómögulegt er fyrir ábyrgðaraðila að afgreiða erindi innan eins mánaðar er honum heimilt að gera það síðar. Þegar svo hagar til skal ábyrgðaraðili innan mánaðarfrestsins gefa hlutaðeigandi skriflegar skýringar á ástæðum tafarinnar og hvenær svars sé að vænta.

15. gr.

Greiðsla kostnaðar.

Verða skal við erindi samkvæmt ákvæðum 16., 18., 22., 25., 26., 27. og 28. gr. án þess að taka fyrir það sérstakt gjald. Þó má, ef um er að ræða mikinn kostnað, svo sem vegna ljósritunar skjala, taka greiðslu fyrir samkvæmt gjaldskrá sem ákveðin er af dómsmálaráðherra með reglugerð.

III. KAFLI

Upplýsingaréttur og upplýsingaskylda.

Fræðslu- og viðvörðunarskylda.

Réttur til rökstuðnings.

16. gr.

Réttur til almennrar vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðila er skylt að veita hverjum sem þess óskar almenna vitneskju um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á hans vegum.

Þeim sem þess óskar skal enn fremur, að því er varðar tiltekna tegund vinnslu, veitt vitneskja um eftirtalin atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6.gr.;
2. hver ber daglega ábyrgð á því að fullnægt sé skyldum ábyrgðaraðila samkvæmt lögum þessum;
3. tilgang vinnslunnar;
4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum persónuupplýsinga sem unnið er með;
5. hvaðan upplýsingar koma;
6. viðtakendur upplýsinga, þar á meðal um hvort ætlunin sé að flytja upplýsingar úr landi og þá til hverra.

Kröfu skv. 1. mgr. skal beint til ábyrgðaraðila, eða fulltrúa hans skv. 6. gr., og má krefjast skriflegrar greinargerðar um þau atriði sem óskað er vitneskju um.

17. gr.

Opinber skrá um veittar heimildir og móttæknar tilkynningar.

Persónuvernd skal halda skrá yfir alla vinnslu sem henni er tilkynnt um í samræmi við 31. gr. og þá vinnslu sem hún heimilar skv. 33. gr. Þar skulu að lágmarki koma fram þau atriði sem talin eru í 2. mgr. 16. gr.

Skráin skal vera aðgengileg almenningi með þeirri aðferð sem Persónuvernd ákveður.

18. gr.

Upplýsingaréttur hins skráða.

Hinn skráði á rétt á að fá frá ábyrgðaraðila vitneskju um:

1. hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með;
2. tilgang vinnslunnar;
3. hver fær, hefur fengið eða mun fá upplýsingar um hann;
4. hvaðan upplýsingarnar koma;
5. hvaða öryggisráðstafanir eru viðhafðar við vinnslu, enda skerði það ekki öryggi vinnslunnar.

Kröfu um vitneskju skv. 1. mgr. skal beina til ábyrgðaraðila eða fulltrúa hans skv. 6. gr. Veita skal vitneskju skriflega sé þess óskað.

19. gr.

Takmarkanir á upplýsingarétti hins skráða.

Réttur hins skráða til að fá vitneskju skv. 18. gr. nær ekki til upplýsinga sem einvörðungu eru notaðar til tölfræðivinnslu eða vísindarannsóknna, enda geti vinnsla þeirra ekki haft bein áhrif á hagsmuni hans.

Ákvæði 18. gr. eiga ekki við ef réttur hins skráða samkvæmt því ákvæði þykir eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir hagsmunum annarra eða hans eigin. Skal þá m.a. tekið tillit til heilsu hins skráða og hagsmuna venslamanna hans. Þó má samkvæmt beiðni veita umboðsmanni hins skráða vitneskjuna, enda mæli engar sérstakar ástæður gegn því.

Réttur hins skráða til að fá vitneskju samkvæmt ákvæðum 18. gr. nær ekki til upplýsinga sem eru undanþegnar aðgangi samkvæmt upplýsinga- eða stjórnsýslulögum. Þegar um er að ræða gögn í vörslu annarra ábyrgðaraðila en stjórnvalda ná ákvæði 18. gr. ekki til vitneskju um efni vinnuskjala eða annarra sambærilegra gagna sem unnin eru af ábyrgðaraðila sjálfum eða aðilum á hans vegum, t.d. sérstökum ráðgjöfum eða sérfræðingum.

Þótt gögn séu undanþegin upplýsingarétti hins skráða skv. 3. mgr. getur hann óskað greinargerðar um efnislegt innihald þeirra, útdráttar eða annars konar samantektar nema hann geti kynnt sér staðreyndir málsins með öðrum hætti.

Dragi veiting vitneskju um tiltekna upplýsingar úr möguleikum á að leiða til lykta mál sem er til meðferðar má fresta veitingu upplýsinganna þar til lokið er undirbúningi málsmeðferðar.

Persónuvernd getur sett skilmála um beitingu upplýsingaréttar hins skráða í reglum sem ráðherra staðfestir.

20. gr.

Fræðsluskylda þegar persónuupplýsinga er aflað hjá hinum skráða.

Þegar safnað er persónuupplýsingum hjá hinum skráða skal fræða hann um hver sé ábyrgðaraðili, hvert sé markmið söfnunarinnar, hvernig hagað verði auðkenningu upplýsinga, hverjum upplýsingarnar verði afhentar, hvort honum sé skylt eða valfrjálst að veita umbeðnar upplýsingar og hvaða afleiðingar það kunni að hafa í för með sér sé það ekki gert. Fræðsluskyldan hvílir á ábyrgðaraðila, eða eftir atvikum vinnsluáðila, en fellur brott hafi hinn skráði þegar fengið vitneskju um þessi atriði.

Frekari fræðslu skal veita ef slíkt er nauðsynlegt til að tryggja að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, t.d. fræða hann um upplýsingarétt sinn skv. 18., sbr. 19. gr., og rétt hans til að krefjast þess að upplýsingar verði leiðréttaðar eða þeim eytt.

21. gr.

Viðvörðunarskylda þegar persónuupplýsingum er safnað frá öðrum en hinum skráða.

Þegar persónuupplýsingum er safnað frá öðrum en hinum skráða skal ábyrgðaraðili samtímis gera hinum skráða viðvart og skýra honum frá þeim atriðum sem talin eru í 2. mgr. 16. gr. Sé ætlunin að

miðla upplýsingunum innan hæfilegra tímamarka frá söfnun þeirra má fresta slíkri viðvörðun þar til upplýsingunum er miðlað í fyrsta sinn. Ábyrgðaraðili sem annast miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust skal þó senda slíka viðvörðun 14 dögum áður en slíkum upplýsingum er miðlað í fyrsta sinn.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef:

1. viðvörðun er að mati Persónuverndar óframkvæmanleg eða leggur þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast,
2. ætla má að hinum skráða sé þegar kunnugt um vinnsluna eða
3. lagaheimild stendur til skráningar eða miðlunar upplýsinganna.

22. gr.

Rökstuðningur sértækra ákvarðana sem byggjast á sjálfvirkri upplýsingavinnslu.

Ef fyrir liggur sértæk ákvörðun sem að öllu leyti er byggð á rafrænni vinnslu persónuupplýsinga getur sá sem ákvörðunin beinist að krafist rökstuðnings fyrir niðurstöðunni. Í rökstuðningi skal ábyrgðaraðili gera grein fyrir þeim reglum sem hin rafræna vinnsla byggist á og liggja ákvörðuninni til grundvallar.

23. gr.

Viðvaranir um notkun persónusníða.

Þegar persónusníð sem skilgreinir tiltekið háttætti, smekk, hæfileika eða þarfir er lagt til grundvallar:

1. við sértæka ákvörðun skv. 9. tölul. 2. gr. eða
 2. við að nálgast hinn skráða, velja úrtak, markhóp o.s.frv., getur Persónuvernd, þegar henni berst tilkynning um slíka vinnslu, ákveðið að ábyrgðaraðili geri hinum skráða viðvart og greini frá því hver sé ábyrgðaraðili vinnslunnar, hvaða upplýsingar hann noti og hvaðan þær komi.
- Við ákvörðun skv. 1. mgr. skal Persónuvernd m.a. líta til þess hvort viðvörðun er að hennar mati óframkvæmanleg eða leggi þyngri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast.

24. gr.

Viðvaranir um rafræna vöktun.

Þegar rafræn vöktun fer fram á vinnustað eða á almannafæri skal með merki eða á annan áberandi hátt gera glögglega viðvart um þá vöktun og hver sé ábyrgðaraðili.

IV. KAFLI

Leiðrétting, eyðing, lokun o.fl.

25. gr.

Leiðrétting og eyðing rangra og villandi persónuupplýsinga.

Ef skráðar hafa verið persónuupplýsingar sem eru rangar, villandi eða ófullkomnar, eða persónuupplýsingar hafa verið skráðar án tilskilinnar heimildar, skal ábyrgðaraðili sjá til þess að upplýsingarnar verði leiðréttaðar, þeim eytt eða við þær aukið ef umræddur annmarki getur haft áhrif á hagsmuni hins skráða. Hafi slíkum upplýsingum verið miðlað eða þær notaðar ber ábyrgðaraðila, eftir því sem honum er frekast unnt, að hindra að það hafi áhrif á hagsmuni hins skráða.

Ef eyðing eða breyting þeirra upplýsinga sem um ræðir í 1. mgr. er óheimil samkvæmt ákvæðum annarra laga getur Persónuvernd bannað notkun upplýsinganna.

26. gr.

Eyðing og bann við notkun persónuupplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi.

Þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita persónuupplýsingar skal ábyrgðaraðili eyða þeim. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á fyrirmælum í lögum eða á því að ábyrgðaraðili vinni enn með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra.

Ef ákvæði annarra laga standa því ekki í vegi getur skráður aðili engu síður krafist þess að upplýsingum um hann skv. 1. mgr. sé eytt eða notkun þeirra bönnuð ef slíkt telst réttlæt看legt út frá heildstæðu hagsmunamati. Við slíkt hagsmunamat skal taka tillit til hagsmuna annarra, almennra persónuverndarhagsmuna, almannahagsmuna og þeirra aðgerða sem þörf er á til að verða við kröfunni.

Persónuvernd getur, bæði í einstökum tilvikum eða með setningu almennra reglna, bannað notkun slíkra upplýsinga eða mælt fyrir um eyðingu þeirra.

27. gr.

Réttur til að fá ákvörðun sem byggist á handvirkri vinnslu upplýsinga.

Ef fyrir liggur sértæk ákvörðun í skilningi 9. tölul. 2. gr., sem að öllu leyti hefur byggst á sjálfvirkri vinnslu persónuupplýsinga, getur sá sem ákvörðunin beinist að, eða mál varðar beinlínis með öðrum hætti, krafist þess að fá ákvörðunina handunna, enda sé um að ræða ákvörðun sem varðar persónulega hagi eða eiginleika hans og hefur verulega þýðingu fyrir hann.

Réttur skv. 1. mgr. er ekki til staðar ef beitt er viðhlítandi ráðstöfunum til að gæta persónuverndarhagsmuna viðkomandi og um er að ræða ákvörðun sem byggist á fyrirmælum laga eða tengist gerð eða efndum samnings.

28. gr.

[Um andmælarétt hins skráða og um bannskrá Hagstofunnar.

Hinum skráða er heimilt að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lög-mætar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna nema kveðið sé á um annað í öðrum lög-um. Eigi andmælin rétt á sér er ábyrgðaraðila óheimil frekari vinnsla umræddra upplýsinga.

Hagstofa Íslands skal halda skrá yfir þá sem andmæla því að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarfsemi, en Hagstofa Íslands setur nánari reglur um gerð og notkun slíkra skráa og hvaða upplýsingar skuli koma þar fram í samráði við Persónuvernd. Ábyrgðaraðilar sem starfa í beinni markaðssókn og þeir sem nota skrá með nöfnum, heimilisföngum, netföngum, símanúmerum og þess háttar eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi skulu, áður en slík skrá er notuð í slíkum tilgangi, bera hana saman við skrá Hagstofunnar til að koma í veg fyrir að markpóstur verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem hafa andmælt slíku. Persónuvernd getur heimilað undanþágu frá þessari skyldu í sérstökum tilvikum.

Öll notkun bannskrár skv. 2. mgr. er óheimil í öðrum tilgangi en þar er lýst.

Skylt er að nafn ábyrgðaraðila komi fram á áberandi stað á útsendum markpósti og hvert þeir sem andmæla því að fá slíkan markpóst og marksímtöl geti snúið sér. Viðtakandi markpósts á rétt á að fá vitneskju um hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingu eða útsendingu til grundvallar. Þetta gildir ekki um markaðssetningu ábyrgðaraðila á eigin vöru og þjónustu sem notar eigin viðskiptamannaskrár, enda beri útsent efni með sér hvaðan það kemur.

Ábyrgðaraðila er heimilt að afhenda félaga-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota í tengslum við markaðssetningarstarfsemi. Þetta á þó aðeins við ef:

1. ekki telst vera um afhendingu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða,
2. hinum skráðu hefur, áður en afhending fer fram, verið gefinn kostur á að andmæla því, hverjum fyrir sitt leyti, að upplýsingar um viðkomandi birtist á hinni afhentu skrá,
3. slíkt fer ekki gegn reglum eða samþykktum viðkomandi félags,

4. ábyrgðaraðili kannar hvort einhver hinna skráðu hefur komið andmælum á framfæri við Hagstofuna, sbr. 2. mgr., og eyðir upplýsingum um viðkomandi áður en hann lætur skrána af hendi.

Ákvæði 5. mgr. gildir ekki ef afhending félaga-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota við dreifingu markpósts byggist á samþykki hins skráða, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr.

Ákvæði 1.–5. mgr. gilda, eftir því sem við á, einnig um markaðs-, neyslu- og skoðanakannanir. Persónuvernd er heimilt að undanþiggja vísindarannsóknir og hliðstæðar rannsóknir slíkum takmörkunum, enda þyki ljóst að slíkt geti skert til muna áreiðanleika niðurstöðu rannsóknarinnar.^[12]

V. KAFLI

Flutningur persónuupplýsinga úr landi.

29. gr.

Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd.

Heimill er flutningur persónuupplýsinga til annars ríkis ef lög þess veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd.

Ríki sem framfylgir tilskipun Evrópusambandsins 95/46/ESB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga telst fullnægja skilyrðum 1. mgr. [Sama á við um lönd eða staði sem Persónuvernd auglýsir í Stjórnartíðindum að virtum ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins.]^[13]

Við mat á því hvort ríki sem ekki framfylgir tilskipun 95/46/ESB fullnægi skilyrðum 1. mgr. skal m.a. líta til reglna viðkomandi ríkis um meðferð persónuupplýsinga, reglna um góða viðskiptahætti og þeirra öryggisráðstafana sem viðhafðar eru hjá viðtakanda. Þá skal taka mið af því hvort viðkomandi ríki hafi fullgilt samning Evrópuráðsins nr. 108 frá 28. janúar 1981, um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga.

30. gr.

Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd.

Óheimill er flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd nema:

1. hinn skráði hafi samþykkt flutninginn, eða
2. slíkt sé nauðsynlegt til efnda á þjóðréttarskuldbindingum eða vegna aðildar Íslands að alþjóðastofnun, eða
3. heimild standi til slíks flutnings í öðrum lögum, eða
4. afhendingin sé nauðsynleg til að gera eða efna samning milli hins skráða og ábyrgðaraðila, eða
5. flutningurinn sé nauðsynlegur til að gera eða efna samning í þágu hins skráða, eða
6. afhendingin sé nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða.
7. ef miðlun er nauðsynleg eða fyrirskipuð samkvæmt lögum vegna þess að brynir almannahagsmunir krefjast þess eða til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur, eða
8. um sé að ræða upplýsingar sem almennur aðgangur er að.^[14]

Persónuvernd getur heimilað flutning upplýsinga til ríkis er greinir í 1. mgr. telji hún sérstök rök mæla með því, jafnvel þótt skilyrðum ákvæðisins sé ekki fullnægt. Í slíku tilviki skal m.a. taka tillit til eðlis upplýsinganna, fyrirhugaðs tilgangs vinnslunnar og hve lengi hún varir. [Persónuvernd getur heimilað miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa þótt þau hafi ekki verið talin veita friðhelgi borgaranna nægilega einkalífsvernd. Slíkt er háð því að ábyrgðaraðili hafi, að mati stofnunarinnar, veitt nægilegar tryggingar fyrir slíku. Getur stofnunin t.d. áskilið að ábyrgðaraðili hafi gert við viðtökuaðila skriflegan samning sem hafi að geyma tiltekin stöðluð samningsákvæði í samræmi við ákvörðun sem Persónuvernd hefur auglýst í Stjórnartíðindum, að teknu tilliti til ákvarðana fram-

kvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga þessara. Að öðru leyti getur Persónuvernd sett nánari fyrirmæli um flutning persónuupplýsinga úr landi.]^[15]

VI. KAFLI

Tilkynningarskylda, leyfisskylda o.fl.

31. gr.

Tilkynningarskylda.

Sérhver ábyrgðaraðili sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr., skal á þar til gerðu formi tilkynna Persónuvernd um vinnsluna tímanlega áður en hún hefst. Tilkynna skal allar breytingar sem verða frá því sem greinir í upphaflegri tilkynningu.

Tilkynningarskyldan á ekki við ef einungis er unnið með upplýsingar sem gerðar hafa verið og eru aðgengilegar almenningi.

Persónuvernd getur ákveðið að vissar tegundir vinnslu almennra upplýsinga skuli vera undanþegnar tilkynningarskyldu eða að um þær gildi einfaldari tilkynningarskylda. Persónuvernd getur jafnframt ákveðið að vissar tegundir vinnslu skuli vera leyfisskyldar. Um vinnslu sem undanþegin er tilkynningarskyldu getur Persónuvernd sett fyrirmæli, þar á meðal um þau atriði sem talin eru í 2. mgr. 35. gr. Persónuvernd getur einnig mælt fyrir um ráðstafanir til að draga úr óhagræði sem slík vinnsla persónuupplýsinga kann að hafa í för með sér fyrir hinn skráða.

32. gr.

Efni tilkynninga.

Í tilkynningu til Persónuverndar skv. 31. gr. skal tilgreina eftirfarandi atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans, sbr. 6.gr.;
2. hver ber daglega ábyrgð á að uppfylla skyldur ábyrgðaraðila;
3. tilgang vinnslunnar;
4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum upplýsinga sem notaðar verða við vinnslu;
5. hvert upplýsingarnar eru sóttar;
6. þá heimild sem stendur til söfnunar upplýsinganna;
7. hverjum upplýsingarnar verða afhentar;
8. hvort ráðgert sé að flytja persónuupplýsingarnar úr landi;
9. hvort ráðgert sé að birta upplýsingarnar á netinu;
10. hvaða öryggisráðstafanir verða viðhafðar í vinnslunni;
11. hvort og hvenær persónuupplýsingum eða persónuauðkennum verði eytt.

Persónuvernd getur sett nánari fyrirmæli um form og efni tilkynninga og um framkvæmd tilkynningarskyldunnar að öðru leyti.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að Persónuvernd hafi á hverjum tíma undir höndum réttar upplýsingar um vinnsluna. Þegar liðin eru þrjú ár frá því að tilkynning var send Persónuvernd skal senda henni nýja tilkynningu með uppfærðum upplýsingum nema henni hafi áður verið tilkynnt um breytta vinnslu. Persónuvernd getur mælt fyrir um ráðstafanir til að tryggja gæði og áreiðanleika tilkynninga og ákveðið mismunandi tilkynningarfræst eftir tegund og eðli vinnslu.

33. gr.

Leyfisskyld vinnsla.

Sé um að ræða vinnslu almennra eða viðkvæmra persónuupplýsinga sem getur falið í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila getur Persónuvernd ákveðið að vinnslan megi ekki hefjast fyrr en hún hefur verið athuguð af stofnuninni og samþykkt með útgáfu sérstakrar heimildar. Persónuvernd getur ákveðið að slík leyfisskylda falli brott þegar settar hafa verið almennar reglur og öryggisstaðlar sem fylgja skuli við slíka vinnslu.

34. gr.

Forsendur leyfisveitingar o.fl.

Ábyrgðaraðila má aðeins veita leyfi skv. 33. gr., eða einstakar aðrar heimildir samkvæmt lögum þessum, ef líklegt er að hann geti fullnægt skyldum sínum samkvæmt lögnum eða fyrirmælum Persónuverndar.

Við afgreiðslu mála er tengjast vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga skal Persónuvernd, innan þeirra marka sem greinir í II. kafla laganna, meta hvort vinnslan geti valdið hinum skráða slíku óhagræði að ekki verði úr því bætt með forsvaranlegum hætti með skilyrðum sem sett eru skv. 35. gr. Ef slíkt óhagræði getur orðið skal Persónuvernd meta hvort hagsmunir sem mæla með vinnslunni vegi þyngra en hagsmunir hins skráða.

35. gr.

Skilmálar Persónuverndar um vinnslu persónuupplýsinga.

Þegar ábyrgðaraðila er veitt leyfi skv. 33. gr. skal Persónuvernd binda það skilyrðum, svo sem um dulkóðun persónuauðkenna og öðrum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni, til að draga úr eða koma í veg fyrir hugsanlegt óhagræði hins skráða af vinnslunni. Sama gildir eftir því sem við á þegar Persónuvernd berst tilkynning um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem fellur undir 1. mgr. 9. gr.

Við mat á því hvaða skilyrði skal setja fyrir vinnslu skal Persónuvernd m.a. athuga:

1. hvort tryggt sé að hinn skráði geti nýtt réttindi sín samkvæmt lögnum, þar á meðal til að hætta þátttöku í verkefni, og eftir atvikum fá eytt skráðum persónuupplýsingum, til að fá fræðslu um réttindi sín og beitingu þeirra;
2. hvort persónuupplýsingar verði nægjanlega öruggar, áreiðanlegar og uppfærðar í samræmi við tilgang vinnslunnar skv. 7. gr.;
3. hvort með persónuupplýsingarnar verði farið af þeirri varúð sem reglur um þagnarskyldu og tilgangur vinnslunnar krefst;
4. hvort skipvl.agt hafi verið hvernig hinum skráða verði veittar upplýsingar og leiðbeiningar, innan þeirra marka sem sanngjarnt er að ætlast til miðað við umfang vinnslunnar og aðrar öryggisráðstafanir sem viðhafðar eru;
5. hvort stofnað hafi verið til öryggisráðstafana sem séu eðlilegar miðað við tilgang vinnslunnar.

Persónuvernd getur ákveðið að ábyrgðaraðili og vinnsluaðili, svo og starfsmenn á vegum þeirra, skuli undirrita yfirlýsingu um að þeir lofi að gæta þagmælsku um viðkvæmar persónuupplýsingar sem þeir fá vitneskju um við vinnslu þeirra. Ábyrgðaraðili eða fulltrúi hans skal votta rétta undirskrift starfsmanns og dagsetningu slíkrar yfirlýsingar og koma til Persónuverndar innan tilskilins frests. Brot á slíkri þagnarskyldu varðar refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Persónuvernd getur afgreitt erindi er lýtur að vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga með skilyrði um að sérstakur tilsjónarmaður verði skipaður til að hafa eftirlit fyrir hönd Persónuverndar með því að vinnsla sé í samræmi við lög og að ábyrgðaraðili greiði allan kostnað sem af því hlýst.

VII. KAFLI

Eftirlit og viðurlög.

36. gr.

Skipvl.ag Persónuverndar og stjórnsvísla.

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og heyrir stjórnarfragslega undir dómismálaráðherra.

Persónuvernd er sjálfstæð í störfum sínum og verður ákvörðunum hennar samkvæmt lögum þessum ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Persónuverndar og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn.

Formann og varaformann stjórnarinnar skipar ráðherra án tilnefningar og skulu þeir vera lögfræðingar og fullnægja hæfisskilyrðum héraðsdómara. Hæstiréttur tilnefnir einn stjórnarmann og Skýrslutæknifélag Íslands annan og skal hann vera sérfróður á sviði tölvu- og tæknimála. Varamenn skulu fullnægja sömu skilyrðum og aðalmenn.

Ráðherra ákveður laun stjórnarmanna.

Þegar stjórnarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns.

Ráðherra skipar forstjóra Persónuverndar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Forstjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Forstjóri Persónuverndar annast daglega stjórn og ræður annað starfsfólk Persónuverndar.

Forstjóri ber ábyrgð á fjárreiðum og starfsmannahaldi Persónuverndar. Stjórn Persónuverndar ákveður að öðru leyti skiptingu starfa á milli stjórnar og starfsmanna hennar.

37. gr.

Verkefni Persónuverndar.

Persónuvernd annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim.

Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um vinnslu persónuupplýsinga [á Íslandi, hvort sem íslensk lög eða lög annars ríkis gilda um vinnsluna.]⁽¹⁶⁾

Persónuvernd getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við lög þessi og reglur sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum.

Verkefni Persónuverndar eru m.a. eftirfarandi:

1. að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum og mæla, eftir því sem um ráðstafanir að því er varðar tækni, öryggi og skipvl.ag vinnslunnar þannig að hún verði í samræmi við ákvæði laganna,
2. að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga og að bætt sé úr annmörkum og mistökum,
3. að fylgjast með almennri þróun á sviði persónuupplýsingaverndar á innlendum og erlendum vettvangi og hafa yfirsýn yfir og kynna helstu álitæfni sem tengjast vinnslu persónuupplýsinga,
4. að skilgreina og afmarka hvar persónuvernd er hætta búin og veita ráð um leiðir til lausnar,
5. að leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar, eða þróa kerfi fyrir slíka vinnslu, um persónuvernd, þar á meðal með því að aðstoða við gerð starfs- og siðareglna fyrir einstaka hópa og starfsstéttir,
6. að tjá sig, samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði, um álitæfni varðandi meðferð persónuupplýsinga og veita umsagnir við setningu laga og annarra reglna sem þýðingu hafa fyrir persónuvernd,
7. að birta árlega skýrslu um starfsemi sína.

Persónuvernd getur ákveðið að ábyrgðaraðili skuli greiða þann kostnað sem hlýst af eftirliti með því að hann fullnægi skilyrðum laga þessara og reglna sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum. Persónuvernd getur einnig ákveðið að ábyrgðaraðili greiði kostnað við úttekt á starfsemi við undirbúning útgáfu vinnsluleyfis og annarrar afgreiðslu.

38. gr.

Aðgangur Persónuverndar að upplýsingum o.fl.

Persónuvernd getur krafð ábyrgðaraðila, vinnsluaðila og þá sem starfa á þeirra vegum um allar þær upplýsingar og skriflegar skýringar sem henni eru nauðsynlegar til þess að rækja hlutverk sitt, þar á meðal þær upplýsingar sem hún þarf til að geta metið hvort tiltekin starfsemi eða vinnsla falli undir ákvæði laganna. Einnig getur Persónuvernd kvatt ábyrgðaraðila, vinnsluaðila og þá sem starfa á þeirra vegum á sinn fund til að veita munnlegar upplýsingar og skýringar varðandi ákveðna vinnslu persónuupplýsinga.

(16) 11. gr. l. 90/2001

Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt, þar á meðal stöðum þar sem varðveittar eru skrár, myndir, sbr. 4. gr., persónuupplýsingar sem lúta rafrænni vinnslu, og tæki til slíkrar vinnslu. Persónuvernd getur framkvæmt hverja þá prófun eða eftirlitsaðgerð sem hún telur nauðsynlega og krafist nauðsynlegrar aðstoðar starfsfólks á slíkum vettvangi til að framkvæma prófun eða eftirlit. Persónuvernd getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum.

Réttur Persónuverndar til að krefjast upplýsinga eða aðgangs að starfsstöðvum og tækjabúnaði verður ekki takmarkaður með vísun til reglna um þagnarskyldu.

39. gr.

Undanþágur frá þagnarskyldu.

Ákvæði um þagnarskyldu standa því ekki í vegi að Persónuvernd veiti persónuverndarstofnunum erlendis upplýsingar þegar slíkt er nauðsynlegt til að hún eða hin erlenda persónuverndarstofnun geti ákveðið eða framkvæmt aðgerðir til að tryggja persónuvernd.

40. gr.

Stöðvun vinnslu o.fl.

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal söfnunar, skráningar eða miðlunar, mælt fyrir um að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skráðar eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar. Við mat á því hvort og þá hvaða úrræðum skuli beitt skal Persónuvernd m.a. taka tillit til þeirra atriða sem greinir í 2. mgr. 35. gr.

Komi í ljós að fram fer vinnsla persónuupplýsinga sem brýtur í bága við ákvæði laga þessara eða reglur settar samkvæmt þeim er Persónuvernd heimilt að fela lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi og innsigla starfsstöð hans þegar í stað.

Sinni aðili ekki fyrir mælum Persónuverndar skv. 1. mgr. getur hún afturkallað leyfi sem hún hefur veitt samkvæmt ákvæðum laga þessara þar til úr hefur verið bætt að hennar mati.

41. gr.

Dagsektir.

Ef ekki er farið að fyrir mælum Persónuverndar skv. 10., 25., 26. eða 40. gr. getur hún ákveðið að leggja dagsektir á þann sem fyrir mælin beinast að þar til úr hefur verið bætt að mati Persónuverndar. Sektir geta numið allt að 100.000 kr. fyrir hvern dag sem líður eða byrjar að líða án þess að fyrir mælum Persónuverndar sé fylgt.

Ef ákvörðun Persónuverndar um dagsektir er skotið til dómstóla byrja dagsektir ekki að falla á fyrr en dómur er endanlegur. Dagsektir renna í ríkissjóð og má án undangengins dóms gera aðför til fullnustu þeirra.

42. gr.

Refsingar.

Brot á ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrir mælum Persónuverndar.

Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

43. gr.

Bætur.

Hafi ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili unnið með persónuupplýsingar í andstöðu við ákvæði laga þessara, reglna eða fyrirmæla Persónuverndar skal ábyrgðaraðili bæta hinum skráða það fjárhagslega tjón sem hann hefur orðið fyrir af þeim völdum. Ábyrgðaraðila verður þó ekki gert að bæta tjón sem hann sannar að hvorki verður rakið til mistaka né vanrækslu af hans hálfu eða vinnsluaðila.

VIII. KAFLI

Lagatengsl, gildistaka o.fl.

44. gr.

Tengsl við ákvæði annarra laga.

Lögin gilda um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga sem fram fer samkvæmt öðrum lögum nema þau lög tilgreini annað sérstaklega.

Lög þessi takmarka ekki þann rétt til aðgangs að gögnum sem mælt er fyrir um í upplýsingalögum og stjórnsýslulögum.

45. gr.

Reglugerðir um einstaka flokka starfsemi.

Með reglugerð má mæla fyrir um meðferð persónuupplýsinga í tiltekinni starfsemi og hjá einstökum starfsstétum.

Í reglugerð skal mælt fyrir um heimild til söfnunar og skráningar upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust fyrirtækja, svo og annarra lögaðila, í því skyni að miðla til annarra upplýsingum um það efni. Heimild til slíkrar starfsemi skal bundin leyfi Persónuverndar og um hana gilda eftirfarandi ákvæði laganna: 11. gr. um öryggi og gæði upplýsinga, 12. gr. um innra eftirlit, 13. gr. um meðferð vinnsluaðila á upplýsingum, 18. gr. um upplýsingarétt hins skráða, 21. gr. um viðvörðunarskyldu þegar upplýsingum er safnað frá öðrum en hinum skráða, 25. gr. um leiðréttingu og eyðingu rangra og villandi upplýsinga, 26. gr. um eyðingu og bann við notkun upplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi, 33. gr. um leyfis skylda vinnslu, 34. gr. um forsendur leyfisveitingar, 35. gr. um skilmála, 38. gr. um aðgang Persónuverndar að upplýsingum o.fl., 40. gr. um stöðvun vinnslu o.fl., 41. gr. um dagsektir, 42. gr. um refsingar og 43. gr. um bætur.

Að fenginni umsögn Persónuverndar skal ráðherra í reglugerð mæla nánar fyrir um eftirlit Persónuverndar með rafrænni vinnslu persónuupplýsinga hjá lögreglu. Þar skal m.a. mælt fyrir um skyldu lögreglu til að tilkynna Persónuvernd um rafrænt unnar skrár sem hún heldur og efni slíkra tilkynninga. Þá skal mælt fyrir um í hvaða tilvikum og með hvaða hætti hinn skráði á rétt til aðgangs að persónuupplýsingum sem skráðar hafa verið um hann hjá lögreglu, svo og heimild lögreglu til miðlunar upplýsinga í öðrum tilvikum. Loks skal mælt fyrir um öryggi persónuupplýsinga og innra eftirlit lögreglu með því að vinnslu persónuupplýsinga sé hagað í samræmi við lög, svo og um tímalengd á varðveislu skráðra upplýsinga.

Þá skal í reglugerð kveða nánar á um starfsemi þeirra sem nota nafnalista, vinna nafnritanir, þar á meðal við markaðssetningarstarfsemi, og við gerð markaðs- og skoðanakannana.

46. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001. Við gildistöku þeirra falla úr gildi lög nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Við gildistöku laganna verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. Í stað orðanna „lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989“ í lokamálslið 20. gr. barnaverndarlaga, nr. 58/1992, kemur: lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

2. Í stað orðanna „tölvunefnd, sbr. lög nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga“ í 4. mgr. 24. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994, kemur: Persónuvernd, sbr. lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
3. Í stað orðsins „Tölvunefnd“ í 3. mgr. 15. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, kemur: Persónuvernd.
4. Í stað orðsins „tölvunefndar“ í 2. mgr. 14. gr. laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997, kemur: Persónuverndar.
5. Í stað orðsins „tölvunefnd“ í 4. gr. laga um gagnagrunn á heilbrigðisviði, nr. 139/1998, og sama orðs í 5., 6., 7., 10., 12. og 17. gr. kemur í viðeigandi falli: Persónuvernd.
6. Í stað orðsins „tölvunefnd“ í 18. og 19. gr. laga um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16/2000, kemur í viðeigandi falli: Persónuvernd.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar er lög þessi hafa verið birt skal ráðherra skipa stjórn og auglýsa embætti forstjóra Persónuverndar laust til umsóknar. Eftir að forstjóri hefur verið skipaður ræður hann eftir þörfum annað starfsfólk til að annast undirbúning að gildistöku laganna og sinna stjórnslu skv. 2. mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. 46. gr. skal Persónuvernd þegar er stjórn hennar hefur verið skipuð taka að sér eftirlit með því að meðferð persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu á Íslandi sé í samræmi við lög nr. 16/2000, um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

Sérhver ábyrgðaraðili sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga við gildistöku laganna skal á þar til gerðu eyðublaði tilkynna Persónuvernd um vinnsluna í samræmi við ákvæði 31. og 32. gr. innan sex mánaða frá gildistöku þeirra.

Leyfi sem tölvunefnd hefur gefið út skulu halda gildi, enda fari þau ekki í bága við lög þessi.

4.3. Stjórnvaldsreglur sem Persónuvernd setti á árinu 2001.

4.3.1. Tilkynninga og leyfisreglur:

Reglur nr. 90/2001 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

1. gr. Gildissvið

Reglur þessar gilda um tilkynningaskyldu samkvæmt lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, undanþágur frá tilkynningarskyldu og um leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

Vinnsla einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða er ætluð til persónulegra nota fellur utan gildissviðs reglna þessara. Sama á við um vinnslu sem fram fer í tengslum við rannsókn eða könnun þar sem skráðar upplýsingar eru hvorki merktar með persónuauðkennum, númerum né öðrum rekjanlegum auðkennum.

Um tilkynningaskyldu lögreglu fer samkvæmt reglugerð nr. 794/2000 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu.

2. gr. Tilkynningarskylda

Ábyrgðaraðili skv. 4. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000 skal tilkynna Persónuvernd um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga sem hann framkvæmir eða fer fram á hans vegum. Hann ber að lögum ábyrgð á því að vinnslu persónuupplýsinga sé ávallt hagað í samræmi við efnis tilkynningar til Persónuverndar og lög nr. 77/2000.

Frestur til að tilkynna um skrá sem var þegar orðin til þann 1. janúar 2001 er til 1. júlí 2001.

Senda skal tilkynningu í upphafi fyrstu vinnslu en ekki í hvert skipti sem hún fer fram. Verði breytingar á tilkynntri vinnslu, s.s. ef unnið er með aðra tegund upplýsinga, upplýsingarnar afhentar

öðrum eða gerðar tiltækar á annan hátt en tilgreint var í hinni upphaflegu tilkynningu eða þær notaðar á annan hátt, t.d. með samtengingu, eða í öðrum tilgangi en þeim upphaflega, skal senda Persónuvernd nýja tilkynningu þannig að hún hafi á hverjum tíma réttar upplýsingar um vinnsluna.

Ábyrgðaraðili skal senda nýja tilkynningu með uppfærðum upplýsingum þegar liðin eru þrjú ár frá því að upphafleg tilkynning var send Persónuvernd nema hann hafi áður sent tilkynningu um breytta vinnslu. Ný tilkynning rýfur frestinn og nýr þriggja ára frestur byrjar að líða. Tilkynna þarf um stöðvun vinnslu nema henni ljúki á þeim tíma sem tilgreindur var í upphaflegri tilkynningu.

3. gr. Form og efnis tilkynninga

Tilkynningu til Persónuverndar má koma á framfæri á þar til gerðu eyðublaði, sem er að finna á heimasíðu Persónuverndar, eða á prentuðu eyðublaði sem liggur frammi á skrifstofu Persónuverndar.

Í tilkynningu skal tilgreina öll þau atriði sem greinir í 1. mgr. 32. gr. laga nr. 77/2000. Þar skal og koma fram hvort um sé að ræða nýja tilkynningu eða tilkynningu um breytingu á vinnslu. Sé um að ræða tilkynningu um breytingu skal tilgreina númer eldri tilkynningar. Í tilkynningu skal og tilgreina kennitölu ábyrgðaraðila. Verði vinnsla falin vinnsluaðila, í heild eða að hluta til, skal og tilgreina kennitölu hans og hverjar eru skyldur hans samkvæmt samningi hans og ábyrgðaraðila.

4. gr. Hvenær er heimilt að hefja vinnslu persónuupplýsinga

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að hún byggist á 8. eða 9. gr. laga nr. 77/2000. Það ræðst af því hvort vinnsla er leyfisskyld eða tilkynningaskyld hvenær heimilt er að hefja hana.

Heimilt er að hefja leyfisskylda vinnslu þegar skriflegt leyfi Persónuverndar er komið til ábyrgðaraðila.

Heimilt er að hefja tilkynningaskylda vinnslu þegar ábyrgðaraðila berst staðfesting frá Persónuvernd um móttöku tilkynningar um vinnsluna. Honum er þó ávallt heimilt að hefja vinnslu þegar liðnir eru 10 dagar frá því að hann sendi tilkynninguna. Honum er hins vegar óheimilt að hefja vinnslu hafi honum, innan umrædds frests, borist tilmæli Persónuverndar þess efnis. Persónuvernd getur hvenær sem er stöðvað vinnslu sem hún telur vera ólögmæt eða sett skilmála fyrir því að henni megi halda áfram, sbr. 40. og 35. gr. laga nr. 77/2000.

Vinnslu persónuupplýsinga, sem hvorki er tilkynningaskyld né leyfisskyld, má hefja hvenær sem er.

5. gr. Undanþágur frá tilkynningarskyldu almennra persónuupplýsinga

Ekki er skylt að tilkynna um vinnslu almennra persónuupplýsinga sem:

1. Er eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og tekur einungis til þeirra er tengjast starfi hans eða verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna.
2. Er ábyrgðaraðila nauðsynleg til efnda á lagaskyldum.
3. Er ábyrgðaraðila nauðsynleg til efnda á skyldum hans samkvæmt samningi við hinn skráða eða samkvæmt samningi aðila vinnumarkaðarins.
4. Aðeins felst í vinnslu persónuupplýsinga sem gerðar hafa verið og eru almenningi aðgengilegar, enda sé ekki um að ræða vinnslu sem felst í því að tengja upplýsingar saman og nota almennt aðgengilegar upplýsingar með öðrum persónuupplýsingum sem ekki hafa verið gerðar aðgengilegar.
5. Telst til rafrænnar vöktunar, nema hún sé að öllu leyti eða að hluta til stafræn eða unnin þannig að með skjótvirkum hætti megi finna í safni mynda/hljóða upplýsingar um tilgreinda menn.
6. Er að öllu leyti handunnin.

Undanþágur frá tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. gilda ekki um:

1. Vinnslu upplýsinga um mat á árangri einstaklinga, s.s. um einkunnir nemenda og frammistöðu starfsmanna.
2. Vinnslu með persónusnið, skv. 23. gr. laga nr. 77/2000.
3. Vinnsla sem felur í sér flutning persónuupplýsinga úr landi.

6. gr.

Tilkynningaskyld vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga

Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga, sem ekki er leyfisskyld skv. 7. gr., er tilkynningarskyld.

7. gr.

Leyfisskyld vinnsla persónuupplýsinga

Óheimilt er að hefja eftirtalda vinnslu persónuupplýsinga fyrir en fyrir liggur skriflegt leyfi Persónuverndar, sem hún veitir að fenginni umsókn frá ábyrgðaraðila:

1. Vinnsla sem lýtur að samkeyrslu skráar sem hefur að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar við aðra skrá, hvort sem sú hefur að geyma almennar eða viðkvæmar persónuupplýsingar. Slík samkeyrsla er þó ekki leyfisskyld byggist hún á fyrirmælum laga eða ef einvörðungu eru samkeyrðar upplýsingar úr Þjóðskrá um nafn, kennitölu, fyrirtækjanúmer, heimilisfang, aðsetur og póstnúmer. Sama á við ef samkeyrðar eru skrár sama ábyrgðaraðila.
2. Vinnsla sem tengist framkvæmd erfðarannsóknar nema aðeins sé unnið með ópersónugreinanlegar upplýsingar. Erfðarannsóknir eru þó ekki leyfisskyldar séu þær nauðsynlegar vegna læknismeðferðar.
3. Vinnsla upplýsinga um refsiverðan verknad manns og sakaferil, upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, kynlíf og kynhegðan, nema vinnslan sé nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila.
4. Söfnun og miðlun persónuupplýsinga um fjárhagsstöðu og lánstraust einstaklinga.
5. Vinnsla upplýsinga um félagsleg vandamál manna eða önnur einkalífssatriði, s.s. hjónaskilnaði, samvistarslit, ættleiðingar og fóstursamninga.
6. Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sem ekki fellur undir ákvæði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000.

Að öðru leyti er, án leyfis Persónuverndar, óheimilt er að hefja vinnslu almennra eða viðkvæmra persónuupplýsinga, geti hún falið í sér sérstaka hættu á að raskað verði réttindum og frelsi manna.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er slík vinnsla persónuupplýsinga ekki leyfisskyld, byggir hún á fyrirmælum laga. [Þá er vinnsla samkvæmt 1., 3. eða 5. tl. 1. mgr. ekki leyfisskyld byggir hún á skriflegu samþykki hins skráða.]¹⁾

1) Sbr. 2. mgr. 17. gr. reglna nr. 170/2001.

8. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 31., 32. og 33. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, öðlast þegar gildi.

4.3.2. Samþykkisreglur:

Reglur nr. 170/2001 um það hvernig aflu skal upplýsts samþykkis fyrir vinnslu persónuupplýsinga í vísindarannsókn á heilbrigðisviði.

I. KAFLI
Gildissvið og markmið

1. gr.

Gildissvið

Þegar ákveðið er í lögum, reglugerð eða leyfi Persónuverndar að vinnsla persónuupplýsinga vegna vísindarannsóknar á heilbrigðisviði sé háð upplýstu samþykki hinna skráðu skal farið að fyrirmælum þessara reglna þegar samþykkis þeirra er afluð. Reglur þessar ákvarða ekki hvenær vinnsla persónuupplýsinga við vísindarannsókn á heilbrigðisviði skal grundvölluð á upplýstu samþykki þátttakenda.

2. gr.

Markmið reglnanna

Markmið þessara reglna er að tryggja að fylgt sé vandaðri málsmeðferð sem stuðlar að því að vernda friðhelgi einkalífs og virða sjálfsákvörðunarrétt manna þegar afluð er upplýsts samþykkis fyrir vinnslu persónuupplýsinga í vísindarannsóknum á heilbrigðisviði.

II. KAFLI

Vísindarannsókn framkvæmd með þátttöku einstaklinga sem valdir hafa verið með úrtaki úr Þjóðskrá eða með auglýsingum.

3. gr.

Markhópur rannsókna tekinn úr Þjóðskrá.

1. Þegar þátttakendur í vísindarannsókn hafa verið valdir úr Þjóðskrá, s.s. með slembiúrtaki, skal ábyrgðarmaður rannsókna kanna vilja þeirra bréflaga. Skal í bréfinu veita þær upplýsingar sem um getur í 9. gr. og útskýra á hvaða forsendum gerð úrtaksins hafi byggst. Fylgja má bréfinu eftir með einu öðru bréfi eða með einu símtali til þess að kanna vilja þeirra sem ekki hafa svarað fyrsta bréfinu.
2. Þjóða skal einstaklingum í markhópnum, sem áhuga hafa á þátttöku í vísindarannsókninni eða vilja vita meira um hana, að hafa samband við ábyrgðarmann rannsókna eða nafngreindan heilbrigðisstarfsmann sem starfar á ábyrgð hans.
3. Þegar gögn eru send einstaklingum í markhópi er óheimilt að merkja umslag þannig að það sé tengt viðfangsefni rannsóknarinnar eða með öðrum þeim hætti sem getur valdið misskilningi um heilsufar viðtakanda bréfsins.

4. gr.

Auglýst eftir þátttakendum í vísindarannsókn

Þegar þátttakenda í vísindarannsókn er afluð með auglýsingum í fjölmiðlum eða dreifibréfum félaga og samtaka skal þjóða þeim sem áhuga hafa á þátttöku í vísindarannsókninni, eða vilja vita meira um hana, að hafa samband við ábyrgðarmann rannsókna eða nafngreinda heilbrigðisstarfsmenn sem starfa á ábyrgð hans. Í auglýsingu eða dreifibréfi skal að lágmarki veita upplýsingar skv. 1. mgr. 8. gr.

III. KAFLI

Vísindarannsókn framkvæmd með þátttöku sjúklunga

5. gr.

Markhópur rannsókna fundinn með samkeyrslu heilsufarsupplýsinga.

1. Óheimilt er að velja sjúklunga í markhóp rannsókna með samkeyrslu heilsufarsupplýsinga, nema samkeyrslan uppfylli skilyrði laga nr. 77/2000 og reglna nr. 90/2001.
2. Ábyrgðarmaður rannsókna skal hafa samband við lækni hvers sjúklings í markhópnum og óska þess að lækniþingur bjóði sjúklingnum þátttöku í vísindarannsókninni í samræmi við ákvæði 6.-8. gr. reglna þessara.
3. Ábyrgðarmanni rannsókna er óheimilt að bjóða manni frekari fræðslu um vísindarannsókn og þátttöku í henni nema lækni hlutaðeigandi sjúklings staðfesti að hann hafi áhuga á að taka þátt í vísindarannsókninni eða vita meira um hana.

6. gr.

Hver má kanna vilja sjúklings til þátttöku í vísindarannsókn?

1. Sá lækni sem haft hefur mann til meðferðar vegna sjúkdóms sem vísindarannsóknin varðar skal fyrst hafa samband við sjúklinginn og kanna vilja hans til þátttöku í vísindarannsókn.
2. Hafi maður verið til meðferðar á heilsugæslustöð eða á sjúkrahúsi skal yfirlækni á deild eða

ódeildarskiptri heilbrigðisstofnun hafa samband við sjúklinginn. Ef óþekkt er á hvaða deild sjúkrahúss maður var til meðferðar þegar lífssýni var tekið, sem snertir sjúkdóm, skal yfirlæknir stofnunar eða formaður læknaáðs hafa samband við sjúklinginn.

3. Ef sjálfstætt starfandi læknir er hættur störfum og sjúkraskrá hans hafa verið afhentar landlækni í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 227/1991 um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál, skal landlæknir hafa samband við hlutaðeigandi og kanna vilja hans til þátttöku í vísindarannsókninni.
4. Ef sú heilbrigðisstofnun er óþekkt, þar sem maður var til meðferðar þegar lífssýni var tekið sem snertir sjúkdóm, ber ábyrgðarmanni rannsóknar að hafa samband við sjúklinginn.
5. Lækni eða ábyrgðaraðila, skv. 1. - 4. tl. þessarar greinar, er heimilt að fela heilbrigðisstarfsmanni sem starfar á hans ábyrgð að kanna, fyrir sína hönd, vilja sjúklings til þátttöku.
6. Neiti læknir, skv. 1. - 4. tl. þessarar greinar, að kanna vilja sjúklings til þátttöku í vísindarannsókn getur Persónuvernd veitt ábyrgðarmanni rannsóknarinnar heimild til þess að annast það sjálfur.
7. Ákvæði reglna þessara um hlutverk læknis sjúklings gilda eftir því sem við getur átt um hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara og aðra heilbrigðisstarfsmenn, sem eru ábyrgðaraðilar vinnslu í skilningi 4. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000.

7. gr.

Hvernig má kanna vilja sjúklings til þátttöku í vísindarannsókn?

1. Kanna má vilja sjúklings til þátttöku í tiltekinni vísindarannsókn munnlega eða skriflega. Sé það gert skriflega skal upplýst hvert þeir sem vilja fá nánari upplýsingar geti snúið sér. Heimilt er að fylgja bréfinu eftir annað hvort með einu öðru bréfi eða með einu símtali, í því skyni að kanna vilja þeirra sjúklings hans sem ekki hafa svarað fyrra bréfinu.
2. Þegar bréf er sent sjúklingi skal ekki merkja umslag þannig að viðfangsefni rannsóknarinnar komi fram né skal merkja það þannig að fram komi upplýsingar um heilsufar, eiginleika eða aðstöðu viðtakanda bréfsins.
3. Þegar vilji manns er kannaður til þátttöku í vísindarannsókn skal gæta nærfærni. Óheimilt er að beita sjúkling beinum eða óbeinum þrýstingi til þess að fá hann til að taka þátt í vísindarannsókn.
4. Hafi sjúklingur ekki áhuga á að taka þátt í tiltekinni vísindarannsókn er óheimilt að hafa oftari samband við hann og ganga á eftir því að hann taki þátt í rannsókninni.

8. gr.

Fræðsluskylda þegar vilji sjúklings til þátttöku í rannsókn er kannaður.

1. Þegar læknir kannar vilja sjúklings til þátttöku í tiltekinni vísindarannsókn, sbr. 7. gr., ber honum að upplýsa sjúklinginn að lágmarki um eftirtalin atriði:
 - a. Hver sé ábyrgðarmaður rannsóknar.
 - b. Hver sé tilgangur rannsóknarinnar og möguleg gagnsemi.
 - c. Hver sé möguleg áhætta þátttakanda í rannsókninni og í hverju þátttakan sé fólgin.
 - d. Að sjúklingi sé hvenær sem er frjálst að hafna þátttöku í rannsókninni og þurfi ekki að veita sérstaka ástæðu fyrir því.

IV. KAFLI Upplýst samþykki

9. gr.

Fræðsluskylda áður en upplýst samþykkis er aflað.

Áður en farið er þess á leit við einstakling að hann lýsi því yfir að hann samþykki vinnslu persónuupplýsinga um sig við framkvæmd vísindarannsóknar skulu honum skriflega veittar eftirfarandi upplýsingar. Þessar upplýsingar skulu útskýrðar nánar munnlega miðað við þarfir væntanlegs þátttakanda:

- a. Nafn, stöðuheiti og heimilisfang ábyrgðarmanns rannsóknar og eftir atvikum fulltrúa hans, sem hefur staðfestu hér á landi.
- b. Hver beri daglega ábyrgð á að uppfylla skyldur ábyrgðarmanns.
- c. Hver sé tilgangur rannsóknar, hvernig framkvæmd hennar verði háttáð í grófum dráttum, hver sé möguleg gagnsemi hennar, hvenær rannsókn byrji og hvenær áætlað sé að henni ljúki.
- d. Hver sé vinnsluáðili rannsóknar, hverjir séu að öðru leyti í samstarfi við ábyrgðarmann um rannsóknina og hverjum upplýsingar verði afhentar.
- e. Hver sé möguleg áhætta þátttakanda í rannsókninni og í hverju þátttakan sé fólgin.
- f. Hvaða tegundir upplýsinga verða notaðar við rannsóknina, þ.m.t. hvort notað verður erfðaeftirbrot eða upplýsinga úr sjúkraskrá látinna skyldmenna þátttakanda.
- g. Hvert upplýsingar eru sóttar, þ.m.t. upplýsingar um ættartengsl.
- h. Hvaða öryggisráðstafanir verði viðhafðar í vinnslunni.
- i. Hvort og hvenær persónuupplýsingum eða persónuauðkennum verði eytt.
- j. Hvaða heimild vísindarannsóknin og söfnun upplýsinganna er byggð á.
- k. Hvort ráðgert sé að flytja persónuupplýsingar úr landi og/eða birta upplýsingar á Netinu.
- l. Um að einstaklingi sé heimilt að afturkalla samþykki og hver réttaráhrif það hafi, þ. á m. hvaða afleiðingar afturköllun hafi fyrir þátttakanda í rannsókninni varðandi upplýsingar sem þegar hefur verið safnað og unnar í rannsókninni um hann.

10. gr.

Hæfi manna til að binda sig með samþykki

1. Sá einn getur veitt samþykki til vinnslu persónuupplýsinga um sig í vísindarannsókn sem er sjálfráða og nægilega heill heilsu til þess að gera sér grein fyrir þýðingu og afleiðingum slíks samþykkis.
2. Ef vafi leikur á um það hvort maður sé nægilega heill heilsu til þess að gera sér grein fyrir þýðingu og afleiðingum samþykkis til vinnslu persónuupplýsinga í vísindarannsókn, sker læknir hans úr.
3. Lögráðamaður sjálfræðissvipts manns ákveður hvort samþykki verði veitt til að vinna persónuupplýsingar um skjólstæðing hans í vísindarannsókn. Lögráðamaður skal hafa samráð við hinn ólögráða eftir því sem tók eru á.
4. Persónuupplýsingar um mann verða ekki unnar á grundvelli upplýsts samþykkis nema hann sé nægilega heill heilsu til þess að gera sér grein fyrir þýðingu og afleiðingum slíks samþykkis og hafi ekki verið sviptur sjálfræði og fengið skipaðan lögráðamann.
5. Forsjármenn barns geta samþykkt vinnslu persónuupplýsinga um barn í vísindarannsókn. Forsjármenn skulu hafa samráð við barn og taka tillit til viðhorfa þess allt eftir þroska þess og aldri.
6. Þegar 3. og 5. mgr. þessarar greinar eiga við skal veita forsjármönnum eða lögráðamanni þær upplýsingar sem um getur í 8. og 9. gr.

11. gr.

Samþykki til vinnslu persónuupplýsinga

1. Eftir að maður hefur verið upplýstur um þau atriði sem fram koma í 9. gr. er heimilt að fá hjá honum upplýst samþykki til vinnslu persónuupplýsinga um hann í vísindarannsókn.
2. Með upplýstu samþykki er átt við sérstaka ótvíræða skriflega yfirlýsingu sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykktur því að tiltekna persónuupplýsingar um hann verði unnar með tilteknum hætti í tilgreindri vísindarannsókn, sem hann hefur verið upplýstur um í samræmi við ákvæði 9. gr.
3. Þær skriflegu upplýsingar sem veittar eru um vísindarannsókn og telja ber þátttakanda upplýstan um skulu annað hvort undirritaðar sérstaklega eða vera áfastar hinni undirrituðu samþykkisyfirlýsingu hans.
4. Sá sem veitt hefur þátttakanda í vísindarannsókn upplýsingar skv. 9. gr. skal með dagsettri undirskrift sinni votta skriflega á samþykkisyfirlýsingu sinni að það hafi verið gert og að þátttakandinn

hafi látið þá skoðun í ljós að hann hafi fengið fullnægjandi upplýsingar. Jafnframt skal ábyrgðarmaður undirrita samþykkisyfirlýsinguna.

12. gr.

Afturköllun samþykkis

Í texta samþykkisyfirlýsingar skal koma ótvírætt fram að manni sé hvenær sem er heimilt að afturkalla samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga um sig í vísindarannsókn eftir að hún er byrjuð og að ekki þurfi að veita sérstaka ástæðu fyrir því. Jafnframt skal greina honum frá því hvaða afleiðingar slík afturköllun hefur varðandi upplýsingar sem þegar hefur verið safnað og unnar í rannsókninni um hann.

Eyðublöð fyrir afturköllun samþykkis skulu liggja frammi hjá ábyrgðarmanni og þeim sem ber daglega ábyrgð á að uppfylla skyldur hans. Sá sem tekur við skjalinu skal með dagsettri undirskrift sinni á skjalið votta móttöku þess. Afhenda skal þátttakanda afrit eða ljósrit af skjalinu.

V. KAFLI

Þátttaka ættingja sjúklings í vísindarannsókn

13. gr.

Hyggist ábyrgðarmaður rannsóknar leita eftir þátttöku ættingja sjúklings skal þess gætt að rjúfa ekki þagnarskyldu um heilsufar sjúklings. Óheimilt er að veita ættingjunum upplýsingar um heilsufar sjúklingsins nema með samþykki sjúklingsins.

Viðhafa ber, eftir því sem við á, þær aðferðir sem koma fram í 14., 15. eða 16. gr.

14. gr.

Sjúklingur kannar sjálfur vilja ættingja sinna til þátttöku í rannsókn

1. Heimilt er að óska eftir því við sjúkling sjálfan að hann hafi samband við ættingja sína og kanni hvort þeir hafi áhuga á að taka þátt í vísindarannsókninni. Gæta ber nærgætni þegar slíkt erindi er borið fram við sjúkling. Fallist hann á erindið ber að veita honum skrifleg gögn er hafa að geyma upplýsingar um rannsóknina skv. 9. gr. sem hann getur látið ættingjum sínum í té.
2. Í hinum skriflegu gögnum um vísindarannsóknina skal bjóða þeim ættingjum sjúklingsins, sem áhuga hafa á þátttöku í vísindarannsókninni að hafa samband við ábyrgðarmann rannsóknar eða nafngreindan heilbrigðisstarfsmann, sem starfar á hans ábyrgð. Heimilt er að hafa samband við þá ættingja sem sjúklingur segir að hafi áhuga á að taka þátt í vísindarannsókninni eða vilji vita meira um hana, enda þótt þeir hafi ekki sjálfir haft samband við ábyrgðarmann rannsóknar.

15. gr.

Sjúklingur samþykkir að gera megi ættingjum grein fyrir tegund eða heiti sjúkdóms sem hann er haldinn.

Fá skal upplýst skriflegt samþykki hjá sjúklingi fyrir því að hafa megi samband við ættingja hans og gera þeim grein fyrir tegund eða heiti þess sjúkdóms sem sjúklingurinn er haldinn og bjóða þeim síðan þátttöku í vísindarannsókninni á grundvelli upplýsts samþykkis.

16. gr.

Markhópur fundinn með attrakningu frá látnum einstaklingum.

1. Þegar markhópur er valinn með attrakningu frá látnum einstaklingum sem opinberar skrár greina að hafi verið haldnir þeim sjúkdómi sem ætlunin er að rannsaka, en ekki með notkun heilsufarsupplýsinga um þá sem einstaklinga sem verður boðin þátttaka, skal ábyrgðarmaður rannsóknar kanna þátttökuvilja þeirra bréflaga. Í bréfinu skal veita þær upplýsingar sem greinir í 9. gr. og útskýra hvaða aðferð var viðhöfð við val markhópsins.
2. Að öðru leyti skal fylgt ákvæðum 2. og 3. mgr. 3. gr.

17. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 31., 32. og 33. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, öðlast þegar gildi.

Við gildistöku reglnanna verður eftirfarandi breyting á reglum nr. 90/2001 um tilkynningar skylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga: Við 3. mgr. 7. gr. bætist nýr svohljóðandi málslíður: „Þá er vinnsla samkvæmt 1., 3. eða 5. tl. 1. mgr. ekki leyfisskyld byggja hún á skriflegu upplýstu samþykki hins skráða“

4.3.3. Öryggisreglur:

Reglur nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga.

I KAFLI

Markmið og gildisvið

1. gr.

Markmið

Markmið reglna þessara er að tryggja öryggi við vinnslu persónuupplýsinga. Í því felst að tryggja eðlilega leynd upplýsinganna, lögmætan aðgang að þeim, gæði þeirra og áreiðanleika.

Að öðru leyti en kemur fram í reglum þessum má til hliðsjónar og leiðbeiningar styðjast við staðalinn ÍST BS 7799 Stjórnun upplýsingaverndar.

2. gr.

Gildisvið

Reglur þessar gilda um vinnslu persónuupplýsinga sem lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, taka til.

Persónuvernd getur veitt undanþágu frá fyrirmælum reglna þessara ef um er að ræða vinnslu persónuupplýsinga sem ekki telst hafa í för með sér hættu fyrir friðhelgi einkalífs, t.d. þegar litið er til umfangs vinnslunnar, áhættu af vinnslunni og eðlis þeirra gagna sem verja á.

II. KAFLI

Öryggiskerfi

3. gr.

Ábyrgðaraðila ber að útbúa öryggiskerfi til að tryggja vernd persónuupplýsinga.

Undirbúningur öryggiskerfis fer fram í þessum áföngum:

1. Ábyrgðaraðili setur sér skriflega öryggisstefnu. Í henni skal m.a. koma fram almenn lýsing á afstöðu æðsta stjórnanda ábyrgðaraðila til öryggismála. Við móttun öryggisstefnu skal taka mið af því hvaða persónuupplýsingar skuli vernda, hvernig skuli vernda þær og þeirri aðferð sem viðhöfð verður við vinnslu þeirra.
2. Ábyrgðaraðili gerir skriflegt áhættumat. Áhættumat er mat á hættunni á því að óviðkomandi fái aðgang að persónuupplýsingum, geti breytt upplýsingunum eða skert öryggi þeirra að öðru leyti. Áhættumat tekur einnig til athugunar á umfangi og afleiðingum hættunnar m.t.t. eðlis þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með. Markmið áhættumats er að skapa forsendur fyrir vali á öryggisráðstöfunum, sbr. III. kafla reglna þessara. Þá skal tilgreina hvað geti farið úrskaiðis, hvaða áhrif slíkt geti haft á öryggi upplýsinganna og hvaða líkur séu á slíku. Áhættumat skal endurskoðað reglulega.
3. Ábyrgðaraðili velur hvaða öryggisráðstafanir skulu viðhafðar í samræmi við III. kafla reglna þessara og setja fram skriflega lýsingu á þeim. Í lýsingunni skal m.a. koma fram afstaða ábyrgðaraðilans til þess hvað sé ásættanleg áhætta við vinnsluna. Þá skal rakið hvaða öryggisráðstöfunum verði beitt og hvernig þær verði útfærðar, þ.á m. við hönnun, þróun, rekstur, prófun og viðhald þess kerfis, þ.m.t. hugbúnaðar, sem notað verður við vinnslu upplýsinganna. Þar skal og tekið fram

hvernig brugðist verði við áföllum í rekstri vinnslukerfisins, hvernig flutningi persónuupplýsinga milli vinnslukerfa verði hagað, þ. á m. mögulegum flutningi gagna milli ábyrgðar- og vinnsluaðila. Öryggisráðstafanir skal endurskoða reglulega.

Persónuvernd skal hvenær sem hún óskar hafa aðgang að öryggisstefnu ábyrgðaraðila, áhættumati og lýsingu á viðkomandi öryggisráðstöfunum.

III. KAFLI Öryggisráðstafanir

4. gr.

Almennt

Ábyrgðaraðili skal gera viðeigandi öryggisráðstafanir og ber ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga séu í samræmi við lög, reglur og fyrirmæli Persónuverndar um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður. Markmið skipvl.ags- og tæknilegra öryggisráðstafana er til að tryggja nægilegt öryggi og vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi, gegn óleyfilegum aðgangi og gegn allri annarri ólöglegri vinnslu.

Við val öryggisráðstafana skal taka mið af áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á. Skulu þær tryggja nægilegt öryggi með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra. Sé persónuupplýsingum miðlað um Netið skal taka mið af þeirri auknu áhættu sem sú aðferð hefur í för með sér.

5. gr.

Öryggisráðstafanir varðandi starfsmannamál

Í þeim tilgangi að fyrirbyggja og takmarka tjón af völdum mannlegra mistaka, þjófnaðar, svika og annarrar misnotkunar, skal ábyrgðaraðili grípa til þeirra öryggisráðstafana sem við eiga hverju sinni, t.d.:

1. Kanna feril umsækjenda um störf.
2. Fá skjalfestar þagnaryfirlýsingar starfsmanna.
3. Skilgreina með skýrum hætti hlutverk og skyldur hvers starfsmanns sem hefur aðgang að persónuupplýsingum, þ.á m. hverjir beri ábyrgð á einstökum skráasöfnum.
4. Gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að starfsmönnum sé með reglubundnum hætti gerð grein fyrir starfsskyldum sínum og þeim afleiðingum sem það getur haft í för með sér að brjóta þær.

6. gr.

Ytra öryggi

Í þeim tilgangi að fyrirbyggja og takmarka tjón af völdum óheimils aðgangs, skal ábyrgðaraðili grípa til þeirra öryggisráðstafana sem við eiga hverju sinni, t.d.:

5. Stýra aðgangi að húsnaði með úthlutun lykla, aðgangskorta o.þ.h.
6. Viðhafa öryggisvörslu, t.d. með öryggisvörðum, viðvörunarkerfum eða rafrænni vöktun.

7. gr.

Skipvl.agslegar og tæknilegar öryggisráðstafanir

Í þeim tilgangi að fyrirbyggja og takmarka tjón af völdum bilana og óheimils aðgangs að vinnslubúnaði, skal ábyrgðaraðili grípa til þeirra öryggisráðstafana sem við eiga hverju sinni, t.d.:

7. Stýra aðgangi að búnaði með úthlutun aðgangs- og lykilorða.
8. Dulkóða eða eyða persónuauðkennum, eða að setja númer í stað persónuauðkenna og varðveita greiningarlykil með tryggum hætti.
9. Tryggja rekjanleika uppfléttinga og vinnsluaðgerða.
10. Varðveita persónuupplýsingar á ónettengdri tölvu.
11. Takmarka aðgang að persónuupplýsingum við lesaðgang (uppfléttaaðgang), svo sem í þeim til-

gangi að hindra óheimila eyðingu, afritun eða samkeyrslu.

12. Viðhafa sívirkar veiruvörnir.

IV. KAFLI Innra eftirlit

8. gr.

Ábyrgðaraðili skal viðhafa innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglur, þ. á m. þá skilmála sem Persónuvernd hefur sett um viðkomandi vinnslu.

Innra eftirlit skal m.a. beinast að:

13. Athugun á því hvort vinnslan sé heimil skv. lögum nr. 77/2000.

14. Hvort fullnægt hafi verið tilkynningar- eða leyfisskyldu þeirri sem kveðið er á um í lögum.

15. Hvort uppfylltar séu reglur 7. gr. laganna um lögmæti vinnslu, þ. á m. ákvæði 5. tl. um eyðingu persónuupplýsinga sem ekki þarf að varðveita lengur, miðað við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra.

16. Hvort virt séu í framkvæmd ákvæði um rétt hins skráða samkvæmt lögum.

17. Hvort fylgt sé þeim öryggisráðstöfunum sem valdar hafa verið skv. c-lið 1. mgr. 3.

gr. og III. kafla reglna þessara.

18. Innra eftirlit skal viðhaft með reglubundnum hætti. Tíðni eftirlitsins og umfang þess skal ákveðið með hliðsjón af áhættunni sem er samfara vinnslunni, eðli þeirra gagna sem unnið er með, þeirri tækni sem notuð er til að tryggja öryggi upplýsinganna og kostnaði af eftirlitinu. Það skal þó eigi fara fram sjaldnar en árlega.

Að jafnaði skal viðhafa innra eftirlit samkvæmt fyrirfram skilgreindu kerfi.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að gerð sé skýrsla um hverja aðgerð sem er liður í innra eftirliti. Í slíkri skýrslu skal lýsa niðurstöðu hvers þáttar eftirlitsins. Skýrslur um innra eftirlit skal varðveita tryggilega og hefur Persónuvernd rétt til aðgangs að þeim hvenær sem þess er óskað.

V. KAFLI Vinnsluaðili

9. gr.

Ábyrgðaraðila er heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast, í heild eða að hluta til, þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á. Slíkt er þó háð því skilyrði að ábyrgðaraðili hafi áður sannreynt að umræddur vinnsluaðili geti viðhaft þær öryggisráðstafanir sem um vinnsluna gilda og framkvæmt innra eftirlit með vinnslunni.

Samningur skv. 1. mgr. skal vera skriflegur og í að minnsta kosti tveimur eintökum. Þar skal m.a. koma fram að vinnsluaðili skuli starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila og að ákvæði reglna þessara um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili framkvæmir. Ábyrgðaraðili og vinnsluaðili skulu hvor varðveita sitt eintak af samningnum.

Hafi vinnsluaðili staðfestu í öðru EES ríki en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 77/2000, þá skal jafnframt geta þess í samningi að lög og reglur þess ríkis þar sem vinnsluaðili hefur staðfestu, gildi um öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga.

Hverjum þeim er starfar í umboði ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila er aðeins heimilt að vinna með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila, nema lög mæli fyrir á annan veg.

VI. KAFLI Gildistaka o.fl.

10. gr.

Tilkynning til Persónuverndar um öryggisráðstafanir

Í tilkynningu til Persónuverndar skv. 31. gr. laga nr. 77/2000 skal koma fram með hvaða hætti ábyrgðaraðili fullnægir ákvæðum reglna þessara.

11. gr.
Gildistaka

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 11. og 12. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, öðlast þegar gildi.

4.3.4. Lífsýnareglur:

Reglur Persónuverndar nr. 918/2001 um öryggi við meðferð og varðveislu lífsýna í lífsýnasöfnum.

I. kafli
Efni, gildissvið o.fl.

1. gr.
Efni og gildssvið

Reglur þessar lúta að því hvernig tryggja skuli öryggi við meðferð og varðveislu lífsýna í lífsýnasöfnum um skv. lögum um lífsýnasöfn nr. 110/2000. Að öðru leyti en kemur fram í reglunum skal til leiðbeiningar hafa hliðsjón af alþjóðlega staðlinum ÍST ISO/IEC 17799:2000 Upplýsingatækni - Starfsvenjur fyrir stjórnun upplýsingaöryggis og breska staðlinum ÍST BS 7799-2:1999 Stjórnun upplýsingaöryggis - 2. hluti:

Forskrift fyrir stjórnun upplýsingaöryggis.

Reglur þessar taka ekki til lífsýna sem varðveitt eru tímabundið vegna þjónusturannsóknna, meðferðar, eða afmarkaðra vísindarannsókna, enda sé slíkum sýnum eytt þegar þjónustu, meðferð eða rannsókn lýkur.

2. gr.
Skilgreiningar

Í öryggi við vinnslu lífsýna í lífsýnasöfnum felst að tryggja varðveislu, eðlilega leynd þeirra, lögmæt-an aðgang að þeim, gæði og áreiðanleika. Nánar tiltekið felst öryggið í að tryggja:

- Að lífsýni séu ekki aðgengileg þeim sem ekki skulu hafa aðgang að þeim.
- Að tryggja vandaða meðferð lífsýna og að þau hvorki glattist né skemmist.
- Að tryggja þeim sem þurfa og mega hafa aðgang að lífsýnum og fylgigögnum, slíkan aðgang þegar lögmæt ástæða er til.

II. kafli
Öryggisreglur

3. gr.
Öryggisstefna

Stjórn lífsýnasafns skal marka stefnu varðandi öryggi lífsýna og gefa út og viðhalda öryggisstefnu fyrir lífsýnasafnið. Við það má hafa hliðsjón af kafla 3.1. í staðlinum ÍST ISO/IEC 17799:2000 Upplýsingatækni - Starfsvenjur fyrir stjórnun upplýsingaöryggis.

4. gr.
Rekstur lífsýnasafns

Rekstur lífsýnasafns felst í því að veita lífsýnum viðtöku, varðveita þau og veita lögmæt-an aðgang að þeim. Þeim einum er heimill slíkur rekstur sem hefur leyfi ráðherra skv. 4. gr. laga nr. 110/2000, í reglum þessum nefndur leyfishafi. Honum er skylt að halda rekstri lífsýnasafns aðskildum frá annarri starfsemi sem hann hefur með höndum. Með aðskildum rekstri er m.a. átt við að tryggja skuli aðskilnað milli annars vegar þeirra er leyfa notkun á gögnum lífsýnasafns og hafa eftirlit með henni og hins vegar þeirra sem vilja fá að nota sýnin eða hafa þar hagsmuna að gæta.

Halda verður meðferð heilsufarsupplýsinga um sýnagjafa og upplýsingum um niðurstöður sýnarrannsókna aðskilinni frá rekstri lífsýnasafnsins. Skilgreina skal hvernig staðið verður að afgreiðslu

beiðna vísindamanna og annarra um aðgang að lífsýnum. Í því felst að gera verður greinarmun annars vegar á vinnslu lífsýna vegna daglegrar þjónustu við sjúklinga og hins vegar afhendingu lífsýna vegna vísindarannsókna.

5. gr.
Lýsing á stjórnun öryggismála

Leyfishafi skal setja fram skriflega lýsingu á stjórnun öryggismála lífsýnasafnsins. Þar skulu a.m.k. öll eftirtalin atriði koma fram:

- Með hvaða hætti rekstri lífsýnasafns sé haldið aðskildum frá annarri starfsemi leyfishafa, sbr. 4. gr.
- Með hvaða hætti þess sé gætt að lífsýni séu án persónuauðkenna, í samræmi við 1. mgr. 8. gr. laga nr. 110/2000, og hvernig persónuauðkenni séu varðveitt. Einnig hvaða starfsmaður beri ábyrgð á vörslu persónuauðkenna og öryggi gagna sem gera kleift að tengja þau við lífsýni. Þar skal einnig tilgreint hver það er sem beri ábyrgð á dulköðun auðkenna í samræmi við 6. ml. 4. mgr. 7. gr. sömu laga.
- Hvernig staðið hafi verið að gerð áhættumats í samræmi við 2. tl. 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 299/2001.
- Hvaða öryggisráðstafanir séu viðhafðar í samræmi við 3. tl. 1. mgr. 3. gr. og 4. gr. reglna nr. 299/2001.
- Hvar lífsýni séu varðveitt og hver beri daglega ábyrgð á öryggi þeirra.
- Hvaða leiðbeiningar starfsmenn hafi fengið um viðbrögð við öryggisógnun og öryggisbrotum.
- Hvernig öryggisráðstafanir einstakra deilda safnsins hafa verið samræmdar, ef safnið er deildarskipt.
- Hvernig staðið er að aðgangsstjórnun.

Leyfishafi skal tilkynna Persónuvernd með sannanlegum hætti hver fari með fyrirsvar gagnvart Persónuvernd um alla þætti er varða meðferð lífsýna og persónuupplýsinga á vegum safnsins, þ. á m. á því að uppfyllt séu skilyrði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 110/2000.

Leyfishafi skal að öðru leyti uppfylla þau skilyrði sem Persónuvernd ákveður á hverjum tíma.

Persónuvernd skal hafa aðgang að skjölum samkvæmt reglum þessum hvenær sem eftir er leitað.

6. gr.
Ytra öryggi og aðrar öryggisráðstafanir

Viðhafa skal ráðstafanir til að hindra og takmarka tjón af völdum óheimils aðgangs að lífsýnasafni. Í því skyni skal þess gætt að hýsa sýni og persónuauðkenni á fyrirfram skilgreindum svæðum er lúta skýrri aðgangsstjórnun. Þá skal haga ytra umhverfi safnsins þannig að það hindri óheimilan aðgang, skemmdir og truflanir. Þegar vinnudegi lýkur, eða þegar ekki er verið að vinna með sýni, skal varðveita þau eftir því sem við verður komið í læstum hirslum eða með öðrum sambærilega tryggum hætti.

Viðhafa skal sérstakar ráðstafanir til að draga úr hættu á truflunum, að rekstur rofni eða lífsýni og persónuvernd skaðist. Í því skyni skal viðhafa vinnuferli er tryggi órofinn rekstur lífsýnasafns og dragi úr hættu á truflunum vegna óhappa eða annarra atvika sem ógna öryggi þess, t.d. af völdum náttúruhamfara, slysa, bilunar í búnaði eða skemmdarverka. Skal annars vegar viðhafa fyrirbyggjandi ráðstafanir og hins vegar ráðstafanir er geri kleift að endurræsa hrúnin kerfi og eftir atvikum að endurheimta upplýsingar sem kunna að hafa glattast eða skemmst.

7. gr.
Öryggisráðstafanir varðandi starfsmannamál

Beita skal öryggisráðstöfunum varðandi starfsmannamál í því skyni að draga úr hættu á tjóni af völdum mannlegra mistaka, þjófnaðar, svika eða annarrar misnotkunar.

Taka skal afstöðu til ábyrgðar á öryggismálum við gerð ráðningarsaminga og í annars konar samn-

ingum sem varða starfsemina og/eða starfsmanninn. Skal ábyrgð skipt eftir því sem við á til að draga úr hættu á vanrækslu eða vísitandi misnotkun upplýsinga eða upplýsingakerfa. Fylgjast skal reglulega með því að unnið sé í samræmi við umsamda ábyrgð viðkomandi starfsmanns. Taka skal afstöðu til þess að hvaða marki kanna skal hvort tiltekin atriði í ferli umsækjanda um starf gefi tilefni til að óttast að ráðning hans raski öryggi safnsins. Allir starfsmenn, og aðrir sem aðgang hafa að lífsýnum og persónuupplýsingum, skulu bundnir trúnaði og undirrita sérstakar trúnaðaryfirlýsingar því til staðfestingar.

Veita skal starfsmönnum leiðbeiningar um viðbrögð við öryggisógnun og öryggisbrotum.

8. gr.
Aðgangsstjórnun

Viðhafa skal aðgangsstjórnun í því skyni að stjórna aðgangi að upplýsingum til að tryggja öryggi þeirra, sbr. 2. gr. reglna þessara. Skal þar höfð hliðsjón af öryggiskröfum og þeim ákvörðunum sem leyfishafi, stjórn lífsýnasafns eða annar þar til bær aðili hefur tekið um miðlun upplýsinga og aðgang að þeim.

9. gr.
Ákvarðanir um öryggismál

Skilgreina skal, rökstyðja og skjalfesta allar þær ákvarðanir sem teknar eru um öryggismál, þ.á m. um viðbrögð ef öryggisráðstafanir bregðast. Leyfishafi skal staðfesta ákvarðanirnar með formlegum hætti.

III. Önnur atriði

10. gr.
Endurskoðun og innra eftirlit

Endurskoða skal reglulega, og eigi sjaldnar en árlega, þær aðgerðir sem gripið er til á grundvelli reglna þessara. Slík endurskoðun skal fara fram með reglulegu millibili og hvenær sem þurfa þykir, s.s. við verulegar breytingar á rekstraráætlunum og umhverfi.

Viðhafa skal stöðugt innra eftirlit í því skyni að tryggja að þær aðgerðir sem gripið er til á grundvelli reglna þessara séu örugglega viðhafðar. Einnig skal innra eftirlit lúta að því að sannreyna að unnið sé í samræmi við reglur þessar, gildandi lög og reglugerð um lífsýnasöfn og önnur lög sem kunna að eiga við um rekstur lífsýnasafna.

11. gr.
Gildistími o.fl.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 8. tl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn og öðlast þegar gildi.

4.3.5. Leiðbeiningar um tölvupóst o.þ.h.

Leiðbeiningarreglur um eftirlit vinnuveitanda með tölvupósts- og netnotkun starfsmanna.

1. gr.
Markmið og skilgreiningar

Markmið leiðbeininga þessara er að veita leiðsögn um það hvernig og hvenær vinnuveitendur megi vakta tölvupósts- og netnotkun starfsmanna.

Með leiðbeiningum þessum er reynt að stuðla að því að jafnvægi ríki annars vegar á milli hagsmuna vinnuveitandans af því að geta fylgst með því að sá hug- og vélbúnaður sem hann leggur til sé nýttur í þágu þeirrar starfsemi sem hann rekur og hins vegar hagsmuna starfsmanna af því að njóta eðlilegs einkalífsréttar á vinnustað.

Merking hugtaka er í reglum þessum sem hér segir:

1. Einkatölvupóstur: Tölvupóstur sem að starfsmaður sendir eða móttækur á vinnustað og lýtur einungis að einkamálefnum hans en varðar hvorki hagsmuni vinnuveitanda né þá starfsemi sem hann rekur.
2. Netnotkun: Notkun starfsmanns á þeim hug- og vélbúnaði sem vinnuveitandi lætur honum í té til að vafra um Netið og til að taka við og senda tölvupóst.
3. Netvöktun: Með netvöktun er í reglum þessum bæði átt við óreglubundnar athuganir vegna tilfallandi atvika og viðvarandi eða reglubundið endurtekið eftirlit vinnuveitanda með netnotkun starfsmanna

2. gr.
Vinnureglur

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, skal sérhver vinnuveitandi skilgreina þá stefnu sem hann hyggst fylgja varðandi netvöktun. Sú stefna telst vera þáttur í öryggiskerfi vinnuveitandans sbr. 3. gr. reglna nr. 299/2001 um öryggi persónuupplýsinga.

Vinnuveitanda er óheimilt að fylgjast með netnotkun starfsmanna nema hann hafi áður uppfyllt fræðsluskyldu sína, skv. 20. gr. laga nr. 77/2000. Það má gera með setningu reglna um hvernig sé/verði staðið að netvöktun. Er þá æskilegt að:

- a) Reglurnar séu skriflegar og auðskiljanlegar.
- b) Að reglunum verði ekki beitt nema öllum starfsmönnum hafi áður sannanlega verið kunngjört efni þeirra og þeim gefinn a.m.k. 15 daga frestur til að koma að athugasemdum og eftir atvikum viðhafa ráðstafanir til að eyða einkatölvupósti, hylja slóð netvafurs, koma skilaboðum til þeirra sem þeir eru í tölvupóstsambandi við o.s.frv., áður en netvöktun hefst. Í vinnureglum skal, eftir því sem unnt er, veita starfsmönnum leiðsögn um hvernig þeir geti eytt slíkum upplýsingum.
- c) Að reglurnar séu starfsfólki jafnan aðgengilegar og sæti reglulegri endurskoðun. Fræðuskylda samkvæmt 2. mgr. nær ekki til kerfis sem tryggir sjálfvirka vistun tölvupósts og veffangar á netþjóni vinnuveitanda, nema samhliða notkun þess fari fram netvöktun eða annars konar eftirlit.

Vinnureglur vinnuveitanda samkvæmt þessari grein víkja ef annað leiðir af kjarasamningi eða samkomulagi sem telja verður bindandi milli aðila.

3. gr.
Sjónarmið um meðalhöf

Við setningu reglna samkvæmt 2. gr. leiðbeininga þessara skal þess gætt að ganga ekki lengra en brýna nauðsyn ber til í því skyni að tryggja eðlilega hagsmuni og lögmætan rekstur vinnuveitanda.

Virða ber einkalífsrétt starfsmanna og forðast alla óþarfa íhlutun í einkalíf þeirra þegar vinnureglur um netvöktun eru settar og þeim framfylgt.

4. gr.
Efni vinnureglna.

Í vinnureglum, eða eftir atvikum í samningi aðila, um tölvupósts- og netnotkun starfsmanna er æskilegt að tekin sé afstaða til eftirfarandi atriða:

- 1) Að hvaða marki persónuleg netnotkun starfsmanna sé heimil og hvaða búnað vinnuveitandans starfsmenn mega nota til slíks.
- 2) Hvað teljist vera einkatölvupóstur starfsmanns og hvernig með hann skuli farið. Í því felst m.a. að tilgreina hvernig starfsmenn geti auðkennt slíkan póst eða með öðrum hætti varist því að hann verði skoðaður af öðrum aðilum á sama vinnustað. Þá skal leiðbeint um möguleika starfsmanna á því að koma sér upp sérstöku einkatölvupóstfangi, þ.e. öðru en netfangi vinnuveitanda, og að það muni vinnuveitandi ekki netvakta.
- 3) Hvort og þá hvaða netnotkun sé bönnuð. Í því felst m.a. að skilgreina hvort bannað sé að sækja á

Netið tiltekið efni og/eða senda slíkt efni með í tölvupósti. Sama gæti t.d. átt við um notkun efnis sem hættu er á að geti verið vírusmitað. Þá skal taka fram hvernig starfsmenn geti brugðist við ef þeir lenda fyrir mistök á slíkum heimasíðum eða fá slíkt efni sent með tölvupósti.

- 4) Hvernig upplýsingar um netnotkun og afrit af tölvupósti séu varðveitt, hversu lengi og í hvaða tilgangi og hvernig að öðru leyti séu uppfyllt ákvæði 7. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
- 5) Hvernig hagað er eftirliti með því að vinnureglur hlutaðeigandi fyrirtækis/stofnunar séu virtar og hvaða afleiðingar brot á þeim geta haft. Skal þess gætt við ákvörðun afleiðinga að þær séu innan marka laga og kjarasamninga.

5. gr.

Upplýsingaskylda vinnuveitanda við gerð ráðningarsamnings

Við ráðningu starfsmanns er æskilegt að þess sé gætt, áður en gengið er frá samningi, að upplýsa starfsmanninn um þær reglur sem gilda um netvöktun á viðkomandi vinnustað. Skal það þá gert með skýrum, ótvíræðum og sannanlegum hætti. Skal koma fram í ráðningarsamningi hvernig að þessu hafi verið staðið. Verði slíku ekki viðkomið, s.s. vegna þess að ekki sé gengið frá skiflegum ráðningarsamningi, skal tryggja skýra upplýsingagjöf og aðgengi starfsmanna að vinnureglum. Er æskilegt að slíkar reglur séu birtar á heimasíðum vinnuveitenda og samtaka launafólks, í starfsmannahandbókum o.s.frv.

6. gr.

Heimild.

Leiðbeiningarreglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 5. og 6. tl. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

4.4. Aðrar stjórnvaldsreglur er varða persónuvernd settar á árinu 2001.

4.4.1. Reglugerðnr. 246/2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja öryggi, áreiðanleika og gæði vinnslu upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga, fyrirtækja og annarra lögaðila. Reglugerðin tekur ekki til starfsemi sem felst í útgáfu skýrslna um lánshæfi.

Reglugerðin á einvörðungu við um vinnslu í því skyni að miðla upplýsingum til annarra um fjárhagsmálefni og lánstraust. Ef ekki er stofnað til vinnslu í slíkum tilgangi fellur hún utan gildissviðs reglugerðar þessarar. Það á t.d. við um vinnslu sérhvers banka og sérhvers sparisjóðs á slíkum upplýsingum sem einvörðungu er til eigin nota.

II. KAFLI

Skyldur ábyrgðaraðila.

2. gr.

Skyldur fjárhagsupplýsingastofa.

Söfnun og skráning upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga og lögaðila, í því skyni að miðla þeim til annarra, er óheimil án starfsleyfis sem Persónuvernd veitir. Þeim einum má

veita slíkt starfsleyfi sem að mati Persónuverndar er líklegur til að geta fullnægt skyldum ábyrgðaraðila samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þ. á m. samkvæmt reglum sem Persónuvernd hefur sett um trúnað, áreiðanleika, öryggi og innra eftirlit við vinnslu persónuupplýsinga. Er handhafi slíks leyfis í reglum þessum nefndur fjárhagsupplýsingastofa.

Persónuvernd getur bundið slíkt starfsleyfi þeim skilmálum sem hún telur vera nauðsynlega hverju sinni. Skal hún þá m.a. taka mið af þeim atriðum er greinir í 35. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Ef sérstaklega stendur á að mati Persónuverndar, getur stofnunin vikið frá ákvæðum reglugerðarinnar við veitingu starfsleyfis.

3. gr.

Persónuupplýsingar sem fjárhagsupplýsingastofu er heimilt að vinna með.

Fjárhagsupplýsingastofu er einungis heimilt að vinna með upplýsingar sem eðli sínu samkvæmt hafa afgerandi þýðingu við mat á fjárhag og lánstrausti hins skráða. Aldrei er þó heimilt að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. 8. tl. 2. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Fjárhagsupplýsingastofu er heimilt að vinna með upplýsingar um nafn manns eða lögaðila, heimilisfang, kennitölu, félagsform, stöðu og atvinnu eða aðrar upplýsingar sem hægt er að fá úr opinberum skráum. Upplýsingar um skuldastöðu aðila má ekki veita með þeim hætti að þær geti verið grundvöllur mats á fjárhagslegri stöðu annars en þess er upplýsingarnar varða beinlínis.

Persónuvernd getur veitt fjárhagsupplýsingastofu sérstaka heimild til að safna og vinna með upplýsingar um önnur atriði en þau sem greind eru í 2. mgr.

Upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust, sem eldri eru en fjögurra ára, er fjárhagsupplýsingastofu óheimilt að skrá eða miðla nema ótvírætt sé að viðkomandi upplýsingar hafi enn verulega þýðingu við mat á fjárhag eða lánstrausti hins skráða.

4. gr.

Viðvörðun- og fræðsluskylda.

Þegar fjárhagsupplýsingastofa safnar fjárhagsupplýsingum frá öðrum en hinum skráða skal hún samtímis gera hinum skráða viðvart og skýra honum frá eftirtöldum atriðum:

1. hvert sé nafn og heimilisfang fjárhagsupplýsingastofu;
2. hver beri daglega ábyrgð á því að fullnægt sé skyldum ábyrgðaraðila samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra;
3. hver sé tilgangur vinnslunnar;
4. hvaða persónuupplýsingar um viðkomandi verði unnið með;
5. hvaðan upplýsingar koma;
6. hverjir verði viðtakendur upplýsinga, þar á meðal um hvort ætlunin sé að miðla upplýsingum um Netið eða flytja þær með öðrum hætti úr landi, hvernig og til herra.

Fjárhagsupplýsingastofu ber að senda viðvörðun skv. 1. mgr. eigi síðar en 14 dögum áður en upplýsingunum er miðlað í fyrsta sinn. Slík skylda á ekki við ef ætla má að hinum skráða sé þegar kunnugt um vinnsluna, svo sem vegna þess að hann hafi fengið tilkynningu þegar nafn hans var í fyrsta sinn fært á umrædda skrá, enda hafi ekki lengri tími en eitt ár liðið frá síðustu skráningu. Persónuvernd getur mælt fyrir um viðtækari eða einfaldari viðvörðunarskyldu.

Ef upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust eru fengnar hjá hinum skráða skal fjárhagsupplýsingastofa fræða hann um hver sé ábyrgðaraðili, hvert sé markmið söfnunarinnar, hvernig auðkenningu upplýsinga verði hagað, hverjum upplýsingarnar verði afhentar, hvort honum sé skylt eða valfrjálst að veita umbæðnar upplýsingar og hvaða afleiðingar það kunni að hafa í för með sér geri hann það ekki. Fræðsluskyldan hvílir á forsvarsmanni viðkomandi fjárhagsupplýsingastofu, eða eftir atvikum starfsmanni hans eða vinnsluaðila, en fellur brott hafi hinn skráði þegar fengið vitneskju um þessi atriði.

Frekari fræðslu skal veita ef það er nauðsynlegt til að tryggja að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, t.d. fræða hann um upplýsingarétt sinn samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

5. gr.

Leiðrétting og eyðing persónuupplýsinga.

Hafi fjárhagsupplýsingastofa unnið með upplýsingar sem eru rangar, villandi eða ófullkomnar, eða hafi persónuupplýsingar verið skráðar án tilskilinnar heimildar, skal hún sjá til þess að upplýsingarnar verði leiðréttar, þeim eytt eða við þær aukið ef umræddur annmarki getur haft áhrif á hagsmuni hins skráða. Hafi slíkum upplýsingum verið miðlað eða þær notaðar ber ábyrgðaraðila, eftir því sem honum er frekast unnt, að hindra að það hafi áhrif á hagsmuni hins skráða.

Ef eyðing eða breyting þeirra upplýsinga sem um ræðir í 1. mgr. er óheimil samkvæmt ákvæðum annarra laga getur Persónuvernd bannað notkun upplýsinganna.

Eyða skal jafnharðan úr skrá fjárhagsupplýsingastofu upplýsingum sem eru eldri en fjögurra ára, nema annað sé sérstaklega heimilað í starfsleyfi frá Persónuvernd.

Um eyðingu og bann við notkun persónuupplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi fer samkvæmt 26. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

6. gr.

Hvernig má miðla upplýsingum.

Upplýsingar um fjárhag og atriði er varða mat á lánstrausti má láta öðrum í té skriflega eða með netlínutengingu við áskrifendur, sem gerir þeim kleift að fletta upp einstökum aðilum (einum í einu). Skal þess gætt að viðhafa nauðsynlegar öryggisráðstafanir til að fyrirbyggja að áskrifendur geti afritað skrána, samtengt hana við aðrar skrár eða unnið með hana á annan hátt en til uppflettingar. Að öðru leyti skal Persónuvernd tilgreina nánar í starfsleyfi með hvaða aðferð hlutaðeigandi fjárhagsupplýsingastofu er heimilt að láta frá sér upplýsingar.

Upplýsingar um nafn og heimilisfang fyrirspyrjanda skal ávallt skrá, svo og hverjum fyrirspyrjandi hefur flett upp. Varðveita skal gögn um þetta í a.m.k. 2 ár.

Óheimilt er að miðla upplýsingum um nafn aðila ef fjárhagsupplýsingastofu er kunnugt um að sú krafa, er liggur skráningu til grundvallar, hafi verið greidd eða henni komið í skil með öðrum hætti. Á þetta við hvort heldur um er að ræða almennt aðgengilegar upplýsingar eða ekki. Sýni skráður aðili fjárhagsupplýsingastofu fram á að umrædd krafa hafi verið að fullu greidd, eða henni komið í skil með öðrum hætti, ber fjárhagsupplýsingastofu að stöðva alla frekari miðlun umræddra upplýsinga. Þetta gildir þó ekki um skráðar upplýsingar um gjaldþrotáurskurði og skiptalok.

III. KAFLI

Réttur hins skráða.

7. gr.

Upplýsingaréttur hins skráða

Nú telur aðili að unnið sé með fjárhagsupplýsingar um hann og er fjárhagsupplýsingastofu þá skylt að skýra honum frá því, óski hann þess. Skal það gert sem fyrst og eigi síðar en innan tveggja vikna frá því að ósk kom fram. Skal í svari fjárhagsupplýsingastofunnar greint frá þeim upplýsingum sem hún hefur unnið með og látið frá sér fara á síðustu tveimur árum um hagi beiðanda.

Samkvæmt 1. mgr. á hinn skráði m.a. rétt á að fá upplýsingar um:

1. hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með;
2. tilgang vinnslunnar;
3. hver fær, hefur fengið eða getur fengið upplýsingar um hann;
4. hvaðan upplýsingarnar hafa komið;
5. hvaða öryggisráðstafanir eru og verði viðhafðar við vinnslu.

Hafi fjárhagsupplýsingastofan í vörslum sínum frekari upplýsingar um hinn skráða en þær sem beiðnin lýtur að er fjárhagsupplýsingastofu skylt að gera beiðanda grein fyrir þeim og jafnframt fyrir rétti hans til að kynna sér efni gagna af eigin raun.

Hinn skráði getur gert kröfu um að fá svör skv. 1.3. mgr. frá ábyrgðaraðila, eða eftir atvikum fulltrúa hans, ef það á við, skriflega.

8. gr.

Andmálaréttur hins skráða.

Þegar hinum skráða berst frá fjárhagsupplýsingastofu viðvörðun skv. 4. gr. er honum heimilt að andmæla vinnslu slíkra upplýsinga um sjálfan sig, ef hann hefur til þess lögmætar og knýjandi ástæður. Beri aðili fram slík andmæli, og eigi þau rétt á sér, er fjárhagsupplýsingastofu óheimilt að miðla upplýsingunum. Berist fjárhagsupplýsingastofu slík beiðni en telji hana ekki eiga rétt á sér skal hún greina frá niðurstöðu sinni með skriflegum hætti, eigi síðar en innan 14 daga frá því beiðnin barst henni. Í synjun skal leiðbeina hinum skráða um rétt hans til að kæra synjunina til Persónuverndar innan þriggja mánaða.

IV. KAFLI

Gildistaka o.fl.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 45. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77 23. maí 2000, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. mars 2001.

4.4.2. Reglugerð nr. 134/2001 um vörslu og nýtingu lífsýna í lífsýnasöfnum.

I. kafli.

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til söfnunar lífsýna, vörslu, meðferðar, nýtingar og vistunar þeirra í lífsýnasöfnum.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

1. Lífsýni: Lífrænt efni úr mönnum, lifandi eða látnum, sem veitt getur um þá líffræðilegar upplýsingar.
2. Lífsýnasafn: Safn lífsýna sem geymd eru til frambúðar.
3. Vísindarannsókn: Rannsókn sem ætlað er að auka þekkingu, m.a. til að bæta heilsu og lækna sjúkdóma.
4. Þjónusturannsókn: Rannsókn sem framkvæmd er vegna heilbrigðisþjónustu við einstakling.
5. Upplýst, óþvingað samþykki: Samþykki sem veitt er skriflega og af fúsum og frjálsum vilja eftir að lífsýnisgjafi hefur verið upplýstur um markmið með töku sýnisins, gagnsemi þess, áhættu samfara tókunni og að lífsýnið verði varðveitt til frambúðar í lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr. laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn.
6. Ætlað samþykki: Samþykki sem felst í því að lífsýnisgjafi hefur ekki lýst sig móttallinn því að lífsýni sem tekið er úr honum við þjónusturannsókn verði varðveitt til frambúðar í lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr. laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn, enda hafi skriflegar upplýsingar um að slíkt kynni að verða gert verið aðgengilegar.

7. Lífsýnisgjafi: Einstaklingur sem lífsýni er úr.
8. Leyfishafi: Einstaklingur eða lögaðili sem fengið hefur leyfi ráðherra til starfrækslu lífsýnasafns skv. 4. gr. laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn.
9. Tímabundin varsla lífsýna: Varsla lífsýna í allt að fimm ár, sem safnað er vegna þjónusturannsóknna, meðferðar eða afmarkaðra vísindarannsókna nema Vísindasiðanefnd veiti heimild til framlengingar um tiltekinn tíma.

II. kafli.

Stofnun og starfræksla lífsýnasafna.

3. gr.

Stofnun og starfræksla.

Stofnun og starfræksla lífsýnasafns er einungis heimil þeim sem fengið hefur til þess leyfi ráðherra samkvæmt lögum um lífsýnasöfn nr. 110/2000. Leyfi til stofnunar og starfrækslu lífsýnasafna er háð því að uppfyllt séu skilyrði 5. og 6. gr. laga um lífsýnasöfn nr. 110/2000.

Meirihluti stjórnar lífsýnasafns sbr. 6. gr. laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn, skal hafa sérþekkingu á fagsviði lífsýnasafnsins. Aðstaða til vörslu lífsýnasafns skal vera í samræmi við leiðbeiningar landlæknis.

III. kafli.

Fræðsluskýlda.

4. gr.

Lífsýni sem aflað er til varðveislu í lífsýnasafni vegna vísindarannsókna.

Áður en lífsýnis er aflað á grundvelli upplýsts samþykkis skv. 1. mgr. 6. gr. skal veita lífsýnisgjafa upplýsingar um;

- a. nafn og aðsetur ábyrgðarmanns lífsýnasafns,
- b. markmið lífsýnistöku og gagnsemi hennar,
- c. hvers konar lífsýni er tekið,
- d. áhættu samfara tókunni,
- e. að lífsýni verði varðveitt í lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr. laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn og skal lífsýnisgjafa gerð grein fyrir efni hennar,
- f. öryggisráðstafanir við söfnun og geymslu lífsýnanna og hvernig persónuupplýsingar þeim tengdar verða auðkenndar,
- g. hverjum lífsýni verði afhent,
- h. að honum sé valfrjálst að veita heimild til varðveislu lífsýnis í lífsýnasöfnum og að höfnun þess að veita slíka heimild hafi engin áhrif á réttarstöðu hans.

Starfsreglur lífsýnasafnsins skulu vera lífsýnisgjafa aðgengilegar.

Lífsýnisgjafa skal gerð grein fyrir því að hann geti hvenær sem er afturkallað samþykki sitt fyrir því að afla megi lífsýnis og/eða að lífsýni verði varðveitt í lífsýnasafni. Þá skal lífsýnisgjafa gerð grein fyrir því að hann geti hvenær sem er hætt þátttöku í vísindarannsókn. Jafnframt skal honum gerð grein fyrir því hvað í því felst sbr. 7. gr. reglugerðar þessarar.

5. gr.

Lífsýni sem aflað er vegna þjónusturannsókna.

Landlæknir skal kynna fyrir almenningi ákvæði laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn, um ætlað samþykki skv. 6. tölul. 2. gr. og afturköllun þess skv. 4. mgr. 7. gr. áður nefndra laga. Hann skal jafnframt veita fræðslu um tilkynningar til úrsagnarskrár skv. 10. gr., annast gerð upplýsingaefnis og eyðublaða fyrir slíkar tilkynningar og sjá til þess að þau liggja frammi á heilbrigðisstofnunum, hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum og annars staðar þar sem lífsýni eru tekin. Áður en lífsýnis er aflað vegna þjónusturannsókna eða meðferðar skal heilbrigðisstarfsfólk vekja athygli lífsýnis-

gjafa eða lögráðamanns á upplýsingum frá landlækni, sbr. 1. mgr. Sé lífsýnisgjafi tímabundið ófær um að taka við upplýsingum skal veita honum upplýsingar þegar hann verður fær um að tileinka sér þær, annars skulu þær veittar nánasta aðstandanda.

IV. kafli.

Samþykki lífsýnisgjafa og afturköllun þess.

6. gr.

Upplýst samþykki vegna vörslu lífsýna í lífsýnasafni og vegna vísindarannsókna.

Leitað skal eftir upplýstu óþvinguðu samþykki þess sem lífsýnið gefur, sbr. 5. tölul. 2. gr., við öflun lífsýnis til vörslu í lífsýnasafni vegna tiltekinnar vísindarannsóknar og/eða síðari vísindarannsóknna sem gerðar eru í samræmi við markmið söfnunarinnar.

Ekki má gera vísindarannsókn á lífsýnum sem safnað hefur verið til vörslu í lífsýnasafni, nema rannsóknin hafi áður hlotið samþykki Vísindasiðanefndar og að uppfylltum ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

7. gr.

Afturköllun upplýsts samþykkis.

Lífsýnisgjafi getur hvenær sem er afturkallað samþykki sitt fyrir varðveislu lífsýnis í lífsýnasafni og eða þátttöku í vísindarannsókn. Skal hann tilkynna ábyrgðarmanni rannsóknar eða söfnunar um ákvörðun sína. Ábyrgðarmaður skal afhenda lífsýnisgjafa staðfestingu á afturköllun. Ábyrgðarmaður rannsóknar eða söfnunar skal tilkynna Vísindasiðanefnd og Persónuvernd um afturköllunina. Þegar lífsýnisgjafi hefur afturkallað samþykki sitt skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn, skal lífsýninu eytt.

Við afturköllun upplýsts samþykkis skal lífsýni eytt; þ.e. vefjasýnum, blóðsýnum, frumum og einangruðu erfðafni (DNA/RNA) og er óheimilt að framkvæma frekari rannsóknir á lífsýninu, hvort heldur er upprunalegu lífsýni eða einangruðum þáttum þess, frumum eða erfðafni.

Niðurstöðum rannsókna sem þegar hafa verið framkvæmdar og byggja á notkun lífsýnis þess sem afturkallar samþykki sitt, skal hins vegar ekki eytt, en þær skulu varðveittar á ópersónugreinanlegu formi þannig að ekki sé unnt að rekja niðurstöðurnar til lífsýnisgjafans. Niðurstöður rannsókna teljast hvers kyns niðurstöður; skrifður texti, tölugildi, kvarðar, gröf og myndir. Einnig niðurstöður sem hafa að geyma sameindir eða sameindabúta (þ.m.t. úr kjarnsýrum eða próteínum) á formi banda eða bletta í hlaupi, á himnum eða glerjum. Notkun þeirra til frekari rannsókna er óheimil. Afurðum rannsókna sem eiga uppruna sinn í lífsýni, svo sem vefjaræktunum, frumulínum, einangruðum genum eða einangruðum sameindum, upprunalegum eða breyttum skal ekki eytt, en öll persónuauðkenni skulu afmáð þannig að ekki sé hægt að rekja uppruna þeirra til lífsýnisgjafans. Um öryggi persónuupplýsinga fer skv. reglum sem Persónuvernd setur, sbr. einkum 8. tölul. 5. gr. og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn.

8. gr.

Sýni vegna þjónusturannsókna, ætlað samþykki fyrir vistun í lífsýnasafni.

Hafi lífsýnum verið safnað vegna þjónusturannsókna eða meðferðar má ganga út frá ætluðu samþykki lífsýnisgjafa, sbr. 6. tölul. 2. gr., fyrir því að lífsýni verði vistað í lífsýnasafni, enda sé þess getið í skriflegum upplýsingum sem aðgengilegar eru lífsýnisgjafa þar sem sýni er tekið, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar þessarar.

Heimilt er að vista lífsýni úr látnum einstaklingi í lífsýnasafni, enda hafi hann ekki fyrir andlátið afturkallað ætlað samþykki sitt. Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn, um lífsýni úr látnum einstaklingum.

Eftirlifandi ættingjar hafa ekki umráðarétt yfir lífsýnum látinna. Varði notkun sýna mikilvæga hagsmuni eftirlifandi ættingja getur Vísindasiðanefnd ákveðið að þeir skuli upplýstir og afstaða þeirra könnuð.

9. gr.

Afturköllun ætlaðs samþykkis.

Lífsýnisgjafi getur hvenær sem er afturkallað ætlað samþykki sitt fyrir því að lífsýni hans verði vistuð í lífsýnasafni til notkunar skv. 9. gr. laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn, hvort heldur öll lífsýni eða tiltekin lífsýni, eða til allra rannsókna eða tiltekinna rannsókna. Skylt er að verða við slíkri beiðni.

Við afturköllun ætlaðs samþykkis skal lífsýni ekki eytt, en það varðveitt til notkunar í þágu lífsýnisgjafa. Þegar aðgangur er veittur samkvæmt framangreindu skal það skráð. Önnur notkun er háð sérstakri heimild lífsýnisgjafa sbr. þó 4. mgr.

Lífsýnisgjafi skal tilkynna landlækni um ósk sína. Landlæknir skal annast gerð eyðublaða fyrir slíkar tilkynningar og sjá til þess að þau liggi frammi á heilbrigðisstofnunum, hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum og annars staðar þar sem lífsýni eru tekin. Um öryggi þessara upplýsinga fer skv. reglum sem Persónuvernd setur sbr. 8. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn.

Safnstjórn getur í undantekningartilvikum, að fengnu leyfi Persónuverndar og Vísindasiðanefndar, heimilað notkun lífsýna í öðrum tilgangi en ætlað var þegar þau voru tekin, enda mæli brýnir hagsmunir með því og ávinningurinn vegi þyngra en hugsanlegt óhagræði fyrir lífsýnisgjafann eða aðra aðila.

V. kafli.

Úrsagnaskrá.

10. gr.

Úrsagnaskrá og fyrirkomulag hennar.

Landlæknir skal sjá til þess að óskir lífsýnisgjafa um afturköllun samþykkis séu virtar. Hann skal halda dulkóðaða úrsagnaskrá yfir lífsýnisgjafa og skal hún ávallt vera aðgengileg stjórnnum lífsýnasafna. Í skránni skulu aðeins vera þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi safnsins og til að tryggja að óskir lífsýnisgjafa séu virtar.

Þegar leitað er eftir aðgangi að lífsýnasafni vegna vísindarannsókna skal ábyrgðarmaður lífsýnasafns afla upplýsinga um úrsagnir hjá landlækni áður en aðgangur að lífsýnum í safninu er heimilaður.

Þeir starfsmenn landlæknis sem starfa við framangreint eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir komast að við störf sín og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Skulu þeir undirrita þagnarheit áður en þeir taka til starfa. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

VI. kafli.

Aðgangur að lífsýnasafni vegna vísindarannsókna.

11. gr.

Skyldur safnstjórnar.

Við veitingu aðgangs að lífsýnasafni skal safnstjórn gæta þess að aðgangur til vísindarannsókna skerði ekki möguleika til frekari greiningar sjúkdóma í þágu lífsýnisgjafa.

Áður en aðgangur að lífsýnasafni er veittur, skv. 9. gr. laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn, skal liggja fyrir rannsóknaráætlun samþykkt af Vísindasiðanefnd eða siðanefnd viðkomandi heilbrigðisstofnunar, sbr. reglugerð nr. 552/1999 um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Sé um að ræða erfðarannsókn skal að jafnaði leitað upplýsts samþykkis viðkomandi sé hann á lífi og ávallt ef unnt er að rekja upplýsingar til tiltekins einstaklings og skal það háð mati Vísindasiðanefndar og Persónuverndar. Uppfylltar skulu kröfur Persónuverndar samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Í lífsýnasöfnum sem orðið hafa til á heilbrigðisstofnunum hins opinbera eða stofnunum sem kostaðar eru af almannafé skal safnstjórn við gerð samnings við vísindamenn gæta samræmis og jafnræðis við veitingu aðgangs að lífsýnasafni. Aðgangur að lífsýnasafni skal byggjast á faglegum og vísindalegum forsendum að teknu tilliti til hagsmuna lífsýnisgjafa. Safnstjórn skal rökstyðja höfnun á beiðni um aðgang.

Heimilt er að senda lífsýni úr landi í þágu lífsýnisgjafa, vegna sjúkdómsgreiningar eða gæðaeftirlits. Annar flutningur lífsýna úr landi er háður samþykki Vísindasiðanefndar og Persónuverndar og með þeim skilyrðum sem þær setja. Sýni skulu að jafnaði send á persónuauðkenna. Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er ábyrgur fyrir að engar persónugreinanlegar upplýsingar fylgi sýnunum og að leifar sýnanna séu sendar til baka að rannsókn lokinni.

Safnstjórn er óheimilt að flytja lífsýni í annað lífsýnasafn nema að fengnu leyfi Vísindasiðanefndar og Persónuverndar og með þeim skilyrðum sem þær setja. Safnstjórn er heimilt að varðveita í lífsýnasafni sérsöfn lífsýna sem safnað hefur verið vegna tiltekinna vísindarannsókna og fer um aðgang að þeim samkvæmt samningi við ábyrgðarmann rannsóknar að fengnu leyfi Vísindasiðanefndar og Persónuverndar og með þeim skilyrðum sem þær setja.

VII. kafli.

Rekstur lífsýnasafna.

12. gr.

Upplýsingaskylda.

Lífsýnasöfn skulu veita þeim sem þess óska staðlaðar upplýsingar um eftirfarandi atriði;

1. nafn og heimilisfang stjórnarmanna safnstjórnar og ábyrgðarmanns lífsýnasafns,
2. hver ber daglega ábyrgð á lífsýnasafninu,
3. markmið með starfrækslu lífsýnasafnsins,
4. tegund þeirra lífsýna sem unnið er með,
5. frá hvaða aðilum lífsýnin berast,
6. hverjum veittur er aðgangur að lífsýnunum og hvort til greina komi að flytjalífsýnin úr landi,
7. hvar hægt sé að fá aðgang að starfsreglum lífsýnasafnsins.

13. gr.

Opinber skrá um starfandi lífsýnasöfn.

Landlæknir skal halda skrá yfir þau lífsýnasöfn sem fengið hafa leyfi heilbrigðisráðherra til starfrækslu. Þar skulu að lágmarki koma fram þau atriði sem talin eru upp í 12. gr. Skráin skal vera aðgengileg almenningi á heimasíðu landlæknis.

14. gr.

Upplýsingaréttur lífsýnisgjafa.

Að ósk lífsýnisgjafa er landlækni eða safnstjórn skylt að veita lífsýnisgjafa upplýsingar um eftirtalin atriði varðandi lífsýni úr honum;

1. hvort lífsýni úr honum eru geymd í lífsýnasafni og hvers konar lífsýni það eru,
2. í hvaða tilgangi lífsýni var tekið,
3. hver hefur fengið eða getur fengið aðgang að lífsýninu,
4. á hvaða forsendum slíkur aðgangur sé veittur,
5. hvaða öryggisráðstafanir eru viðhafðar við söfnun og geymslu lífsýnanna.

VIII. kafli.

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Breytingar á reglugerð þessari skulu gerðar í samráði við Vísindasiðanefnd, Persónuvernd og landlækni.

16. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 9. og 16. gr. laga nr. 110/2000 um lífsýnasöfn og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 6. febrúar 2001.

4.4.3. Reglugerð nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu.

1. gr. Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um rafræna vinnslu persónuupplýsinga hjá lögreglu. Reglugerðin gildir eingöngu um vinnslu persónuupplýsinga í þágu lögreglustarfa skv. 1. gr. lögreglulaga.

2. gr. Skrár lögreglu.

Ríkislögreglustjóri heldur eftirfarandi skrár:

- Málaskrá um kærur sem berast lögreglu um afbrot þar sem eftirfarandi upplýsingar verða skráðar:
 - nöfn málsaðila og annarra sem málið varðar, ásamt kennitölu, lögheimili og dvalarstað,
 - vettvangur brots eða atburðar,
 - brotaflokkur eða flokkur viðfangsefnis,
 - ökutæki og aðrir munir sem tengjast máli,
 - fíkniefni sem tengjast máli,
 - listi yfir skýrslur máls,
 - upplýsingar um rannsóknarferil máls.
- Dagbók lögreglu um erindi sem henni berast þar sem eftirfarandi upplýsingar verða skráðar:
 - nöfn tilkynnanda og annarra sem málið varðar, ásamt kennitölu, lögheimili og dvalarstað,
 - vettvangur brots eða atburðar,
 - brotaflokkur eða flokkur viðfangsefnis,
 - ökutæki og aðrir munir sem tengjast máli,
 - hvaða lögreglumenn voru á vettvangi,
 - hver skráir skýrslu vegna atburðar,
 - lögreglutæki á vettvangi,
 - upplýsingar um úrlausn máls.
- Skrá yfir handtekna menn þar sem eftirfarandi upplýsingar verða skráðar:
 - nafn handtekings manns, kennitala, lögheimili og dvalarstaður,
 - brot sem er tilefni handtöku,
 - vettvangur handtöku og tímasetning,
 - upplýsingar um tilkynningar til aðstandenda og annarra yfirvalda,
 - hver annast handtöku, skráir skýrslu og ákveður vistun,
 - ástand manns við handtöku,
 - aðrar upplýsingar um handtöku, aðbúnað handtekings manns og meðferð máls meðan á handtöku stendur.
- Aðrar skrár sem nauðsynlegar eru í þágu lögreglustarfa til að afstýra yfirvofandi hættu eða sporna við afbrotum.

Ríkislögreglustjóri getur veitt einstökum lögreglustjórum heimild til að halda skrár um ákveðin atriði ef það þykir nauðsynlegt vegna tiltekinna lögreglustarfa.

3. gr. Tilkynning um vinnslu persónuupplýsinga til Persónuverndar.

Ríkislögreglustjóri skal tilkynna Persónuvernd um þær skrár sem hann heldur og um þær skrár sem hann hefur heimilað lögreglustjórum að halda skv. 2. mgr. 2. gr.

Í tilkynningu skal tilgreina eftirfarandi atriði:

- eðli skrár
- tilgang skrár

- hvaða upplýsingar er að finna í skrá
- hverjir hafi aðgang að skrá eða einstökum hlutum hennar
- til hverra upplýsingum úr skrá er miðlað.

Auk þeirra atriða sem greinir í 2. mgr. skal í tilkynningu vegna skrár skv. 2. mgr. 2. gr. tilgreina hver annist og beri ábyrgð á vinnslu skrár.

Nú verður breyting á skrá eða nýtingu hennar og skal þá ríkislögreglustjóri tilkynna Persónuvernd um þær breytingar.

Áður en tekin er í notkun ný aðferð við rafræna vinnslu persónuupplýsinga skal lögregla leita álits Persónuverndar á því hvort sú vinnsla sé í samræmi við lög og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og eftir atvikum hvort grípa þurfi til sérstakra ráðstafana til að tryggja lögmæti vinnslunnar.

4. gr. Öryggi og innra eftirlit.

Ríkislögreglustjóri og lögreglustjóri í hverju umdæmi bera ábyrgð á öryggi við vinnslu persónuupplýsinga og að meðferð þeirra samrýmist reglum og stöðlum sem Persónuvernd setur um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga. Til að fullnægja þessu skal reglulega framkvæma öryggismat og gerðar kerfisbundnar öryggisráðstafanir.

Ríkislögreglustjóri og lögreglustjórar skulu viðhafa og skipuleggja viðvarandi innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga. Eftirlitið skal miða að því að tryggja áreiðanleika upplýsinga og að koma í veg fyrir aðgang, breytingu eða miðlun upplýsinga án heimildar.

Tilkynna skal Persónuvernd reglulega um þær ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt þessari grein.

5. gr. Vinnsla persónuupplýsinga.

Vinnsla persónuupplýsinga skal takmörkuð við upplýsingar sem eru nauðsynlegar vegna lögreglustarfa. Eftir því sem frekast er unnt skal vinnsla persónuupplýsinga bundin við sannreyndar upplýsingar.

Persónuupplýsingar sem aflað er vegna lögreglustarfa má ekki nýta í öðrum tilgangi, sbr. þó 6. gr.

Að svo miklu leyti sem unnt er skulu mismunandi tegundir varðveittra persónuupplýsinga aðgreindar í samræmi við nákvæmni þeirra og áreiðanleika. Upplýsingum um staðreyndir skal halda aðgreindum frá gögnum byggðum á áliti eða mati. Einnig skal upplýsingum vegna stjórnsýslu haldið aðgreindum frá upplýsingum vegna lögreglustarfa.

6. gr. Miðlun persónuupplýsinga.

Persónuupplýsingum skal miðlað innan lögreglu að því marki sem nauðsynlegt er vegna lögreglustarfa. Einnig skal ákærvaldið og Fangelsismálastofnun ríkisins hafa aðgang að persónuupplýsingum að því marki sem nauðsynlegt er til að sinna lögboðnum verkefnum.

Persónuupplýsingum verður aðeins miðlað til annarra stjórnvalda en getur í 1. mgr. eða til einkaaðila í eftirfarandi tilvikum:

- samkvæmt samþykki hins skráða eða
- samkvæmt lagaheimild eða
- samkvæmt heimild Persónuverndar eða
- ef miðlun upplýsinga er nauðsynleg til að koma í veg fyrir alvarlega og aðsteðjandi hættu.

Persónuupplýsingum verður aðeins miðlað til erlendra lögreglufyrivalda í eftirfarandi tilvikum:

 - samkvæmt lagaheimild eða
 - samkvæmt þjóðréttarlegri skuldbindingu eða
 - ef miðlun upplýsinga er nauðsynleg til að koma í veg fyrir alvarlega og aðsteðjandi hættu eða

sporna við alvarlegum afbrotum, enda veiti það ríki sem upplýsingar eru sendar til fullnægjandi persónuupplýsingavernd.

Eftir því sem unnt er skal sannreyna áreiðanleika persónuupplýsinga áður en þeim er miðlað. Ef upplýsingar eru ónákvæmar eða úreltar skal þeim ekki miðlað. Nú hefur slíkum upplýsingum verið miðlað og skal lögregla þá eftir því sem frekast er unnt hindra að það hafi áhrif á hagsmuni hins skráða.

7. gr.

Notkun persónuupplýsinga sem hefur verið miðlað.

Persónuupplýsingar sem lögregla hefur miðlað má ekki nýta í öðrum tilgangi en þeim sem lýst var í beiðni um upplýsingar. Notkun upplýsinga í öðru skyni er háð samþykki viðkomandi lögregluvalds.

8. gr.

Upplýsingaréttur hins skráða.

Hinn skráði á rétt á að fá frá lögreglu vitneskju um:

1. hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með;
2. tilgang vinnslunnar;
3. hver fær, hefur fengið eða mun fá upplýsingar um hann.

Lögregla skal veita vitneskju skriflega ef þess er óskað. Afgreiða skal erindi skv. 1. mgr. svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku þess.

9. gr.

Takmörkun á upplýsingarétti.

Réttur hins skráða til að fá vitneskju skv. 8. gr. er ekki fyrir hendi ef óhjákvæmilegt er að upplýsingar fari leynt vegna lögreglustarfa eða ef það er nauðsynlegt til að vernda hinn skráða sjálfan eða réttindi eða frelsi annarra.

Takmörkun á upplýsingarétti hins skráða skal rökstudd að því marki sem það er unnt án þess að greint verði frá nokkru sem leynt á að fara.

10. gr.

Tilkynningarskylda um söfnun persónuupplýsinga.

Nú er persónuupplýsingum safnað og þær varðveittar án vitneskju hins skráða og skal þá eftir því sem unnt er tilkynna viðkomandi um vinnslu upplýsinga, enda verði slík tilkynning ekki talin geta hindrað lögreglustörf. Þetta gildir ekki ef upplýsingum hefur verið eytt.

11. gr.

Rafræn vöktun.

Þegar löggæsla fer fram með rafrænni vöktun á almannafæri skal með merki eða á annan áberandi hátt gera glögglega viðvart um þá vöktun.

12. gr.

Leiðrétting eða eyðing rangra og villandi persónuupplýsinga.

Ef skráðar hafa verið persónuupplýsingar sem eru rangar, villandi eða ófullkomnar, eða persónuupplýsingar hafa verið skráðar án tilskilinnar heimildar, skal lögregla sjá til þess að upplýsingar verði leiðréttar, þeim eytt eða við þær aukið ef umræddur annmarki getur haft áhrif á hagsmuni hins skráða.

13. gr.

Aðgangur að persónuupplýsingum og eyðing þeirra.

Aðgangur lögreglumanna að persónuupplýsingum skal ekki vera rýmri en nauðsynlegt er með hliðsjón af þeim verkefnum sem þeir hafa með höndum.

Nú eru skráðar persónuupplýsingar ekki lengur nauðsynlegar í þágu lögreglustarfa vegna aldurs upplýsinga eða af öðrum ástæðum og skal þeim þá eytt. Ef óheimilt er að eyða upplýsingum skal ríkislögreglustjóri grípa til sérstakra ráðstafana til að takmarka aðgang að slíkum upplýsingum og getur hann eftir atvikum bannað notkun þeirra.

Ríkislögreglustjóri skal tilkynna Persónuvernd um ákvarðanir sem teknar hafa verið samkvæmt þessari grein.


14. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 3. mgr. 19. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19 26. mars 1991, i-lið 1. mgr. 5. gr. lögreglulaga nr. 90 13. júní 1996, sbr. lög nr. 15 14. apríl 2000, og 3. mgr. 45. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77 23. maí 2000, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu, nr. 794 25. október 2000.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. apríl 2001.



5. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.

Evrópuþingið og ráð Evrópusambandsins hafa, með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100 gr. a, með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁷⁾, með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽¹⁸⁾, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ⁽¹⁹⁾, og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Markmið bandalagsins, sem mælt er fyrir um í stofnsáttmálanum, eins og honum var breytt með sáttmálanum um Evrópusambandið, eru að skapa nánari einingu meðal þjóða Evrópu, stuðla að nánari samskiptum milli þeirra ríkja er bandalagið mynda, tryggja efnahagslegar og félagslegar framfarir með því að taka höndum saman um að ryðja úr vegi þeim tálum sem skipta Evrópu, bæta stöðugt lífsskjör þjóða sinna, varðveita og efla frið og frelsi og hefja á loft lýðræði sem byggist á grundvallarréttindum sem eru viðurkennd í stjórnarskrám og lögum aðildarríkja-anna og í Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis.
2. Gagnavinnskakerfi eru hönnuð til að þjóna mönnum. Þau skulu því vera í samræmi við grundvallarréttindi manna, einkum réttinn til friðhelgi einkalífs, án tillits til ríkisfangs eða búsetu og stuðla að efnahagslegum og félagslegum framförum, auknum viðskiptum og velferð manna.
3. Tilkoma og starfsemi hins innri markaðar, sem felur í sér frjálsa vöruflutninga, frjálsa fólksflutninga, frjálsa þjónustustarfsemi og frjálsa fjármagnsflutninga samkvæmt 7. gr. a í sáttmálanum, útheimtir ekki einungis að miðla megi persónuupplýsingum óhindrað frá einu aðildarríki til annars heldur einnig að standa beri vörð um grundvallarréttindi manna.
4. Notkun persónuupplýsinga eykst stöðugt á ýmsum sviðum atvinnu- og þjóðlífs í bandalaginu. Framfarir í upplýsingatækni auðvelda mjög vinnslu og skipti á slíkum upplýsingum.
5. Sá efnahagslegi og félagslegi samruni, sem fylgir tilkomu og starfsemi innri markaðarinnar í skilningi 7. gr. a í sáttmálanum, leiðir óhjákvæmilega til verulega aukins flæðis persónuupplýsinga yfir landamæri milli allra sem taka þátt í atvinnu- og þjóðlífi í aðildarríkjunum, hvort heldur er í einkageiranum eða opinbera geiranum. Ekki verður komist hjá vaxandi skiptum á persónuupplýsingum milli fyrirtækja í aðildarríkjunum. Samkvæmt lögum bandalagsins ber yfirvöldum í aðildarríkjunum að starfa saman og skiptast á persónuupplýsingum til að þau geti rækt skyldur sínar og unnið verk fyrir hönd yfirvalds í öðru aðildarríki á innri markaðinum, sem er svæði án ytri landamæra.
6. Aukið samstarf í vísindum og tækni og samræmd stofnun nýrra fjarskiptakerfa í bandalaginu útheimtir enn fremur og auðveldar flæði persónuupplýsinga yfir landamæri.
7. Mannréttindi og mannfrelsi, einkum rétturinn til friðhelgi einkalífs, njóta mismikillar verndar í aðildarríkjunum í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og getur það hindrað miðlun þessara upplýsinga frá yfirráðasvæði eins aðildarríkis til yfirráðasvæðis annars aðildarríkis. Þessi munur getur því orðið hindrun í vegi ýmiss konar atvinnustarfsemi á vettvangi bandalagsins, raskað

(17) () Stjtið. EB nr. C 277, 5. 11. 1990, bls. 3 og Stjtið. EB nr. C 311, 27. 11. 1992, bls. 30.

(18) () Stjtið. EB nr. C 159, 17. 6. 1991, bls. 38.

(19) () Álit Evrópuþingsins frá 11. mars 1992 (Stjtið. EB nr. C 94, 13. 4. 1992, bls. 198), staðfest 2. desember 1993 (Stjtið. EB nr. C 342, 20. 12. 1993, bls. 30); sameiginleg afstaða ráðsins frá 20. febrúar 1995 (Stjtið. EB nr. C 93, 13. 4. 1995, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 15. júní 1995 (Stjtið. EB nr. C 166, 3. 7. 1995).

samkeppni og komið í veg fyrir að yfirvöld sinni. L 281/32 IS Stjórnartíðindi EB 23. 11. 1995 skyldustörfum sínum samkvæmt lögum bandalagsins. Þennan mun á vernd má rekja til mikils munar á lögum og stjórnáslufyrirmælum aðildarríkjanna.

8. Ef ryðja á úr vegi hindrunum á flæði persónuupplýsinga verður vernd mannréttinda og mannfrelsis í tengslum við vinnslu slíkra upplýsinga að vera sambærileg í öllum aðildarríkjunum. Þetta markmið er afar mikilvægt fyrir innri markaðinn en aðildarríkin geta ekki náð því ein og sér, einkum ef horft er til þess hve stórvægilegur munur er nú á viðeigandi lögum aðildarríkjanna og hve nauðsynlegt er að samræma lög aðildarríkjanna til að tryggja að flæði persónuupplýsinga yfir landamæri falli undir heildarreglur sem eru í samræmi við markmið innri markaðarins eins og kveðið er á um þau í 7. gr. a í sáttmálanum. Það er því nauðsynlegt að bandalagið geri gangskör að því að samræma þessi lög.
9. Sambærileg vernd, sem samræming innleindra laga hefur í för með sér, gerir það að verkum að aðildarríkin geta ekki lengur hindrað frjálsa miðlun persónuupplýsinga milli aðildarríkjanna með skírskotun í vernd mannréttinda og mannfrelsis, einkum vernd réttarins til friðhelgi einkalífs. Aðildarríkin munu fá svigrúm sem atvinnulífið og aðilar markaðarins geta nýtt sér í tengslum við framkvæmd tilskipunarinnar. Aðildarríkin geta þannig sett almenn skilyrði um löglega gagnavinnslu í löggjöf sína. Með því móti skulu aðildarríkin leitast við að auka þá vernd sem nú er kveðið á um í löggjöf þeirra. Komið getur upp ósamræmi við framkvæmd tilskipunarinnar innan marka þessa svigrúms og í samræmi við lög bandalagsins, sem getur haft áhrif á miðlun upplýsinga innan einstakra aðildarríkjanna svo og innan bandalagsins.
10. Löggjöf aðildarríkjanna um vinnslu persónuupplýsinga er ætlað að vernda grundvallarréttindi og mannfrelsi, ekki síst réttinn til friðhelgi einkalífs, sem eru viðurkennd bæði í 8. gr. Evrópusáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis og í almennum meginreglum laga bandalagsins. Samræming þessara laga má því ekki leiða til minni verndar en þau veita heldur skal þvert á móti leitast við að tryggja mikla vernd í bandalaginu.
11. Meginreglur þessarar tilskipunar um vernd mannréttinda og mannfrelsis, einkum vernd réttarins til friðhelgi einkalífs, eru nánari mótun og rýmkun á reglum í samningi Evrópuráðsins frá 28. janúar 1981 um vernd einstaklinga í tengslum við rafræna vinnslu persónuupplýsinga.
12. Reglurnar um vernd skulu gilda um alla vinnslu aðila, sem stunda starfsemi sem lög bandalagsins taka til, á persónuupplýsingum. Þó ber að undanskilja vinnslu einstaklings á upplýsingum ef hún er hluti af starfsemi sem er einungis í þágu hans sjálfs eða fjölskyldu hans, svo sem bréfaskriftir og skrár yfir heimilisföng.
13. Starfsemin, sem um getur í V. og VI. bálki sáttmálans um Evrópusambandið, er lýtur að almannaoöryggi, landvörnum, öryggi ríkisins eða starfsemi ríkisins á sviði refsilaga, fellur utan lögsögu bandalagsins, samanber þó skuldbindingar aðildarríkjanna samkvæmt 2. mgr. 56. gr., 57. gr. eða 100. gr. a í sáttmálanum um Evrópusambandið. Tilskipun þessi tekur ekki til vinnslu persónuupplýsinga sem er nauðsynleg til að vernda efnahagslega farsæld ríkisins, ef slík vinnsla varðar öryggismál ríkisins.
14. Í upplýsingaþjóðfélaginu á sér nú stað mikilvæg framþróun í þeirri tækni sem notuð er til að taka upp, senda, meðhöndla, skrá, geyma upplýsingar eða miðla þeim í hljóði og mynd um einstaklinga og því er rétt að þessi tilskipun gildi um vinnslu slíkra upplýsinga.
15. Þessi tilskipun tekur aðeins til vinnslu slíkra upplýsinga ef vinnslan er með rafrænum hætti eða ef hinar unnu upplýsingar eru geymdar, eða geyma á þær, í skráningarkerfi sem er byggt upp samkvæmt sérstökum viðmiðunum er tengjast einstaklingum þannig að auðvelt sé að nálgast umræddar persónuupplýsingar. 16) Hljóð- og myndvinnsla upplýsinga, til dæmis við eftirlit með aðstoð eftirlitsmyndavéla, fellur ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar ef eftirlitið fer fram vegna almannaoöryggis, landvarna, öryggis ríkisins eða starfsemi ríkisins á sviði refsilaga eða vegna annarrar starfsemi sem fellur ekki undir lögsögu bandalagsins.
16. Að því er varðar hljóð- og myndvinnslu upplýsinga vegna fréttamennsku eða bókmenntalegrar

eða listrænnar starfsemi, einkum í hljóð- og myndmiðlun, gilda meginreglur tilskipunarinnar á takmarkaðan hátt samkvæmt ákvæðum sem sett eru í 9. gr.

17. Til að tryggja að einstaklingar séu ekki sviptir þeirri vernd sem þeir eiga rétt á samkvæmt þessari tilskipun verður öll vinnsla á persónuupplýsingum í bandalaginu að fara fram í samræmi við lög einhvers aðildarríkis. Í því sambandi verður vinnsla, sem fer fram á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu í aðildarríki, að falla undir lög þess ríkis.
18. Með staðfestu á yfirráðasvæði aðildarríkis er átt við virka og raunverulega starfsemi með föstu fyrirkomulagi. Rekstrarform slíks fyrirtækis að lögum, hvort sem einungis er um að ræða útibú eða dótturfyrirtæki með réttarstöðu lögpersónu, hefur ekki úrslitaáhrif að því er þetta varðar. Ábyrgðaraðili, sem hefur staðfestu á yfirráðasvæði margra aðildarríkjanna, einkum gegnum dótturfyrirtæki, verður að sjá til þess að hvert fyrirtæki uppfylli þær kröfur, sem innlend lög gera til starfsemi þess, til að komast hjá því að innlendar lagareglur séu sniðgengnar.
19. Þótt vinnsla upplýsinga sé í höndum aðila sem hefur staðfestu í þriðja landi má það ekki koma í veg fyrir að einstaklingar fái þá vernd sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Í slíkum tilvikum skal vinnslan falla undir lög aðildarríkisins þar sem tækin, sem notuð eru við vinnsluna, eru staðsett og skal leggja framábyrgðir fyrir því að virt verði réttindi þau og skyldur, sem kveðið er á um í þessari tilskipun.
20. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ákvæði um lögsögu sem gilda í refsismálum.
21. Þegar aðildarríkin setja lög eða gera ráðstafanir á grundvelli þessarar tilskipunar skulu þau skilgreina nánar hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til að vinnsla upplýsinga sé lögleg. Ákvæði 5. gr., í tengslum við ákvæði 7. og 8. gr., gera aðildarríkjunum kleift að setja sérstök skilyrði fyrir vinnslu upplýsinga á tilteknum sviðum og með tilliti til hinna ýmsu flokka upplýsinga sem fjallað er um í 8. gr.
22. Aðildarríkin hafa vald til að framfylgja vernd einstaklinga, bæði með almennum lögum um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og með sérlögum, til dæmis um hagstofur.
23. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á löggjöf um vernd lögpersóna í tengslum við vinnslu upplýsinga sem varða þær.
24. Meginreglur umvernd skulu annars vegar birtast í þeim skyldum sem lagðar eru á einstaklinga, opinber yfirvöld, fyrirtæki, stofnanir eða aðra aðila sem annast vinnslu upplýsinga, einkum að því er varðar gæði upplýsinganna, tæknilegt öryggi, tilkynningar til eftirlitsyfirvalds og hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til að vinnslan megi fara fram, og hins vegar í rétti þeirra einstaklinga, sem upplýsingarnar fjalla um, til að fá vitneskju um að vinnsla upplýsinganna eigi sér stað, til að skoða upplýsingarnar, til að krefjast leiðréttinga á þeim og jafnvel til að mótmæla vinnslu þeirra við ákveðnar aðstæður.
25. Meginreglur um vernd skulu gilda um allar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um einstakling. Til að ákveða hvort hægt sé að tengja upplýsingarnar við einstakling skal tekið mið af öllum aðferðum sem eðlilegt er hugsa sér að ábyrgðaraðili eða annar aðili beiti til að bera kennsl á viðkomandi einstakling. Meginreglur umvernd skulu ekki gilda um upplýsingar sem hafa verið aftengdar persónuauðkennum þannig að ekki er lengur unnt að persónugreina upplýsingar um hina skráðu. Siðareglur, í skilningi 27. gr., geta verið hentugt tæki til að leiðbeina um hvernig megi aftengja upplýsingar persónuauðkennum og geyma þær í því formi að ekki sé lengur unnt að persónugreina upplýsingar um hina skráðu.
26. Vernda ber einstaklinga hvort sem um er að ræða rafræna eða handunna vinnslu upplýsinga. Umfang þessarar verndar má í reynd ekki vera háð þeirri tækni sem notuð er, þar eð við það skapast hættu á að lögin verði sniðgengin. Að því er viðvíkur handunninni vinnslu tekur þessi tilskipun þó aðeins til skráningarkerfa en ekki til óskipulagðra skráa. Einkum skal skipuleggja innihald skráningarkerfis samkvæmt sérstökum viðmiðunum viðvíkjandi einstaklingum til að auðvelda aðgang að persónuupplýsingunum. Í samræmi við skilgreiningu í c-lið 2. gr. er hverju

- aðildarríki heimilt að mæla fyrir um hinar ýmsu viðmiðanir sem gera það.L 281/34 IS Stjórnartíðindi EB 23. 11. 1995 kleift að ákvarða efnisþætti skipulagsbundins safns persónuupplýsinga og hinar ýmsu viðmiðanir um aðgang að slíku safni. Skrár eða skráasöfn, sem eru ekki skipulögð samkvæmt tilteknum viðmiðunum, og forsíður þeirra skulu ekki falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.
27. Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að vera lögleg og sanngjörn gagnvart hinum skráðu. Einkum skulu upplýsingarnar vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við markmiðin með vinnslunni. Þessi markmið skulu vera nákvæmlega tilgreind og lög-mæt og ákveðin við söfnun upplýsinganna. Vinnslumarkmið, sem eru sett að söfnun lokinni, mega ekki vera ósamrýmanleg þeim markmiðum sem voru tilgreind í upphafi.
 28. Frekari vinnsla persónuupplýsinga í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi telst venjulega ekki ósamrýmanleg þeim markmiðum sem voru forsenda söfnunarinnar, að því tilskildu að aðildarríkin setji viðeigandi öryggisákvæði. Þessi öryggisákvæði verða einkum að útiloka notkun upplýsinga til stuðnings ráðstöfunum eða ákvörðunum viðvíkjandi tilteknum einstaklingi.
 29. Ef vinnsla persónuupplýsinga á að teljast lögleg verður hún að auki að fara fram með samþykki hins skráða eða vera nauðsynleg fyrir gerð eða framkvæmd samnings sem er bindandi fyrir hinn skráða, eða byggjast á lagaskilyrði, eða fara fram vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds eða í þágu hagsmuna einstaklinga eða lögmættu, nema hagsmunir, réttindi eða frelsi hins skráða gangi fyrir. Aðildarríkjunum er heimilt, einkum til að gæta jafnt hagsmuna þeirra sem hlut eiga að máli og tryggja um leið virka samkeppni, að ákveða hvaða skilyrði skuli vera fyrir hendi til að nota megja persónuupplýsingar eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við lögmæta venjubundna starfsemi fyrirtækja og annarra aðila. Aðildarríkjunum er einnig heimilt að tilgreina hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til að miðla megja persónuupplýsingum til þriðja aðila vegna markaðssetningar, hvort sem hún er í atvinnuskyni eða á vegum góðgerðafélaga eða annarra samtaka eða stofnana, til dæmis stjórnmalalegs eðlis, samanber þó ákvæði sem heimila skráðum aðila að andmæla, sér að kostnaðarlausu og án rök-stuðnings, vinnslu persónuupplýsinga sem lúta að honum.
 30. Einnig verður að telja vinnslu persónuupplýsinga löglega ef tilgangurinn með henni er að vernda hagsmuni sem skipta sköpum fyrir líf hins skráða.
 31. Aðildarríkin ákveða hvort ábyrgðaraðili, sem vinnur verk í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds skuli vera opinber stjórnsluaðili eða annar einstaklingur eða lögmættu sem heyrir undir opinberan rétt, eða einkamálarétt, svo sem fagfélög.
 32. Upplýsingar, sem geta eðli sínu samkvæmt verið brot gegn grundvallarfrelsi eða friðhelgi einkalífs, skulu ekki teknar til vinnslu nema hinn skráði veiti afdráttarlaust samþykki sitt til þess. Þó skal skýrt kveðið á um undanþágur frá þessu banni til að mæta tilteknum þörfum, einkum ef menn, sem eru þagnarskyldir, vinna upplýsingarnar með ákveðnu heilsufarslegu markmiði eða þær eru unnar í tengslum við lögmæta starfsemi tiltekinna samtaka eða stofnana sem hafa það að markmiði að tryggja grundvallarfrelsi.
 33. Ef sýna má framá að brýnir almannahagsmunir krefjast þess skulu aðildarríkin einnig geta vikið frá banni um vinnslu viðkvæmra flokka upplýsinga, til dæmis á sviði almannaheilbrigðis og almannatrygginga, einkum til að tryggja gæði og hagkvæmni málsmeðferðarreglna um uppgjör krafna um bætur og þjónustu í sjúkratryggingakerfi, á sviði vísindarannsóknna og opinberra hagskýrslna. Þeim ber þó skylda til að setja sértæk og viðeigandi öryggisákvæði til að vernda grundvallarréttindi manna og rétt þeirra til friðhelgi einkalífs síns.
 34. Ef brýnir almannahagsmunir krefjast þess fer auk þess fram vinnsla opinberra yfirvalda á persónuupplýsingum fyrir opinberlega viðurkennd trúarsamtök til að ná markmiðum samkvæmt stjórnskipunarlægum eða þjóðarétti.
 35. Ef starfsemi vegna kosninga í ákveðnum aðildarríkjunum útheimtir að stjórnmalaflokkar safni upplýsingum um stjórnmalaskoðanir manna til að lýðræðiskerfið geti þjónað hlutverki sínu er

- heimilt að leyfa vinnslu þessara upplýsinga ef sýnt er framá að brýnir almannahagsmunir krefjast þess, að því tilskildu að sett hafi verið viðeigandi öryggisákvæði.
36. Vinnslu persónuupplýsinga vegna fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi, einkum í hljóð- og myndmiðlun, ber að undanþiggja kröfum tiltekinna ákvæða þessarar tilskipunar að því marki sem þörf er á til að samræma grundvallarréttindi manna og réttinn til að láta í ljós álit sitt, að meðtöldum réttinum til að fá og miðla vitneskju, eins og meðal annars er kveðið á um í 10. gr. Evrópusáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Því ber aðildarríkjunum að mæla fyrir um nauðsynlegar undanþágur og takmarkanir til að halda jafnvægi milli grundvallarréttinda, að því er varðar almennar ráðstafanir viðvíkjandi lögmætti gagnavinnslu, ráðstafanir um miðlun upplýsinga til þriðju landa og vald eftirlitsyfivaldsins. Þetta má þó ekki verða til þess að aðildarríkin mæli fyrir um undanþágur frá þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja öryggi gagnavinnslu. Einnig er rétt að kveða á um ákveðnar heimildir eftir á til handa eftirlitsyfivaldinu sem ber ábyrgð á þessu sviði, t.d. heimild til að birta reglubundið skýrslu eða til að vísa málum til dómshyfirvalda.
 37. Ef vinnsla upplýsinga á að vera með sanngjörnum hætti verður hinn skráði að geta fengið vitneskju um að vinnsla fari fram og, þegar upplýsingar eru fengnar hjá honum, fengið áreiðanlegar og fullar upplýsingar með hliðsjón af aðstæðum við söfnun.
 38. Tilteknar vinnsluáðgerðir taka til upplýsinga sem ábyrgðaraðili hefur ekki fengið beint frá hinum skráða. Enn fremur er unnt að miðla upplýsingum á lögmættan hátt til þriðja aðila þótt það hafi ekki verið fyrirhugað á þeim tíma sem upplýsingarnar voru fengnar hjá hinum skráða. Í öllum þessum tilvikum skal skýra hinum skráða frá þessu þegar upplýsingarnar eru skráðar eða í síðasta lagi þegar upplýsingarnar eru látnar þriðja aðila í té í fyrsta sinn.
 39. Ekki er þó nauðsynlegt að kveða á um slíka tilkynningarskyldu ef hinn skráði hefur þegar fengið vitneskju um upplýsingarnar sem skráðar voru eða ef skýrt er kveðið á um skráningu eða miðlun upplýsinganna í lögum eða ef sýnt er að ómögulegt er að veita hinum skráða upplýsingar eða að það kostaði óhóflega fyrirhöfn, sem kann að vera reyndin þegar vinnslan fer fram í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi. Í þessu sambandi er heimilt að taka tillit til fjölda skráðra, aldurs upplýsinganna og þeirra uppbótarráðstafana sem unnt er að gera.
 40. Hver og einn skal hafa rétt til aðgangs að upplýsingum um sjálfan sig sem eru í vinnslu, einkum til að sannreyna áreiðanleika upplýsinganna og lögmætti vinnslunnar. Af sömu ástæðum skal sérhver skráður aðili einnig hafa rétt til vitneskju um fyrirkomulag rafrænnar vinnslu upplýsinga um sjálfan sig, að minnsta kosti þegar umer að ræða ákvarðanir sem byggjast á rafrænni gagnavinnslu eins og um getur í 1. mgr. 15. gr. Þessi réttur má ekki skerða viðskiptaleynd eða hugverkarétt, einkum höfundarétt til verndar hugbúnaði. Þetta má þó ekki verða til þess að hinum skráða sé neitað um allar upplýsingar.
 41. Aðildarríkjunum er heimilt, með tilliti til hagsmuna hins skráða eða til að vernda réttindi og frelsi annarra, að takmarka rétt til aðgangs og upplýsinga. Þeim er til dæmis heimilt að ákveða að einungis sé hægt að fá aðgang að heilsufarsupplýsingum fyrir atbeina sérfræðings á heilbrigðis-sviði.
 42. Aðildarríkin geta einnig takmarkað rétt til aðgangs og upplýsinga og tilteknar skyldur ábyrgðara aðila ef það er nauðsynlegt, til dæmis vegna þjóðaröryggis, landvarna, almannaöryggis eða mikilvægra efnahagslegra eða fjárhagslegra hagsmuna aðildarríkis eða Evrópusambandsins sem og vegna rannsókna og lögsókna í refsímálum og aðgerða vegna brota á siðareglum í lögvernduðum atvinnugreinum. Undantekningar og takmarkanir skulu einnig ná til eftirlits-, skoðunar- og reglusetningarstarfa sem eru nauðsynleg á þremur síðastnefndu sviðum er varða almannaöryggi, efnahagslega eða fjárhagslega hagsmuni og forvarnastarf í glæpamálum. Þetta hefur þó ekki áhrif á lögmætti undantekninga eða takmarkana vegna öryggis ríkisins eða landvarna.
 43. Aðildarríkin geta einnig neyðst til, vegna ákvæða í lögum bandalagsins, að víkja frá ákvæðum þessarar tilskipunar um rétt til aðgangs, tilkynningarskyldu gagnvart einstaklingum og gæði

- upplýsinganna, til að tryggja að ákveðin markmið, sem um getur hér að framan, nái fram að ganga.
44. Í tilvikum þar sem unnt er að vinna upplýsingar á lögmætan hátt með skírskotun í almannahagsmuni, beitingu opinbers valds eða lögmæta hagsmuni einstaklings eða lögpersónu skal sérhver skráður aðili eftir sem áður hafa rétt til að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lögmætar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna. Aðildarríkin geta þó sett í löggjöf sína ákvæði um hið gagnstæða.
 45. Vernd réttinda og frelslis skráðra aðila í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga útheimtir að gerðar séu viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir, bæði L. 281/36 IS Stjórnartíðindi EB 23. 11. 1995 við hönnun vinnslukerfisins og í vinnslunni sjálfri, einkum til að varðveita öryggi og koma þannig í veg fyrir óleyfilega vinnslu. Aðildarríkjunum ber að sjá til þess að ábyrgðaraðilar hlfti þessum ráðstöfunum. Ráðstafanirnar verða að tryggja nægilegt öryggi, að teknu tilliti til nýjustu tækni og kostnaðar við framkvæmd þeirra miðað við þá áhættu sem vinnslan felur í sér og hvers konar upplýsingar á að vernda.
 46. Þegar send eru boð, sem innihalda persónuupplýsingar, með aðstoð fjarskipta- eða tölvupóstþjónustu sem gerir það eitt að senda slík boð, telst ábyrgðaraðili að venju til upphafsmaður boðanna, að því er varðar persónuupplýsingarnar í boðunum, fremur en sá sem annast sendingarþjónustuna. Þeir sem annast slíka þjónustu teljast þó að jafnaði ábyrgðaraðilar að því er varðar vinnslu þeirra persónuupplýsinga sem þarf til viðbótar til að unnt sé að inna þjónustuna af hendi.
 47. Málsmeðferðarreglur um tilkynningu til eftirlitsyfirvalds eru samdar með það fyrir augum að tryggja að markmið og helstu einkenni vinnslunnar verði birt til að sannreyna að vinnslan sé í samræmi við innlend ákvæði sem samþykkt eru á grundvelli þessarar tilskipunar.
 48. Til að unnt sé að komast hjá óhentugum formsatriðum í stjórnsýslunni er aðildarríkjunum heimilt að leyfa undanþágur frá og einföldun á tilkynningarskyldu um vinnslu sem ólíklegt er að brjóti í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila, að því tilskildu að það sé í samræmi við ráðstöfun sem viðkomandi aðildarríki samþykkir þar sem takmörk vinnslunnar eru tilgreind. Aðildarríkjunum er einnig heimilt að kveða á um undanþágu frá tilkynningu eða um einföldun á tilkynningu ef aðili, sem ábyrgðaraðili útnefnir, sér til þess að ólíklegt sé að vinnslan, sem fram fer, fari í bága við réttindi og frelsi hinna skráðu. Þessi gagnaverndarfulltrúi, hvort sem hann er starfsmaður ábyrgðaraðila eða ekki, skal geta unnið starf sitt alveg sjálfstætt.
 49. Unnt er að kveða á um undanþágu frá eða einföldun á tilkynningu þegar umer að ræða vinnslu í þeim tilgangi einum að halda skrá sem er gerð í samræmi við innlend lög í því skyni að veita almenningi upplýsingar og sem almenningur hefur aðgang að eða hver sá sem getur sýnt fram á að hann hafi lögmætra hagsmuna að gæta.
 50. Þótt ábyrgðaraðili eigi kost á einföldun á eða undanþágu frá tilkynningarskyldu leysir það hann ekki undan öðrum skyldum samkvæmt þessari tilskipun.
 51. Í þessu tilviki telst sannprófun lögbæru yfirvaldanna eftir á almennt nægja.
 52. Sum vinnsla getur þó falið í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi hinna skráðu vegna eðlis hennar, umfangs eða markmiða, svo sem vinnsla í þeim tilgangi að útiloka einstaklinga frá því nýta sér rétt, fá bætur eða ná samningi, eða vegna notkunar nýrrar tækni. Aðildarríkjunum er í sjálfvald sett að tilgreina slíkar hættur í löggjöf sinni.
 53. Miðað við alla þá vinnslu sem fer fram í þjóðfélaginu ætti umfang þeirrar vinnslu sem skapar þessa sérstöku hættu að vera ákaflega takmarkað. Aðildarríkin skulu kveða á um að eftirlitsyfirvaldið eða gagnaverndarfulltrúi í samráði við eftirlitsyfirvaldið, skuli athuga slíka vinnslu áður en hún fer fram. Að lokinni slíkri forathugun er eftirlitsyfirvaldinu heimilt að leggja fram álit sitt á vinnslunni eða veita leyfi fyrir henni í samræmi við innlenda löggjöf. Forathugunin getur einnig verið liður í undirbúningi laga frá löggjafarþingi aðildarríkisins, eða undirbúningi annarrar ráðstöfunar sem heimild er fyrir í slíkum lögum, þar sem eðli vinnslunnar er skilgreint og viðeigandi öryggisákvæði sett.

54. Í löggjöf aðildarríkjanna skal kveðið á um réttarúrræði í þeim tilvikum þar sem ábyrgðaraðili virðir ekki réttindi hinna skráðu. Ábyrgðaraðila er skylt að bæta tjón sem aðili verður fyrir vegna ólöglegrar vinnslu, en heimilt er að undanþiggja hann skaðabótaábyrgð ef hann sannar að hann eigi ekki sök á tjóninu, einkum ef hann sýnir framá að hinn skráði hafi gert mistök eða aðstæður hafi verið óviðráðanlegar. Hver sá aðili sem brýtur gegn innlendum ákvæðum, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, skal sæta viðurlögum hvort sem hann heyrir undir einkamálarétt eða opinberan rétt.
55. Flæði upplýsinga yfir landamæri er nauðsynlegt vegna vaxandi alþjóðaviðskipta. Sú vernd einstaklinga, sem tryggð er í bandalaginu með þessari tilskipun, kemur ekki veg fyrir miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa þar sem viðunandi vernd er tryggð. Meta verður hvort verndin, sem þriðja land veitir, er viðunandi með hliðsjón af öllum aðstæðum sem hafa áhrif á miðlunaradgerðina eða viðkomandi tegund miðlunaraðgerða.
56. Leggja skal bann við miðlun persónuupplýsinga til þriðja lands sem tryggir ekki viðunandi vernd.
57. Rétt er að kveða á um undanþágur frá þessu banni við tiltekna aðstæður þar sem hinn skráði hefur veitt samþykki sitt, ef miðlun er nauðsynleg í tengslum við samning eða dómsmál, ef þörf er á því til að vernda brýna almannahagsmuni, til dæmis þegar umer að ræða alþjóðlega miðlun upplýsinga milli skatt- eða tollyfirvalda eða milli almannatryggingayfirvalda eða þegar miðlað er úr skrá sem er gerð í samræmi við lög og almenningur hefur aðgang að eða hver sá sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta. Ekki er þó rétt að þessi miðlun taki til allra upplýsinga eða heilla flokka upplýsinga í viðkomandi skrá og ef fyrirhugað er að veita þeim aðgang að skránni sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta skal miðlunin aðeins fara fram að beiðni þessara aðila eða ef þeir eru sjálfir viðtakendur.
58. Gera má sérstakar ráðstafanir til að bæta upp skort á vernd í þriðja landi ef ábyrgðaraðili leggur fram viðeigandi tryggingar. Enn fremur skulu sett ákvæði um málsmeðferð fyrir samningaviðræður milli bandalagsins og þessara þriðju ríkja.
59. Hvað sem öðru líður er miðlun upplýsinga til þriðju landa aðeins heimil ef hún er í fullu samræmi við ákvæði sem aðildarríkin samþykkja á grundvelli þessarar tilskipunar, einkum 8. gr.
60. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu, hvert á sínu valdsviði, hvetja atvinnugreinasamtök og önnur fulltrúasamtök, sem hlut eiga að máli, til að semja siðareglur í því skyni að auðvelda beitingu þessarar tilskipunar, með hliðsjón af hinum sérstöku eiginleikum þeirrar vinnslu sem fer fram á tilteknum sviðum og í samræmi við innlend ákvæði sem samþykkt eru vegna framkvæmdar tilskipunarinnar.
61. Stofnun eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjunum, sem vinna störf sín alveg sjálfstætt, er grunnþáttur í vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga.
62. Þessi yfirvöld skulu fá nauðsynlegar heimildir til að vinna skyldustörf sín, þar á meðal heimildir til rannsóknar og íhlutunar, einkum að því er varðar kærur frá einstaklingum, og heimild til að fara með mál fyrir dóm. Þessi yfirvöld skulu stuðla að því að gagnsæi vinnslunnar verði tryggt í því aðildarríki þar sem þau eiga lögsögu.
63. Yfirvöld í hinum ýmsu aðildarríkjum skulu skiptast á aðstoð við skyldustörf sín til að tryggja að verndarreglunum sé fylgt til hins ítrasta í öllu bandalaginu.
64. Á vettvangi bandalagsins skal stofna starfshóp um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og skal hópurinn starfa alveg sjálfstætt. Hann skal vera ráðgefandi fyrir framkvæmdastjórnina í krafti sjálfstæðis síns, og skal einkum stuðla að samræmdri beitingu innlendra reglna sem samþykktar eru á grundvelli þessarar tilskipunar.
65. Með hliðsjón af miðlun gagna til þriðju landa er nauðsynlegt, til að unnt sé að beita þessari tilskipun, að veita framkvæmdastjórninni heimildir til að koma henni í framkvæmd og koma á málsmeðferð eins og mælt er fyrir um í ákvörðun ráðsins 87/373/EBE^[20].
66. Hinn 20. desember 1994 gerðu Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin bráðabirgðasamkomulag um framkvæmd lagagerða sem eru samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 189. gr. b í sáttmála EB.

67. Heimilt er að bæta við eða skýra nánar meginreglur þessarar tilskipunar um vernd mannréttinda og mannfrelsis, einkum vernd réttarins til friðhelgi einkalífs, í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, einkum að því er varðar tiltekin svið, með því að setja sérreglur sem skulu vera í samræmi við þessar meginreglur.
68. Eftir að innlend lagaákvæði, sem lögleiða tilskipunina, öðlast gildi hafa aðildarríkin þrjú ár til að byrja, í áföngum, að beita þessum nýju innlendu reglum við alla vinnslu sem þegar var hafin. Til að auðvelda kostnaðarhagkvæmni í framkvæmd þeirra skulu aðildarríkin (1).L 281/38 IS Stjórnartíðindi EB 23. 11. 1995 fá viðbótarfrest, sem rennur út 12 árum eftir að tilskipun þessi var samþykkt, til að tryggja samræmi milli þeirra handunnu skráningarkerfa sem eru fyrir hendi og tiltekinna ákvæða tilskipunarinnar. Ef upplýsingar í slíkum skráningarkerfum eru handunnar á hinum framlengda aðlögunartíma skulu kerfin færð til samræmis við fyrrnefnd ákvæði tilskipunarinnar þegar sú vinnsla fer fram.
69. Ekki er nauðsynlegt að skráður aðili veiti samþykki sitt öðru sinni til að ábyrgðaraðila sé heimilt til að halda áfram að vinna viðkvæmar upplýsingar, eftir að innlend ákvæði sem samþykkt eru á grundvelli þessarar tilskipunar taka gildi, ef upplýsingarnar eru nauðsynlegar fyrir framkvæmd samnings sem gerður er með óþvinguðu og upplýstu samþykki áður en þessi ákvæði taka gildi.
70. Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki samþykki reglur um markaðssetningu sem miðast við neytendur sem búa á yfirráðasvæði þess, að því marki sem slíkar reglur lúta ekki að vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga.
71. Tilskipun þessi gerir kleift að taka mið af meginreglunni um aðgang almennings að opinberum skjölum við framkvæmd ákvæða hennar.
72. SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Markmið tilskipunarinnar

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við þessa tilskipun, vernda grundvallarréttindi og -frelsi manna, einkum rétt þeirra til friðhelgi einkalífs síns, í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga.
2. Aðildarríkin skulu hvorki takmarka né banna frjálst flæði persónuupplýsinga milli aðildarríkja anna með skírskotun í ástæður sem tengjast þeirri vernd sem veitt er samkvæmt 1. mgr.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „persónuupplýsingar“: allar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um einstakling („hinn skráða“). Upplýsingar teljast persónugreinanlegar ef unnt er að rekja þær til hins skráða, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í kennitölu eða einn eða fleiri þætti sem sérkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti;
- b) „vinnsla persónuupplýsinga“ („vinnsla“): aðgerð eða röð aðgerða, rafrænna eða annarra en rafrænna, svo sem söfnun, skráning, kerfisbinding, geymsla, aðlögun eða breyting, heimt, leit, notkun, miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltæk- ar, samantenging eða samkeyrsla, aðgangstakmörkun, afmáun eða eyðilegging;
- c) „skráningarkerfi fyrir persónuupplýsingar“ („skráningarkerfi“): allar skipulagsbundnar persónu- upplýsingar sem eru aðgengilegar samkvæmt tilteknum viðmiðunum, hvort sem þær eru mið- lægar, dreifðar eða skipt upp eftir notkun eða staðsetningu;
- d) „ábyrgðaraðili“: einstaklingur eða lögpersóna, opinbert yfirvald, stofnun eða annar aðili sem ákveður, einn og sér eða í samvinnu við aðra, markmið og aðferðir við vinnslu persónuupplýs- inga. Ef markmið og aðferðir við vinnsluna eru ákveðin í innlendum lögum og reglugerðum eða

lögum og reglugerðum bandalagsins er heimilt að tilgreina ábyrgðaraðila eða tilteknar viðmið- anir um útnefningu hans í lögum viðkomandi lands eða bandalagsins;

- e) „vinnsluaðili“: einstaklingur eða lögpersóna, opinbert yfirvald, stofnun eða annar aðili sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila;
- f) „þriðji aðili“: einstaklingur eða lögpersóna, opinbert yfirvald, stofnun eða aðrir aðilar, nema hinn skráði, ábyrgðaraðili, vinnsluaðili og einstaklingar sem hafa heimild til að vinna upplýsing- ar samkvæmt beinu umboði frá ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila;
- g) „viðtakandi“: einstaklingur eða lögpersóna, opinbert yfirvald, stofnun eða annar aðili sem fær upplýsingar, hvort sem hann er þriðji aðili eða ekki; yfirvöld, sem kunna að fá upplýsingar sem svar við einstökum fyrirspurnum, teljast þó ekki viðtakendur;
- h) „samþykki skráðs aðila“: óþvinguð, sértæk og upplýst viljayfirlýsing skráðs aðila um að hann samþykki vinnslu persónuupplýsinga er varða hann sjálfan.

3. gr.

Gildissvið

1. Tilskipun þessi gildir um vinnslu persónuupplýsinga sem er með rafrænum hætti að hluta eða í heild, og um vinnslu með öðrum aðferðum en rafrænum á persónuupplýsingum sem eru geymdar, eða geyma á, í skráningarkerfi.
2. Tilskipun þessi tekur ekki til vinnslu persónuupplýsinga: – vegna starfsemi sem fellur utan gild- issviðs laga bandalagsins, svo sem starfsemi sem kveðið er á um í V. og VI. bálki sáttmálans um Evrópusambandið, og alls ekki til vinnslu sem varðar almannaoöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins (þar á meðal efnahagslega farsæld ríkisins ef vinnslan tengist öryggismálum ríkisins) og starfsemi ríkisins á sviði refsilaga, – af hálfu einstaklings ef vinnslan er hluti af starfsemi sem er einungis í þágu hans sjálfs eða fjölskyldu hans.

4. gr.

Gildandi innlend lög

1. Aðildarríkin skulu beita innlendum ákvæðum, sem þau samþykkja á grundvelli þessarar tilskip- unar, þegar um er að ræða vinnslu persónuupplýsinga:
 - a) sem fer fram í tengslumvið starfsemi fyrirtækis ábyrgðaraðila á yfirráðasvæði aðildarríkis; ef sami ábyrgðaraðili hefur staðfestu á yfirráðasvæði margra aðildarríkja verður hann að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hvert þessara fyrirtækja uppfylli þær skyldur sem mælt er fyrir um í gildandi innlendum lögum;
 - b) af hálfu ábyrgðaraðila sem hefur ekki staðfestu á yfirráðasvæði aðildarríkis heldur á stað þar sem innlend lög þess gilda í krafti þjóðaréttar;
 - c) af hálfu ábyrgðaraðila sem hefur ekki staðfestu á yfirráðasvæði bandalagsins og notar rafræn- an búnað eða annan búnað, sem er staðsettur á yfirráðasvæði umrædds aðildarríkis, til vinnslu persónuupplýsinga, nema þessi búnaður sé aðeins notaður til umflutnings um yfir- ráðasvæði bandalagsins.
2. Í því tilviki sem um getur í c-lið 1. mgr. skal ábyrgðaraðili útnefna fulltrúa sem hefur staðfestu á yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis, án þess að það hafi áhrif á hugsanlega lögsókn á hendur ábyrgðaraðila.

II. KAFLI

ALMENNAR REGLUR UM LÖGMÆTI VINNslU PERSÓNUUPPLÝSINGA

5. gr.

Aðildarríki skulu ákveða nánar, í samræmi við ákvæði þessa kafla, hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til að vinnsla persónuupplýsinga sé lögleg..L 281/40 IS Stjórnartíðindi EB 23. 11. 1995

I. ÞÁTTUR MEGINREGLUR UM GÆÐI GAGNA

6. gr.

- Aðildarríki skulu kveða á um að persónuupplýsingar skuli:
 - vinna með sanngjörnum og lögmætum hætti;
 - fengnar með skýrt tilgreindum og lögmætum markmiðum og að frekari vinnsla þeirra megi ekki vera ósamrýmanleg þessum markmiðum. Frekari vinnsla í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi telst ekki ósamrýmanleg, að því tilskildu að aðildarríkin setji viðeigandi öryggisákvæði;
 - vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við markmiðin með söfnuninni og/eða vinnslunni;
 - vera áreiðanlegar og, ef þörf krefur, uppfærðar; gera verður allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að upplýsingar, sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við markmiðin með söfnun þeirra eða frekari vinnslu, verði afmáðar eða leiðréttar;
 - geymdar í því formi að ekki sé unnt að persónugreina upplýsingar um skráða aðila lengur en þörf er á miðað við markmiðin með söfnun upplýsinganna eða frekari vinnslu þeirra. Aðildarríkin skulu setja nauðsynleg öryggisákvæði um persónuupplýsingar sem eru geymdar í langan tíma í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi.
- Ábyrgðaraðila ber skylda til að tryggja að farið sé að ákvæðum 1. mgr.

II. ÞÁTTUR VIÐMIÐANIR UM LÖGMÆTA VINNSLU UPPLÝSINGA

7. gr.

Aðildarríkin skulu kveða á um að vinnsla persónuupplýsinga sé aðeins heimil ef:

- hinn skráði hefur gefið ótvírætt samþykki sitt; eða
- vinnslan er nauðsynleg vegna framkvæmdar samnings sem hinn skráði er aðili að eða í því skyni að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður; eða
- vinnslan er nauðsynleg til að uppfylla lögskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila; eða
- vinnslan er nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða; eða
- vinnslan er nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili eða þriðji aðili, sem upplýsingunum er miðlað til, fer með; eða
- vinnslan er nauðsynleg til að ábyrgðaraðili eða þriðji aðili eða aðilar, sem upplýsingunum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna sinna, nema grundvallarréttindi og -frelsi hins skráða, sem vernda ber samkvæmt 1. mgr. 1. gr., gangi fyrir.

III. ÞÁTTUR SÉRSTAKIR FLOKKAR VINNSLU

8. gr.

Vinnsla sérstakra flokka upplýsinga

- Aðildarríkin skulu banna vinnslu persónuupplýsinga er varða kynþátt eða uppruna, stjórnáskoðanir, trúar- eða heimspekiskoðanir og þátttöku í stéttarfélagi og vinnslu upplýsinga um heilsuhagi eða kynlíf.
- Ákvæði 1. mgr. gildir ekki ef:
 - hinn skráði hefur veitt afdráttarlaust samþykki sitt fyrir vinnslu þessara upplýsinga, nema kveðið sé á um það í lögjöf aðildarríkisins að óheimilt sé að aflétta banninu, sem umgetur í 1. mgr., þrátt fyrir samþykki hins skráða; eða
 - vinnslan er nauðsynleg til að ábyrgðaraðili geti staðið við skuldbindingar sínar og nýtt sér tiltekin réttindi samkvæmt vinnulöggjöfinni, að því marki sem vinnslan er heimil samkvæmt innlendum lögum þar sem sett eru viðeigandi öryggisákvæði; eða

- vinnslan er nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða eða annars einstaklings ef hinn skráði er líkamlega eða í lagalegum skilningi ófær um að veita samþykki sitt; eða
 - vinnslan er þáttur í lögmætri starfsemi stofnunar, samtaka eða annarra aðila sem starfa ekki í hagnaðarskyni og hafa stjórnálagaleg, heimspekileg, trúarleg eða stéttarfélagaleg markmið og veita viðeigandi tryggingar, að því tilskildu að vinnslan taki einungis til meðlima stofnunarinnar eða manna sem eiga stöðug samskipti við hana sem varða markmið hennar og upplýsingarnar séu ekki láttnar þriðja aðila í té án samþykkis hinna skráðu; eða
 - vinnslan tengist upplýsingum sem hinn skráði hefur skilmerkilega gert opinber eða er nauðsynleg til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur.
- Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef vinnsla upplýsinganna er nauðsynleg til að unnt sé að fyrirbyggja eða greina sjúkdóma, hjúkra eða veita meðferð eða stjórna heilsugæslu og ef upplýsingarnar eru unnar af starfsmanni á heilbrigðissviði sem fellur undir innlend lög eða reglur um þagnarskyldu, sem innlendir lögbærir aðilar hafa sett, eða af öðrum einstaklingi sem er einnig bundinn samsvarandi þagnarskyldu.
 - Með fyrirvara um setningu viðeigandi öryggisákvæða er aðildarríkjum heimilt, ef sýnt er fram á að brýnir almannahagsmunir krefjist þess, að mæla fyrir um undanþágur til viðbótar þeim sem mælt er fyrir um 2. mgr., annaðhvort í innlendum lögum eða með ákvörðun eftirlitsyfirvalds.
 - Vinnsla upplýsinga er varða lögbrot, refsídóma eða öryggisráðstafanir er því aðeins heimil að hún fari fram undir eftirliti opinbers yfirvalds eða ef sett eru viðeigandi sértæk öryggisákvæði í innlendum lögum, með fyrirvara um undanþágur sem aðildarríkinu er heimilt að veita samkvæmt innlendum ákvæðum þar sem sett eru viðeigandi sértæk öryggisákvæði. Þó er aðeins heimilt að færa heildarskrá yfir refsídóma undir eftirliti opinbers yfirvalds.
- Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að vinnsla upplýsinga um viðurlög eða dóma í einkaréttarmálum skuli einnig vera undir eftirliti opinbers yfirvalds.
- Undanþágur frá 1. mgr., sem kveðið er á um í 4. og 5. mgr., skulu tilkynntar framkvæmdastjórninni.
 - Aðildarríkin skulu ákvarða með hvaða skilyrðum vinnsla kennitalna eða annarra almennra auðkenna skuli vera leyfileg.

9. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga og tjáningarfrelsi

Aðildarríkin skulu því aðeins kveða á um undanþágur eða frávik frá ákvæðum þessa kafla, IV. kafla og VI. kafla vegna vinnslu persónuupplýsinga sem fer einungis fram vegna fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi, að það sé nauðsynlegt til að samræma réttinn til friðhelgi einkalífs og reglur um tjáningarfrelsi.

IV. ÞÁTTUR UPPLÝSINGAR SEM BER AÐ VEITA SKRÁÐUM AÐILA

10. gr.

Upplýsingar sem ber að veita við öflun upplýsinga hjá skráðum aðila

Aðildarríkin skulu kveða á um að ábyrgðaraðili eða fulltrúi hans skuli skýra skráðum aðila frá eftirfarandi atriðum, ef aflað er upplýsingum frá honum um hann sjálfan, nema hann hafi þegar fengið vitneskju um þau:

- heiti ábyrgðaraðila og fulltrúa hans, ef einhver er;
- markmiðum með vinnslu upplýsinganna;
- öllum viðbótarupplýsingum, svo sem:
 - viðtakendum eða flokkum viðtakenda upplýsinganna,
 - hvort skylt sé eða valfrjálst að svara spurningunum og hvaða afleiðingar það kunni að hafa að svara ekki,

– hvort veittur sé réttur til aðgangs og réttur hins skráða til að leiðrétta upplýsingar um sig, að því marki sem þessar viðbótarupplýsingar eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við söfnunina, til að tryggja hinum skráða að vinnslan fari fram á sanngjarnan hátt gagnvart honum.

11. gr.

Upplýsingar sem ber að veita þegar gögn hafa ekki verið fengin hjá skráðum aðila

- Hafi upplýsingar ekki verið fengnar hjá skráðum aðila skulu aðildarríkin kveða á um að ábyrgðaraðili eða fulltrúi hans skuli, þegar skráning persónuupplýsinga fer fram eða, ef fyrirhugað er að láta þær þriðja aðila í té, í síðasta lagi þegar upplýsingunum er í fyrsta sinn miðlað til þriðja aðila, skýra hinum skráða að minnsta kosti frá eftirfarandi atriðum, nema hann hafi þegar fengið vitneskju um þau:
 - heiti ábyrgðaraðila og fulltrúa hans, ef einhver er;
 - markmiðum með vinnslunni; L 281/42 IS Stjórnartíðindi EB 23. 11. 1995
 - öllum viðbótarupplýsingum, svo sem:
 - flokkum viðkomandi upplýsinga,
 - viðtakendum eða flokkum viðtakenda,
 - hvort veittur sé réttur til aðgangs og réttur hins skráða til að leiðrétta upplýsingar um sig, að því marki sem þessar viðbótarupplýsingar eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu persónuupplýsinganna, til að tryggja að vinnslan fari fram á þann hátt sem er sanngjarn gagnvart hinum skráða.
- Ákvæði 1. mgr. gilda ekki, einkum ef um er að ræða vinnslu í tölfræðilegum tilgangi eða vegna sagnfræðilegra eða vísindalegra rannsókna, ef ekki er unnt að veita hinum skráða upplýsingar eða að það kostaði óhóflega fyrirhöfn eða ef skýrt er mælt fyrir um skráningu eða miðlun upplýsinganna í lögum. Í þeim tilvikum skulu aðildarríkin setja viðeigandi öryggisákvæði.

V. ÞÁTTUR

RÉTTUR SKRÁÐS AÐILA TIL AÐGANGS AÐ UPPLÝSINGUM

12. gr.

Réttur til aðgangs

- Aðildarríkin skulu tryggja öllum skráðum aðilum rétt til að krefjast af ábyrgðaraðila:
- án nokkurra hafta, með eðlilegu millibili og án ástæðulausrar tafar eða kostnaðar:
 - staðfestingar á því hvort verið sé að vinna upplýsingar er varða hann og vitneskju í það minnsta um markmið vinnslunnar, flokka viðkomandi upplýsinga og viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,
 - tilkynningar á máli sem hann skilur um upplýsingar sem eru í vinnslu og alla fánlega vitneskju um hvaðan þær eru komnar,
 - vitneskju um fyrirkomulag rafrænnar vinnslu upplýsinga um sig, að minnsta kosti þegar um er að ræða ákvarðanir sem byggjast á rafrænni gagnavinnslu eins og um getur í 1. mgr. 15. gr.;
 - eftir því sem við á, leiðréttingar, afmáunar eða aðgangstakmarkana á upplýsingum ef vinnsla þeirra uppfyllir ekki ákvæði þessarar tilskipunar, einkum ef þær eru ófullkomnar eða óáreiðanlegar;
 - tilkynningar til þriðju aðila, sem hafa fengið upplýsingarnar, um allar leiðréttingar, afmáun eða aðgangstakmarkanir sem hafa farið fram í samræmi við b-lið, nema það sé ekki unnt eða kosti óhóflega fyrirhöfn.

VI. ÞÁTTUR
UNDANÞÁGUR OG TAKMARKANIR

13. gr.

Undanþágur og takmarkanir

- Aðildarríkjum er heimilt að samþykkja lagaákvæði til að takmarka gildissvið skyldna og réttinda sem kveðið er á um í 1. mgr. 6. gr., 10. gr., 1. mgr. 11. gr. og í 12. og 21. gr. ef slík takmörkun er nauðsynleg vegna:
 - þjóðaröryggis;
 - landvarna;
 - almannaöryggis;
 - forvarna, rannsókna, uppljóstrana og lögsóknar í refsímálum, eða vegna brota á siðareglum í lögvernduðum atvinnugreinum;
 - mikilvægra efnahagslegra eða fjármálalegra hagsmuna aðildarríkis eða Evrópusambandsins, þar með talin gjaldeyrismál, fjárlög og skattamál;
 - eftirlits-, skoðunar- eða reglusetningarstarfa sem tengjast, þótt aðeins sé endrum og eins, beitingu opinbers valds í þeim tilvikum sem um getur í c-, d- og e-lið;
 - verndar skráðs aðila eða mannréttinda og mannfrelsis annarra.
- Með fyrirvara um viðunandi öryggisákvæði í lögum, einkum til að upplýsingar séu ekki notaðar til að gera ráðstafanir eða taka ákvarðanir er varða ákveðinn einstakling, er aðildarríkjum heimilt, þegar ljóst er að ekki er hætt á að brotið verði á rétti hins skráða til friðhelgi einkalífs síns, að takmarka með lagaákvæði réttinn, sem kveðið er á um í 12. gr., ef upplýsingarnar eru einungis unnar vegna vísindarannsóknar eða aðeins geymdar í formi persónuupplýsinga í þann tíma sem þarf til hagskýrslugerðar.

VII. ÞÁTTUR

ANDMÆLARÉTTUR SKRÁÐS AÐILA

14. gr.

Andmælaréttur skráðs aðila

Aðildarríkin skulu veita skráðum aðila rétt til:

- að minnsta kosti í þeim tilvikum sem um getur í e- og f-lið 7. gr., að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lögmatar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna, nema kveðið sé á um annað í innlendum lögum. Ef andmælin eiga rétt á sér er ekki lengur heimilt að nota þessar upplýsingar í vinnslu þeirri sem ábyrgðaraðili stofnaði til,
- að andmæla, með beiðni og sér að kostnaðarlausu, vinnslu persónuupplýsinga um sig sem ábyrgðaraðili fyrirhugar vegna beinnar markaðssetningar, eða rétt til að honum sé skýrt frá því áður en persónuupplýsingarnar eru fyrst fengnar þriðja aðila eða notaðar fyrir þeirra hönd vegna beinnar markaðssetningar og að fá skýrt tilboð um að nýta rétt sinn til að andmæla slíkri miðlun eða notkun, sér að kostnaðarlausu.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skráðir aðilar hafi vitneskju um réttinn sem um getur í fyrsta undirlíð b-liðar.

15. gr.

Ákvarðanir er varða einstaklinga og byggjast á rafrænni gagnavinnslu

- Aðildarríkin skulu veita öllum aðilum rétt til að þurfa ekki að hlíta ákvörðunum sem hafa réttaráhrif er varða hann eða skipta verulegu máli fyrir hann og sem byggjast einungis á rafrænni gagnavinnslu í þeim tilgangi að meta ákveðna þætti er varða hagi hans, svo sem frammistöðu hans í starfi, lánshæfi, áreiðanleika, hegðun o.s.frv.
- Með fyrirvara um aðrar greinar þessarar tilskipunar skulu aðildarríkin kveða á um að unnt sé að skylda menn til að hlíta ákvörðun af þeim toga sem um getur í 1. mgr., ef ákvörðunin:

- a) er tekin við gerð eða framkvæmd samnings, að því tilskildu að ósk hins skráða um gerð eða framkvæmd samningsins hafi verið uppfyllt eða að til séu viðunandi ráðstafanir til að vernda lögmæta hagsmuni hans, svo sem fyrirkomulag sem gerir honum kleift að koma sjónarmiðum sínum á framfæri; eða
- b) er heimil samkvæmt lögum þar sem einnig eru ákvæði til verndar lögmætum hagsmunum hins skráða aðila.

VIII. ÞÁTTUR

TRÚNAÐUR OG ÖRYGGI VINNSLUNNAR

16. gr.

Trúnaður við vinnsluna

Hverjum þeim er starfar í umboði ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila, að vinnsluaðila sjálfum meðtöldum, og hefur aðgang að persónuupplýsingum er aðeins heimilt að vinna þær samkvæmt fyrirmælum ábyrgðaraðila, nema í tilvikum sem kveðið er á um í lögum.

17. gr.

Öryggi vinnslunnar

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að ábyrgðaraðili skuli gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn eyðileggingu af slysi eða ólöglegri eyðileggingu, gegn glötun eða breytingum af slysi, gegn óleyfilegri miðlun eða aðgangi, einkum ef vinnslan felur í sér sendingu upplýsinga um net, og gegn allri annarri ólöglegri vinnslu.
Þessar ráðstafanir skulu tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra.
2. Aðildarríkin skulu kveða á um að ábyrgðaraðili skuli, ef vinnsla fer fram fyrir hans hönd, velja vinnsluaðila sem veitir nægilegar tryggingar að því er varðar þær tæknilegu öryggis- og skipulagsráðstafanir sem gera skal, og sjá til þess að þessum ráðstöfunum sé hlítt.
3. Vinnsla, sem fer fram með hjálp vinnsluaðila, skal falla undir ákvæði samnings eða annarrar bindandi réttargjörðar milli vinnsluaðila og ábyrgðaraðila þar sem einkum er kveðið á um:
 - að vinnsluaðili skuli aðeins starfa samkvæmt fyrirmælum ábyrgðaraðila,
 - að skyldur samkvæmt 1. mgr., eins og þær eru skilgreindar í lögum aðildarríkisins þar sem vinnsluaðili hefur staðfestu, skuli einnig hvíla á vinnsluaðila.
4. Til að varðveita sönnunargögn skulu þeir hlutar samnings eða réttargjörðar, sem varða vernd upplýsinga, og þær kröfur, sem varða ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr., vera skriflegar eða á sambærilegu formi.

IX. ÞÁTTUR

TILKYNNINGAR

18. gr.

Tilkynningarskylda gagnvart eftirlitsfirvaldi

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að ábyrgðaraðili eða fulltrúi hans, ef einhver er, skuli tilkynna það eftirlitsfirvaldinu sem um getur í 28. gr. áður en hann.L 281/44 IS Stjórnartíðindi EB 23. 11. 1995 framkvæmir vinnsluadgerð sem er rafræn, í heild eða að hluta, eða röð slíkra aðgerða sem hafa sama markmið eða markmið sem eru tengd innbyrðis.
2. Aðildarríkjunum er aðeins heimilt að kveða á um einföldun á eða undanþágu frá tilkynningarskyldu í eftirfarandi tilvikum og með eftirfarandi skilyrðum:
 - þegar um er að ræða flokka vinnslu sem ólíklegt er, með hliðsjón af þeim upplýsingum sem vinna á, að fari í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila, ef tilgreind eru markmiðin með vinnslunni, hvaða upplýsingar eða flokka upplýsinga eigi að vinna, hvaða viðtakendur eða flokkar viðtakenda eigi að fá upplýsingarnar og hversu lengi upplýsingarnar skuli geymdar, og/eða

- þegar ábyrgðaraðili útnefni, í samræmi við innlend lög, gagnaverndarfulltrúa sem skal meðal annars sjá um:
 - að tryggja á sjálfstæðan hátt innri beitingu innlendra ákvæða sem sett eru á grundvelli þessarar tilskipunar,
 - að halda skrá yfir þær vinnsluadgerðir sem ábyrgðaraðili framkvæmir og taka til þeirra upplýsinga sem um getur í 2. mgr. 21. gr., og tryggja þannig að ólíklegt sé að vinnslan fari í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila.
3. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að 1. mgr. gildi ekki um vinnslu sem fer fram í þeim eina tilgangi að halda skrá er skuli, samkvæmt lögum og reglugerðum, veita almenningi upplýsingar og sem almenningur hefur aðgang að eða hver sá sem getur sýnt fram á að hann eigi lögmættra hagsmuna að gæta.
 4. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um undanþágu frá tilkynningarskyldu eða einföldun tilkynningar ef um er að ræða vinnslu samkvæmt d-lið 2. mgr. 8. gr.
 5. Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um að tiltekin eða öll vinnsla, sem er ekki með rafrænum hætti og tekur til persónuupplýsinga, skuli tilkynnt eða fyrirskipa einfalda tilkynningu um slíka vinnslu.

19. gr.

Efni tilkynninga

1. Aðildarríkin skulu tilgreina hvaða upplýsingar skuli gefa í tilkynningu. Þar skal að minnsta kosti koma fram:
 - a) heiti og heimilfang ábyrgðaraðila og fulltrúa hans, ef einhver er;
 - b) markmið vinnslunnar;
 - c) lýsing á flokki eða flokkum skráðra aðila og upplýsingum eða flokkum upplýsinga þeim viðvikjandi;
 - d) viðtakendur eða flokkar viðtakenda sem hugsanlegt er að upplýsingarnar verði láttnar í té;
 - e) tillögur um miðlun upplýsinga til þriðju landa;
 - f) almenn lýsing sem gerir það kleift að meta til bráðabirgða hvort ráðstafanir, sem teknar eru samkvæmt 17. gr. til að tryggja öryggi vinnslunnar, séu viðeigandi.
2. Aðildarríkin skulu tilgreina hvaða málsmeðferð skuli nota við tilkynningu til eftirlitsfirvaldsins um breytingar sem hafa áhrif á upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr.

20. gr.

Forathugun

1. Aðildarríkin skulu ákvarða hvers konar vinnsla gæti falið í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila og tryggja að vinnslan verði athuguð áður en hún hefst.
2. Eftirlitsfirvaldið gerir þessar forathuganir, eftir að því hefur borist tilkynning frá ábyrgðaraðila, eða gagnaverndarfulltrúa, sem skal ráðfæra sig við eftirlitsfirvaldið sé hann í vafa.
3. Aðildarríkjunum er einnig heimilt að gera slíkar athuganir í tilefni af undirbúningi að setningu laga á löggjafarþingi eða vegna ráðstöfunar sem grundvallast á slíkri lagasetningu, þar sem eðli vinnslunnar er skilgreint og mælt fyrir um viðeigandi öryggisákvæði.

21. gr.

Aðgangur almennings að upplýsingum um vinnsluna

1. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að tryggja að almenningur hafi aðgang að upplýsingum um vinnsluna.
2. Aðildarríkin skulu kveða á um að eftirlitsfirvaldið skuli halda skrá yfir þá vinnslu sem er tilkynnt í samræmi við 18. gr.

23. 11. 1995 IS Stjórnartíðindi EB L 281/45 Í skránni skulu að minnsta kosti vera upplýsingar samkvæmt a- til e-lið 1. mgr. 19. gr.

Öllum er heimilt að skoða skrána.

3. Ef um er að ræða vinnsluadgerðir sem eru ekki tilkynningarskyldar skulu aðildarríkin kveða á um að ábyrgðaraðila, eða öðrum aðila sem aðildarríkin útnefna, beri að minnsta kosti að veita hverjum þeim sem þess æskir aðgang að upplýsingunum sem um getur í a- til e-lið 1. mgr. 19. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að þetta ákvæði gildi ekki þegar um er að ræða vinnslu í þeim eina tilgangi að halda skrá sem er gerð í samræmi við lög eða reglugerðir í því skyni að veita almenningi upplýsingar og almenningur hefur aðgang að eða hver sá sem hefur lögmættra hagsmuna að gæta.

III. KAFLI

RÉTTARÚRRÆÐI, SKAÐABÓTAÁBYRGÐ OG VIÐURLÖG

22. gr.

Úrræði

Með fyrirvara um ákvæði, sem kunna að verða sett, um möguleika á stjórnslukæru, til dæmis til eftirlitsyfirlvaldsins sem um getur í 28. gr., áður en máli er skotið til dómsyfirlvalda, skulu aðildarríkin kveða á um rétt hvers og eins til réttarræða ef brotið er gegn réttindum sem honum eru tryggð í innlendum lögum sem taka til viðkomandi vinnslu.

23. gr.

Skadabótaábyrgð

Aðildarríkin skulu kveða á um að hver sá sem hefur orðið fyrir tjóni vegna ólöglegar vinnslu eða at-hafna, sem samrýmast ekki innlendum ákvæðum sem samþykkt eru á grundvelli þessarar tilskipunar, eigi rétt á skadabótum frá ábyrgðaraðila fyrir það tjón sem hann hefur orðið fyrir. 2. Heimilt er að undanþiggja ábyrgðaraðila þessari skadabótaábyrgð, í heild eða að hluta, ef hann sannar að hann eigi ekki sök á þeim atburði sem olli tjóninu.

24. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að þessi tilskipun komi að fullu til framkvæmda og skulu einkum mæla fyrir um viðurlög við brotum á ákvæðum sem samþykkt eru á grundvelli þessarar tilskipunar.

IV. KAFLI

MIÐLUN PERSÓNUUPPLÝSINGA TIL ÞRIÐJU LANDA

25. gr.

Meginreglur

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að miðlun til þriðju landa á persónuupplýsingum, sem eru í vinnslu eða eru ætluð til vinnslu að miðlun lokinni, skuli því aðeins heimil að viðkomandi þriðja land tryggi nægilega vernd og að því tilskildu að farið sé að innlendum ákvæðum sem samþykkt eru á grundvelli þessarar tilskipunar.

2. Meta skal hvort sú vernd, sem þriðja land veitir, sé nægileg með hliðsjón af öllum aðstæðum sem hafa áhrif á miðlunaradgerðina eða viðkomandi tegund miðlunaradgerða. Við matið skal einkum skoða eðli upplýsinganna, L 281/46 IS Stjórnartíðindi EB 23. 11. 1995 markmið og tímalengd fyrirhugaðrar vinnsluadgerðar eða -adgerða, upprunaland eða endanlegt viðtökuland, þær almennu eða sértæku lagareglur sem gilda í viðkomandi þriðja landi og reglur um góðar viðskiptavenjur og öryggisráðstafanir sem eru í gildi í landinu.

3. Telji aðildarríkin eða framkvæmdastjórnin að þriðja land tryggi ekki nægilega vernd í skilningi 2. mgr. skulu þau tilkynna það hvort öðru.

4. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu, við þá málsmæðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 31. gr., að þriðja land tryggi ekki nægilega vernd í skilningi 2. mgr. þessarar greinar skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra alla miðlun sams konar upplýsinga til viðkomandi þriðja lands.

5. Framkvæmdastjórnin hefur samningaviðræður þegar tími er til kominn í því skyni að ráða bót á því ástandi sem skipast vegna niðurstöðna samkvæmt 4. mgr.

6. Framkvæmdastjórnin getur komist að þeirri niðurstöðu, í samræmi við málsmæðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr., að þriðja land tryggi nægilega vernd í skilningi 2. mgr. þessarar greinar í krafti laga sinna eða alþjóðaskuldbindinga um vernd friðhelgi einkalífs og grundvallarfrelsis og -réttinda manna, þar með taldar skuldbindingar sem stofnað er til eftir samningaviðræðurnar sem um getur í 5. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

26. gr.

Undanþágur

1. Þrátt fyrir ákvæði 25. gr. og sé ekki mælt fyrir um annað í innlendum lögum, er varða einstök tilvik, skulu aðildarríkin kveða á um aðgerð eða tegund aðgerða er varða miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa, sem tryggir ekki næga vernd í skilningi 2. mgr. 25. gr., sé heimil:

- a) ef hinn skráði hefur gefið ótvírætt samþykki sitt fyrir fyrirhugaðri miðlun; eða
- b) ef miðlun er nauðsynleg vegna framkvæmdar samnings milli hins skráða og ábyrgðaraðila eða vegna ráðstafana sem gripið er til að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður; eða
- c) ef miðlun er nauðsynleg vegna gerðar eða framkvæmdar samnings, milli ábyrgðaraðila og þriðja aðila, sem gerður er í þágu hins skráða; eða
- d) ef miðlun er nauðsynleg eða fyrirskipuð samkvæmt lögum vegna þess að brýnir almanna-hagsmunir krefjast þess eða til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur; eða
- e) ef miðlun er nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða; eða
- f) ef miðlað er úr skrá sem ætlað er, samkvæmt lögum og reglugerðum, að veita almenningi upplýsingar og sem almenningur hefur aðgang að eða hver sá sem sannanlega hefur lögmættra hagsmuna að gæta, að því marki sem skilyrði í lögum um opinberan aðgang eru uppfyllt í hverju einstöku tilviki.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. er aðildarríki heimilt að leyfa aðgerð eða tegund aðgerða er varða miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa, sem tryggja ekki nægilega vernd í skilningi 2. mgr. 25. gr., ef ábyrgðaraðili veitir nægilegar tryggingar að því er varðar vernd á rétti til friðhelgi einkalífs og grundvallarréttindum og -frelsi manna og beitingu samsvarandi réttinda; þessar tryggingar geta einkum komið fram í viðeigandi samningsákvæðum.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um heimildir sem þau veita á grundvelli 2. mgr.

Andmæli aðildarríki eða framkvæmdastjórnin með fullnægjandi rökum er skírskota til verndar á rétti til friðhelgi einkalífs og á grundvallarréttindum og -frelsi manna, skal framkvæmdastjórnin gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 31. gr. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

4. Ákveði framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmæðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr., að tiltekin stöðluð samningsákvæði veiti nægilegar tryggingar samkvæmt 2. mgr. skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

V. KAFLI
SIÐAREGLUR

27. gr.

1. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu hvetja til þess að samdar verði siðareglur, sem eiga að stuðla að réttri framkvæmd innlendra ákvæða sem aðildarríkin samþykkja á grundvelli þessarar tilskipunar, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna á hinum ýmsu sviðum.
2. Aðildarríkin skulu setja ákvæði um að atvinnugreinasamtök og aðrir aðilar, sem eru fulltrúar annarra flokka ábyrgðaraðila, sem hafa samið drög að innlendum siðareglum eða hafa í hyggju að breyta gildandi innlendum siðareglum eða rýmka þær, skuli geta leitað álits á þeim hjá innlenda yfirvaldinu.

Aðildarríkin skulu kveða á um að þetta yfirvald gangi meðal annars úr skugga um hvort drögin, sem lögð eru fyrir það, séu í samræmi við innlend ákvæði sem samþykkt eru á grundvelli þessarar tilskipunar. Sjái yfirvaldið ástæðu til þess getur það óskað eftir umsögn skráðra aðila eða fulltrúa þeirra.

3. Heimilt er að leggja drög að siðareglum bandalagsins og breytingar eða rýmkun á gildandi siðareglum bandalagsins fyrir starfshópin sem um getur í 29. gr. Þessi starfshópur skal meðal annars ákvarða hvort drögin, sem lögð eru fyrir hann, eru í samræmi við innlend ákvæði sem samþykkt eru á grundvelli þessarar tilskipunar. Sjái yfirvaldið ástæðu til þess getur það óskað eftir umsögn skráðra aðila eða fulltrúa þeirra. Framkvæmdastjórnin getur séð til þess að siðareglurnar, sem starfshópurinn hefur samþykkt, verði birtar á viðeigandi hátt.

VI. KAFLI

EFTIRLITSYFIRVALD OG STARFSHÓPUR UM VERND EINSTAKLINGA
Í TENGLUM VIÐ VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA

28. gr.

Eftirlitsyfirvald

1. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að eitt eða fleiri opinber yfirvöld beri ábyrgð á eftirliti með beitingu ákvæða, sem aðildarríkin samþykkja á grundvelli þessarar tilskipunar, á yfirráðasvæði þess. Þessi yfirvöld skulu starfa alveg sjálfstætt að þeim verkum sem þeim eru fengin.
2. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að haft sé samráð við eftirlitsyfirvöld við samningu stjórnsýslulaga eða -reglugerða um vernd mannréttinda og mannfrelsis í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga.
3. Hvert yfirvald skal einkum:
 - hafa heimildir til rannsókna, svo sem heimildir til aðgangs að upplýsingum sem eru í vinnslu og heimildir til að afla allra upplýsinga sem því er þörf á við eftirlitsstörf sín,
 - hafa vald til að hlutast til um mál með skilvirkum hætti, til dæmis með því að leggja fram álit áður en vinnsluáðgerðir hefjast, í samræmi við 20. gr., og tryggja viðeigandi birtingu slíkra álitgerða, með því að fyrirskipa aðgangstakmarkanir að upplýsingum eða afmáun eða eyðileggingu þeirra, með tímabundnu eða varanlegu banni á vinnslu, með viðvörðun eða áminningu til ábyrgðaraðila eða með því að skjóta málinu til löggjafarþings eða annarra stjórn mála-stofnana,
 - hafa heimildir til að skjóta brotum á innlendum ákvæðum, sem samþykkt eru á grundvelli þessarar tilskipunar, til dómstóla eða vekja athygli dómsyfirvalda á þessum brotum.
4. Öllum aðilum, eða samtökum sem eru fulltrúar þeirra, er heimilt að leggja fram beiðni til eftirlitsyfirvalds um vernd réttinda þeirra og frelsis í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga. Tilkynna skal viðkomandi aðila um niðurstöður málsins.

Öllum aðilum er einkum heimilt að leggja fram beiðni til eftirlitsyfirvalda um athugun á lögmæti gagnavinnslu þegar innlend ákvæði, sem samþykkt eru á grundvelli 13. gr. þessarar tilskipunar, eiga við. Aðilunum skal í öllum tilvikum gert viðvart um að athugun hafi farið fram.

5. Hvert eftirlitsyfirvald skal semja skýrslu um starfsemi sína með reglulegu millibili. Skýrslan skal gerð opinber.
6. Hvert eftirlitsyfirvald er bært á yfirráðasvæði eigin aðildarríkis til að beita þeim heimildum sem því hafa verið fengnar í samræmi við 3. mgr., án tillits til þess hvaða lög gilda um viðkomandi vinnslu. Hvert yfirvald getur farið þess á leit við yfirvald annars aðildarríkis að það beiti heimildum sínum.

Eftirlitsyfirvöld skulu starfa saman að því marki sem er nauðsynlegt til að þau geti gegnt skyldu-störfum sínum, einkum með því að skiptast á öllum gagnlegum upplýsingum.

7. Aðildarríkin skulu kveða á um að aðilar að eftirlitsyfirvaldinu og starfsmenn þess skuli bundnir þagnarskyldu, einnig eftir að þeir hafa hætt störfum, um trúnaðarupplýsingar sem þeir hafa aðgang að.

29. gr.

Starfshópur um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga

1. Hér með er komið á fót starfshópi um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, hér á eftir kallaður „starfshópur“. Hann skal gegna ráðgjafarhlutverki og starfa sjálfstætt.
2. Starfshópurinn er skipaður fulltrúa þess eftirlitsyfirvalds eða eftirlitsyfirvalda sem tilnefnd eru af hverju aðildarríki og fulltrúa yfirvalds eða yfirvalda sem hefur verið komið á fót fyrir stofnanir og aðila bandalagsins, og fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar. Hver meðlimur starfshóps skal tilnefndur af þeirri stofnun, yfirvaldi eða yfirvöldum sem hann er fulltrúi fyrir. Hafi aðildarríki tilnefnt fleiri en eitt eftirlitsyfirvald skulu þau tilnefna sameiginlegan fulltrúa. Það sama skal gilda um yfirvöldin sem komið er á fót fyrir stofnanir og aðila bandalagsins.
3. Starfshópurinn skal taka ákvarðanir með einföldum meirihluta fulltrúa eftirlitsyfirvalda.
4. Starfshópurinn kys sér formann. Formaðurinn er kosinn til tveggja ára. Heimilt er að endurkjósa hann.
5. Framkvæmdastjórnin sér starfshópnum fyrir skrifstofuþjónustu.
6. Starfshópurinn setur sér starfsreglur.
7. Starfshópurinn fjallar um mál sem formaðurinn setur á dagskrá hans, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa eftirlitsyfirvalda eða framkvæmdastjórnarinnar.

30. gr.

1. Starfshópurinn skal:
 - a) fjalla um öll mál, sem taka til beitingar innlendra ákvæða sem samþykkt eru á grundvelli þessarar tilskipunar, í því skyni að stuðla að samræmdri beitingu þessara ákvæða;
 - b) skila álitum til framkvæmdastjórnarinnar um umfang verndar í bandalaginu og þriðju löndum;
 - c) vera ráðgefandi fyrir framkvæmdastjórnina um allar tillögur að breytingum á þessari tilskipun, um viðbótar- eða sérráðstafanir sem ber að gera til að standa vörð um mannréttindi og mannfrelsi í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um allar aðrar tillögur að bandalagsráðstöfunum sem hafa áhrif á þau réttindi og frelsi;
 - d) skila álitum um siðareglur sem samdar eru á vettvangi bandalagsins.
2. Komist starfshópurinn að þeirri niðurstöðu að munur sé á lögum og venjum aðildarríkjanna sem líklegt er að hafi áhrif á jafna vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga í bandalaginu skal hún tilkynna það framkvæmdastjórninni.
3. Starfshópur getur, að eigin frumkvæði, borið fram tilmæli í öllum málum er varða vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga í bandalaginu.
4. Álit og tilmæli starfshópsins skal senda áframtil framkvæmdastjórnarinnar og nefndarinnar sem um getur í 31. gr.
5. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna starfshópnum til hvaða aðgerða hafi verið gripið í framhaldi

af álitserð hans og tilmælum. Framkvæmdastjórnin semur í því tilefni skýrslu sem skal einnig send Evrópuþinginu og ráðinu. Skýrslan skal gerð opinber.

6. Starfshópurinn semur árlega skýrslu um ástand í málum er varða vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga í bandalaginu og í þriðju löndum og leggur hana fyrir framkvæmdastjórnina, Evrópuþingið og ráðið. Skýrslan skal gerð opinber.

VII. KAFLI

FRAMKVÆMDARÁÐSTAFANIR BANDALAGSINS

31. gr.

Nefndin

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku framkvæmdastjórnarinnar.
2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skilar álit sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er.

Álitið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans.

Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veða eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanirnar sem öðlast gildi þegar í stað. Séu þessar ráðstafanir hins vegar ekki í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin tilkynna ráðinu um þær án tafar. Ef svo ber undir:

- skal framkvæmdastjórnin fresta framkvæmd ráðstafananna, sem hún hefur tekið ákvörðun um, um þrjá mánuði frá dagsetningu tilkynningarinnar,
- ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í undirgreininni hér að framan.

LOKAÁKVÆÐI

32. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en þremur árum eftir að hún var samþykkt. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða fylgja þeim slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.
2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að vinnsla, sem var þegar hafin daginn sem innlend ákvæði, sem samþykkt eru á grundvelli þessarar tilskipunar, taka gildi, sé samræmd þessum ákvæðum innan þriggja ára frá þeim degi. Þrátt fyrir undirgreininna hér að framan geta aðildarríkin kveðið á um að vinnsla upplýsinga, sem eru þegar komnar í handunnið skráningarkerfi á gildistökuinnlendra ákvæða sem samþykkt eru til framkvæmdar þessari tilskipun, skuli samræmd við 6., 7. og 8. gr. þessarar tilskipunar innan 12 ára frá samþykki hennar. Aðildarríkin skulu þó veita hinum skráða rétt til að fá fram, að beiðni hans og einkum í tengslum við beitingu réttar hans til aðgangs, leiðréttingu, afmáun eða aðgangstakmörkun að upplýsingum sem eru ófullkomnar, óáreiðanlegar eða geymdar á einhvern þann hátt sem er ósamrýmanlegur þeim lögmætu markmiðum sem ábyrgðaraðili stefnir að.
3. Þrátt fyrir 2. mgr. er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um, með fyrirvara um viðeigandi öryggisákvæði, að ekki þurfi að samræma upplýsingar, sem eru aðeins geymdar. L 281/50 IS Stjórnartíðindi EB 23. 11. 1995 til sagnfræðilegra rannsóknna, við 6., 7. og 8. gr. þessarar tilskipunar.
4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

33. gr.

Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu með reglubundnu millibili fyrir ráðið og Evrópuþingið, í fyrsta sinn eigi síðar en þremur árum eftir daginn sem um getur í 1. mgr. 32. gr., um framkvæmd þessarar tilskipunar ásamt, ef þörf krefur, viðeigandi breytingartillögum. Skýrslan skal gerð opinber.

Framkvæmdastjórnin skal einkum skoða beitingu þessarar tilskipunar varðandi hljóð- og myndvinnslu upplýsinga um einstaklinga og leggja fram viðeigandi tillögur, ef þörf er á þeim, með hliðsjón af þróun í upplýsingatækni og í upplýsingaþjófúfélaginu.

34. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 24. október 1995.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

K. HÄNSCH

forseti.



Persónuvernd